skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fartölvur

Tískusýning 66°Norður
Haust- og vetrarlínan sýnd í New York.
allt 2

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fimmtudagur
20. janúar 2011
16. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

Dikta í Þýskalandi

Hljómsveitin Dikta ferðast nú um Þýskaland og endar ferðalagið á fótboltaleik í Portsmouth.

fólk 30

Fjölmiðlavaktin 30 ára

Verðmæti skapast í fjölmiðlum.

tímamót 20

Gefur allt sem hann á

Alexander Petersson hefur farið algjörlega á kostum með íslenska landsliðinu á HM.

sport 34

veðrið í dag



ÉLJAGANGUR um landið norðanvert en þó úrkomulítið norðaustanlands. Slydduél eða skúrir sunnan til. Strekkingsvindur eða allhvasst nokkuð víða.

VEÐUR 4

HARPA HJÚPUÐ Á NÝ Iðnaðarmenn eru teknir til við að festa nýtt stálvirki fyrir glerhjúp Ólafs Elíassonar á suðurhlið tónlistarhússins Hörpu. Stálvirkið var þegar komið upp en í ágúst síðastliðnum uppgötvuðust í honum alvarlegir gallar, sem gerðu það að verkum að hjúpurinn hefði ekki staðist mesta vindálag. Því þurfti að taka hann niður og selja í brotajárn. Tjónið, sem lenti að mestu á kínverskum verktaka, nam hundruðum milljóna króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Spara á 540 milljónir í skólum Reykjavíkur

Ný fjárhagsáætlun menntasviðs Reyjavíkur kveður á um 3,9 prósenta hagræðingu í rekstri grunnskóla borgarinnar. Skólastjórnendur vinna nú að áætlun um hvernig ná eigi tökum á hallarekstri skóla og mæta boðuðum niðurskurði.

MENNTUN Draga á saman um helming í starfsemi bókasafna grunnskóla Reykjavíkur og skera niður námsráðgjöf um tíu prósent, samkvæmt nýrri fjárhagsáætlun menntasviðs borgarinnar. Auk þess á að lækka viðbótarstjórnendakostnað um tíu prósent, sem og kostnað vegna matráða í mötuneytum, við ritara og umsjónarmenn húsnæðis.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins nemur heildarupphæð fyrirhugaðra hagræðingaraðgerða frá rúmum 540 milljónum til tæpra 570 milljóna króna, eða sem svarar 3,9 prósentum af heildarútgjöldum Reykjavíkurborgar vegna grunnskóla.

Fyrirhugaður niðurskurður var kynntur í skólaráðum grunnskólanna síðastliðinn fimmtudag. Fyrir dyrum standa síðan viðtöl menntasviðs við einstaka skólastjóra þar sem farið verður yfir hvernig þeir sjá fyrir sér að ná settum markmiðum. Endanleg útfærsla í einstökum skólum á svo að liggja fyrir hinn 15. næsta mánaðar.

Heimildir blaðsins herma að líklega þurfi að koma til uppsagna í einhverjum skólum, en umfang þeirra liggi ekki fyrir. Eigi að segja upp eða gera breytingar á starfshlutfalli almennra starfsmanna þurfi það hins vegar að gerast fyrir 1. febrúar. Ef segja þarf upp kennurum þarf það að gerast fyrir 1. maí.

Niðurskurðinum er skipt í þrennt, en endurskipulagning á skólastarfi á að skila yfir 100 milljóna króna sparnaði. Breytingar á innri leigu þar sem hætt yrði að nýta sem nemur 8.000 fermetrum af húsnæði eiga að skila nálægt 160 milljónum og margvíslegar hagræðingaraðgerðir sem skólastjórnendur eiga sjálfir að útfæra eiga að skila tæplega 300 milljónum.

Komi allur fyrirhugaður niðurskurður til framkvæmda er ljóst að áhrif á skólastarf verða umtalsverð. Sér í lagi gætir þar áhrifa í 9,4 prósenta samdrætti í úthlutuðum kennslustundum, en það er sá rammi sem skólanum er ætlað að starfa innan til að uppfylla kröfur um lögbundinn kennslustundafjölda og bjóða upp á sveigjanlegt skólastarf. Þessar breytingar eru sagðar koma afar misjafnlega niður á skólum eftir stærð. Vitað er um dæmi þar sem niðurskurður úthlutaðra kennslustunda þýðir niðurskurð sem svarar einni til einnar og hálfrar kennarastöðu.

- óká

Íbúar óttast Kötlugos:

Vilja flóttaleið undan stórflóði

ÖRYGGISMÁL Íbúar í Vestur-Landeyjum hafa sent þingmönnum kjördæmisins, innanríkisráðuneytinu, Vegagerðinni og Almannavörnum ákall um að tafarlaust verði tryggð flóttaleið undan væntanlegu hamfaraflóði vegna eldsumbrota í Kötlu.

Eina rýmingar- og flóttaleiðin frá bæjunum frá aðsteðjandi hættu liggur um langa leið á móti flóðöldunni sem er líkleg til að myndast við eldgosið, eins og fram kemur í bréfi þeirra.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, oddviti Rangárþings ytra, tekur undir óskir fólksins og segir úrlausn málsins aðkallandi. Það hafi lengi verið á dagskrá sveitarfélagsins.

Guðfinna vill ekki gera lítið úr mikilvægi samgöngubóta víða um land en segir að huga megi að því sem ekki kosti mikið, eins og þessi framkvæmd. „Þegar gaus í fyrra gerði fólk sér grein fyrir að það er alvara á ferðinni. Flóð frá Kötlu er jú margfalt stærra en það sem við upplifðum þá.“ - shá

Stolt fjölskylda á Selfossi:

Treyja Þóris yfir sjónvarpinu

FÓLK Selfoss er nánast á öðrum endanum vegna framgöngu Þóris Ólafssonar með „strákunum okkar“ á HM í Svíþjóð. Þórir hefur farið á kostum í undanförnum þremur leikjum, var meðal annars lykilmaður í endurkomunni gegn Austurríki á þriðjudagskvöldið. Faðir Þóris, Jón Ólafur Óskarsson, segist ekki geta farið út í búð eða í sund án þess að vera klappað á bakið og stráknum hrósað. „Það eru búin að vera mikil veislu-höld hérna og treyjan hans Þóris hangir fyrir ofan sjónvarpið.“

JÓN ÓLAFUR ÓSKARSSON

- fgg / sjá síðu 38



SPURNING DAGSINS

Árni, er sögu bæjarins þar með lokið?

„Ja, það yrði nú saga til næsta bæjar!"

Árni Múli Jónasson er bæjarstjóri á Akranesi. Í fyrradag tók hann við handriti að Sögu Akraness frá landnámi til nútímans. Verkið hefur verið meira en áratug í smíðum.

Virði Sjóvár rýrnað um tugi prósenta síðan ríkið lagði félaginu til tólf milljarða:

Meirihluti Sjóvár seldur Arion banka

VIÐSKIPTI Verðbréfasjóður á vegum Arion banka hefur keypt meirihluta í tryggingafélaginu Sjóvá af Seðlabanka Íslands.

Sjóðurinn kallast SF 1 og er rekinn af Stefni, verðbréfasjóði Arion banka. Kaupverðið fyrir 52,4 prósenta hlut í félaginu er tæpir 4,9 milljarðar króna, sem þýðir að félagið er metið á tæpa 9,4 milljarða.

Íslenska ríkið lagði Sjóvá til tólf milljarða um hálfu ári eftir bankahrun og síðan hefur Seðlabankinn farið með 73 prósenta eignarhlut í fyrirtækinu. Með hliðsjón af því hefur félagið rýrnað í verði um 43 prósent á þessum tíma og 52,4 prósenta hlutur orðinn sjö milljörðum verðminni.

Sjóvá hefur verið í söluferli í meira en ár. Litlu munaði að fjárfestahópur með Heiðar Má Guðjónsson í fararbroddi eignaðist félagið í haust en þær viðræður fóru út um þúfur.

Að því er segir í tilkynningu frá Seðlabankanum var það tilboð óhagstæðara en það sem nú hefur verið gengið að.

Eignasafn Seðlabankans mun halda eftir rúmlega tuttugu prósenta hlut í félaginu. - sh

SJÓVÁ Rúmur helmingur í félaginu kostaði tæpa fimm milljarða. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Rændi vörum á Selfossi:

Lögregla leitaði 15 ára ræningja

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi leitaði í gærkvöldi fimmtán ára gamals pilts sem talinn var hafa framið vopnað rán í verslun Samkaupa á sjötta tímanum.

Pilturinn kom í verslunina, sýndi afgreiðslustúlku hníf og heimtaði peninga. Stúlkan neitaði og greip hann þá með sér vörur og lét sig hverfa. Pilturinn þekktist á myndbandsupptökum.

Pilturinn fannst skömmu fyrir klukkan tíu á Eyrarbakka og sagðist þá hafa losað sig við hnífinn. - sh

Ásmundur Einar um ESB:

Sækja styrki eftir hjáleið

ALÞINGI „Það verður einfaldlega að taka þetta mál til gagngerrar endurskoðunar, sagði Ásmundur Einar Daðason, þingmaður VG, í umræðum um styrki frá Evrópusambandinu á Alþingi í gær.

Ásmundur sagðist hafa heyrt að stjórnvöld væru að búa sig undir að sækja um styrki frá Evrópusambandinu eftir hjáleiðum til að laga íslenskt stjórnkerfi að kerfi ESB meðan á aðildarviðræðum stendur. Það sé í andstöðu við það að Alþingi samþykkti að sækja um aðild að ESB en ekki að hefja aðlögunarviðræður við sambandið. - pg

LITLAUS Hákarlar hafa ekki mikla þörf fyrir augu sem greina liti, segja ástralskir vísindamenn. NORDICPHOTOS/AFP

Hákarlar virðast vera litblindir:

Ætti að forðast skærlituð föt

VÍSINDI Hákarlar virðast vera litblindir samkvæmt rannsókn ástralskra vísindamanna. Þeir vonast til þess að upplýsingarnar nýtist til að verjast árásum hákarla á sundfólk og til að forða hákörlum frá því að festast í netum.

Hákarlarnir skynja birtu en ekki liti, og þess vegna sjá þeir betur það sem er í skærum litum. „Kannski væri best að forðast flúorgular sundbuxur þegar fólk fær sér sundsprett," segir dr. Nathan Scott Hart, forsvarsmaður rannsóknarinnar. - bj

Segir það sérkennilegt að Gunnar gagnrýni

Eftir hrunið hafa pinnamatur og kjúklingaréttir leyst af hangikjöt í kvöldverði sem bæjarstjórn Kópavogs heldur sér í desember. Forseti bæjarstjórnar segir sérkennilegt að fyrrverandi bæjarstjóri geri athugasemdir um ráðstöfun fjármuna.

SVEITARSTJÓRNIR Hafsteinn Karlsson, forseti bæjarstjórnar Kópavogs, hafnar gagnrýni Gunnars I. Birgissonar, bæjarfulltrúa og fyrrverandi bæjarstjóra, vegna veislu sem bæjarfulltrúar og nokkrir yfirmenn hjá bænum ásamt mökum sátu fyrir jól.

„Það er kannski dálítið sérkennilegt að gera athugasemdir við svona eftir að hafa eytt gríðarlega þegar hann var við völd. Margt af því var ekki nauðsynlegt," segir Hafsteinn.

Veislan var í menningarmiðstöðinni Molanum hinn 21. desember – en ekki á Þorláksmessu eins og kom fram í fundargerð bæjarráðs og í Fréttablaðinu í gær.

Hafsteinn segir kvöldverðinn hafa verið haldinn í litlum sal eftir að bæjarstjórnin afgreiddi fjárhagsáætlun næsta árs. Ákveðið hafi verið að bæjarfulltrúar myndu greiða fimm þúsund krónur fyrir sig og einnig fyrir maka sem mættu. Kostnaðurinn á mann hafi verið 6.363 krónur á mann og bæjarsjóður greitt mismuninn.

Auk bæjarfulltrúanna voru fjórir starfsmenn í kvöldverðinum. Það voru bæjarlögmaður, fjármálastjóri, deildarstjóri menningarmála og deildarstjóri íþrótta- og tómstundamála og þrír makar þeirra. Bæjarsjóður greiddi allan veislukostnaðinn vegna þessa hóps.

Gunnar gagnrýndi að veislan skyldi haldin á sama tíma og jólagjafir til starfsmenn væru skornar niður. „Það er verið að segja upp fólki og við vildum heldur halda einu starfi en að gefa öllum einhverja jólagjöf," útskýrir Hafsteinn, sem hafnar því að komið hafi verið illa fram við aðra starfsmenn bæjarins en þá sem sátu veisluna í Molanum. Á flestum vinnustöðum geri menn sér dagamun í desember og stofnanirnar sjái um það sjálfar.

„Það var margt grand þegar Gunnar var bæjarstjóri og það kostaði sitt. Við erum kannski að borga brúsann fyrir það núna," segir Hafsteinn.

Forseti bæjarstjórnar upplýsir að áður hafi ofast verið hangikjöt á borðum í bæjarfulltrúaveislunni. „En í fyrra og hittiðfyrra ákváðum að hafa eitthvað ódýrara og vorum með létt hlaðborð með pinnamat og kjúklingarétti. Og í fyrra ákváðum við að borga fyrir þetta sjálfir bæjarfulltrúarnir og gerðum það eins núna. Þannig að bæjarfulltrúarnir hafa borgað sjálfir frá því Gunnar hætti sem bæjarstjóri."

gar@frettabladid.is

Toppar í jólaveislu en tölvuskeyti á óbreytta

Bæjarfulltrúum í Kópavogi og yfirmönnum var boðið ásamt mökum til kvöldverðar á Þorláksmessu. Aðrir bæjarstarfsmenn fengu ekki hefðbundna jólagjöf frá bænum heldur aðeins tölvuskeyti. Veislukostnaðurinn liggur enn ekki fyrir.

KÓPAVOGUR Kostnaður vegna veislu sem bæjarstjórn Kópavogs hélt á Þorláksmessu fæst ekki uppgefinn á bæjarskrifstofunum. Að sögn Örnu Schram upplýsingafulltrúa liggja þessar upplýsingar enn ekki fyrir.

Gunnar I. Birgisson, bæjarfulltrúi minnihluta Sjálfstæðisflokks og fyrrverandi bæjarstjóri, bað um sundurliðaðan kostnað vegna veislunnar á fundi bæjarráðs 6. janúar. Sagði hann um að ræða veislu sem bæjarstjórnin hefði haldið sjálfri sér í Molanum, menningarmiðstöð bæjarins fyrir ungt fólk.

„Mér fannst þetta óþarfi í ljósi þess að starfsmenn fengu ekki einu sinni jólakveðju frá bæjarstjórn og bæjarstjóra nema í gegn um tölvupóst," segir Gunnar. „Með minni fyrirspurn er ég bara að mótmæla þessu bulli. Þetta er bara algjörlega úr takti við tímann."

Hinn 7. janúar óskaði Fréttablaðið eftir upplýsingum frá Kópavogsbæ um veisluna. Meðal annars var spurt um reikninga og gestalista. Sem fyrr segir er engin svör að fá um málið á bæjarskrifstofum Kópavogs og Gunnari hefur heldur ekki verið svarað. Hann segir að gestir hafi verið bæjarfulltrúar og helstu yfirmenn og makar þeirra. Í ljósi efnahagsástandsins hafi hver veislugestur borgað 2.500 krónur upp í kostnaðinn.

„Menn geta ímyndað sér að veisla sem stendur frá klukkan sjö til eitt um nótt kostar nú örugglega meira en það," bendir Gunnar á og ítrekar að þegar vel árar sé ekkert að því að launa framlag bæjarfulltrúa og maka þeirra sem mikið mæði á.

Gunnar segir að á árunum 1990 til 1996 hafi hver bæjarfulltrúi komið með sitt eigið vín ef haldin var veisla. Þegar hann var bæjarstjóri árið 2008 hafi hann boðið bæjarfulltrúunum í mat og drykk eftir gerð fjárhagsáætlunar.

„Svo snöpuðum við nú hvítvín sem við áttum þarna en ég keypti rauðvínið í veisluna. Það gerði ég úr eigin vasa því það hefur alltaf farið mikið í taugarnar á mér að drekka á kostnað skattborgaranna. Menn geta borgað það sjálfir og sérstaklega þegar herðir að," undirstrikar Gunnar, sem ekki mætti í veisluna á Þorláksmessu:

„Þegar við erum að skera allt niður þá passar þetta ekki gagnvart starfsfólkinu okkar. Það hefur alltaf fengið jólakort og litla gjöf til að sýna því þakklæti fyrir vel unnin störf. En þetta var haldið í staðinn. Ég bara mæti ekki í svona rugl."

GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR GUÐRÚN

BLOKKIRNAR VIÐ HRINGBRAUT Í annarri blokkinni er Björnsbakarí meðal annars til húsa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tímamótaverk í byggingarlist:

Fyrstu blokkirnar friðaðar

MENNING Mennta- og menningarmálaráðherra hefur friðað fjölbýlishús við Hringbraut 35 til 41 og 43 til 49 í Reykjavík að tillögu Húsafriðunarnefndar.

Húsin voru teiknuð af Einari Sveinssyni og Ágústi Pálssyni á árin 1942 til 1944 og teljast fyrstu íbúðarblokkir í Reykjavík, að því er segir í frétt Húsafriðunarnefndar. Með þeim kom fram nýtt byggingarlag, með lágreistu valmaþaki og steyptum þakrennum. Meðal annars vegna þess telur nefndin húsin vera tímamótaverk og mjög mikilvæg í byggingarlistasögu Íslands. - sh

Grunaður um innbrot:

17 ára piltur í einangrun

LÖGREGLUMÁL Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhaldsúrskurð yfir sautján ára pilti sem er grunaður um innbrot og þjófnað á töluverðum verðmætum í Reykjavík. Hann var handtekinn síðustu helgi og daginn eftir úrskurðaður í varðhald til föstudags.

Óheimilt er að úrskurða ungmenni undir átján ára aldri í gæsluvarðhald nema sérstaklega standi á. Í gæsluvarðhaldsúrskurðinum yfir piltinum segir að það sé mat lögreglu að engin önnur úrræði komi til greina eins og rannsóknarhagsmunum sé háttað. Veruleg hætta sé á að pilturinn torveldi rannsókn málsins gangi hann laus. - sh

Börn og unglingar hafa mikinn áhuga á að leika í Galdrakarlinum í Oz:

Um 4.000 mættu í áheyrnarprufur

MENNING Um fjögur þúsund börn og unglingar mættu í Borgarleikhúsið í gær til að skrá sig í áheyrnarprufur fyrir væntanlega uppsetningu á söngleiknum Galdrakarlinum í Oz.

Leitað var að krökkum í tuttugu til þrjátíu aukahlutverk, til dæmis apa, barna og smáfólks sem aðalpersónan Dórótea kemst í kynni við á ferðalagi sínu um undraveröldina Oz.

Í tilkynningu frá Borgarleikhúsinu segir að á næstu þremur vikum muni allir sem skráðu sig fá tækifæri til að láta ljós sitt skína á sviði leikhússins undir handleiðslu leikara. Valið verður úr hópnum í lok mars.

Leikstjóri verksins er Bergur Þór Ingólfsson og með hlutverk Dóróteu fer leikkonan Lára Jóhanna Jónsdóttir. - sh

VANDLEGA SKRÁSETT Þeir sem mættu voru mældir og myndaðir í bak og fyrir. Tuttugu til þrjátíu heppnir hljóta hlutverk að lokum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÚTSÖLU LÝKUR

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

89.900,-
106.900,-

Kælir/frystir
Amica, FK322
BPX stál, 185 cm
1808316

RAFTÆKI ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

OFN OG HELLUBORÐ

86.900,-
129.900,-

Ofn og helluborð
Amica, stál.
1850496

LJÓS ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

Blöndunar-tæki allt að 35% AFSLÁTTUR

Rafmagns verkfæri allt að 25% AFSLÁTTUR

55.920,-
69.900,-

Öll Líkams-ræktartæki 20% AFSLÁTTUR

Líkamsræktartæki
Göngubretti JDB-1300
0-12KM, 5 æfingakerfi
3899532

Búsáhöld 20-70% AFSLÁTTUR

Öll Innimálning 20% AFSLÁTTUR

Útivistar fatnaður allt að 50% AFSLÁTTUR

Dömuúlpa
XS-XXL
5869863

5.990,-
9.990,-

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Afsláttur á útsölu gildir ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" enda höfum við þegar lækkað þær vörur í lægsta verð sem við getum boðið á viðkomandi vöru.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

GENGIÐ 19.01.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	116,81	117,37
Sterlingspund	186,67	187,57
Evra	157,28	158,16
Dönsk króna	21,106	21,230
Norsk króna	20,093	20,211
Sænsk króna	17,618	17,722
Japanskt jen	1,4191	1,4275
SDR	181,44	182,52

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
213,7642

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Framtakssjóðurinn ekki aðili að viðræðum um sölu Icelandic Group þar sem selja á eignir undan félaginu:

Ráðherra óskar upplýsinga um Vestiu

ALÞINGI Fjármálaráðherra sendi Bankasýslu ríkisins bréf í gærmorgun og óskaði eftir öllum þeim upplýsingum sem unnt væri að veita um aðdraganda að sölu Landsbankans á eignarhaldsfélaginu Vestiu til Framtakssjóðs Íslands.

Guðlaugur Þór Þórðarson spurði ráðherrann um málið á Alþingi í gær, meðal annars hvort til stæði að upplýsa um söluverð þeirra fyrirtækja sem seld voru yfir til Framtakssjóðsins frá Landsbankanum. Það væri grundvallaratriði.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kvaðst ekki kannast við að nokkru hefði verið leynt í málinu. Fram hefði komið í skriflegu svari til þingmannsins að heildarverðið hefði verið um 15,5 milljarðar, Landsbankinn héldi eftir 19 prósenta hlut í Icelandic Group og eignaðist 25 prósent í Framtakssjóðnum. Þá hefði hlutafé Icelandis verið metið á 13,9 milljarða og samanlagt verðmæti annarra fyrirtækja innan Vestiu á 4,25 milljarða.

Steingrímur nefndi einnig að í viðræðum við fjárfestingarsjóðinn Tríton væri Framtakssjóðurinn í raun ekki samningsaðili, heldur fyrirtækið Icelandic Group, enda snerust viðræðurnar um sölu á erlendum eignum út úr félaginu.

Lilja Mósesdóttir og Magnús Orri Schram, formaður og varaformaður viðskiptanefndar, voru bæði gagnrýnin á söluferlið, sögðu það ekki yfir vafa hafið og að mögulegir kaupendur væru ekki jafnsettir.

Lilja sagði að nefndin hefði í síðustu viku beðið Landsbankann um eignamat einstakra hluta Vestia þegar þeir voru færðir í Framtakssjóðinn. „Þær upplýsingar fengust ekki," sagði Lilja og bætti við að hún ætlaðist til að Bankasýslan útvegaði nefndinni upplýsingarnar. - sh

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON Sagði auðvelt að gera hlutina tortryggilega en ekki mætti ala á tortryggninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JEAN-CLAUDE DUVALIER Kom óvænt til Haítí á sunnudag. NORDICPHOTOS/AFP

Duvalier yfirheyrður:

Virðist engan stuðning hafa

HAÍTÍ, AP Jean-Claude Duvalier, fyrrverandi einræðisherra á Haítí, virðist ekki njóta mikillar hylli meðal íbúa landsins. Fundir til stuðnings honum hafa verið fámennir.

Duvalier var yfirheyrður í gær klukkustundum saman, en fékk að því búnu að fara aftur á hótelherbergi sitt í lögreglufylgd. Vegabréf var tekið af honum.

Duvalier kom óvænt til Haítí á sunnudag frá Frakklandi, þar sem hann býr í útlegð. Óljóst er hver tilgangur heimsóknarinnar er. - gb

UTANRÍKISMÁL

Sendiherra prófessor á ný

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir lætur að eigin ósk af störfum sendiherra í Ósló 1. febrúar. Hún fer í launalaust leyfi og hverfur til starfa sem prófessor við Háskóla Íslands. Gunnar Pálsson, fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, tekur við sem sendiherra í Ósló. Við stöðu Gunnars tekur Gréta Gunnarsdóttir, sviðsstjóri alþjóða- og öryggismálasviðs utanríkisráðuneytisins.

LEIÐRÉTTING

Rangur fyrirvari var settur við upplýsingar um vexti MP banka í Markaðinum í gær. Ranglega var sagt að MP sparnaður væri reikningur sem bundinn væri í einn mánuð. Hið rétta er að reikningurinn er óbundinn.

Framkvæmdaféð 240 milljónir á ári hverju

Iðnaðarráðherra mælti fyrir frumvarpi um stofnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða í gær. Frumvarpinu er vel tekið af fulltrúum allra flokka. Fyrirkomulag gjaldheimtu er þó gagnrýnt og að féð renni að hluta í ríkissjóð.

UMHVERFISMÁL Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra mælti fyrir frumvarpi um stofnun Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða í gær. Verði frumvarpið að lögum er áætlað að sjóðurinn hafi úr 240 milljónum króna að spila á hverju ári til að byggja upp, halda við og vernda ferðamannastaði auk þess að taka á öryggismálum.

Umhverfisstofnun birti svarta skýrslu um ástand friðlýstra svæða í nóvember, sem hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu og þeir sem koma að umhverfisvernd töldu lokaviðvörun til stjórnvalda um verndun helstu náttúrugersema þjóðarinnar. Í skýrslunni kom fram að helstu náttúruperlur þjóðarinnar væru að tapa gildi sínu vegna álags, en aðstaða til að taka á móti fólki er víða í engu samræmi við gestakomur.

KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR

Stofnun Framkvæmdasjóðsins er svar stjórnvalda við þessum vanda og helst í hendur við frumvarp fjármálaráðherra um innheimtu á nýju farþega- og gistináttagjaldi. Áætlað er að það gefi um 400 milljónir á ári í tekjur. Gjaldið mun standa undir framlögum til Framkvæmdasjóðsins, eða sem nemur 60 prósentum af þeim tekjum sem það kann að afla. Þjóðgarðar og friðlýst svæði munu fá 40 prósent, eða 160 milljónir, sem ráðstafað verður úr ríkissjóði. Helsta gagnrýnin sem beinst hefur að stofnun sjóðsins hefur komið frá Samtökum ferðaþjónustunnar, sem setja spurningarmerki við fyrirkomulag gjaldheimtunnar. Frumvarp fjármálaráðherra gerir ráð fyrir því að gjöldin verði innheimt frá þeim sem selja gistingu og farþegaflutninga.

GULLFOSS Fossinn er gott dæmi um náttúruperlu sem þarf að vernda gegn sívaxandi átroðningi ferðamanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þór Saari, þingmaður Hreyfingarinnar, sagði á Alþingi í gær að hann hefði efasemdir um að sjóðurinn yrði vistaður hjá Ferðamálastofu. Hann gagnrýndi jafnframt að 40 prósent nýrra gjalda rynnu í ríkissjóð en ekki beint til Framkvæmdasjóðsins.

Ráðherra svaraði því til að fast hefði verið sótt að þessi hluti rynni beint í uppbyggingu þjóðgarða og friðlýstra svæða. Hún fullvissaði Þór um að þessar 160 milljónir myndu ekki „hverfa í hítina" heldur verða nýttar beint til verkefnisins.

Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lýsti áhyggjum sínum af því að fyrirkomulag innheimtunnar myndi leggja nýjan skatt á Íslendinga. Gjaldið væri innheimt af seldri gistingu og farmiðum sem innlendir ferðamenn keyptu engu síður en gestir sem hingað kæmu. Jón telur hugsanlegt að betur færi á því að fjölsóttustu ferðamannastaðir önnuðust innheimtu gjaldsins.

svavar@frettabladid.is

Atvinnuleysi á 4. ársfjórðungi:

Að meðaltali 13.200 án vinnu

VINNUMARKAÐUR Að meðaltali voru 13.200 manns án atvinnu á síðustu þremur mánuðum síðasta árs. Þetta jafngildir um 7,4 prósenta atvinnuleysi.

Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands. Þar kemur ennfremur fram að þetta er aukning um 1.200 manns frá sama tímabili árið áður.

Atvinnuleysið mældist 8,4 prósent hjá körlum en 6,3 prósent hjá konum á fjórða ársfjórðungi ársins 2010.

Atvinnuleysið var mest hjá ungu fólki, 15,4 prósent fólks á aldrinum 16 til 24 ára voru án atvinnu, en 6,6 prósent fólks á aldursbilinu 25 til 54 ára. Hjá fólki 55 til 74 ára var atvinnuleysið 3,8 prósent. - bj

Norðlenskt kúabú sektað:

Vanrækti átta vikna útiveru

LANDBÚNAÐUR Norðlenskt kúabú hefur verið sektað um 50 þúsund krónur fyrir að vanrækja að tryggja mjólkurkúnum lögbundna átta vikna útiveru yfir árið. Forsvarsmenn búsins hafa játað á sig brotið og greitt sektina.

Matvælastofnun Íslands kærði níu kúabú víðs vegar um landið fyrir brot á reglum um nautgripahald og lög um dýravernd, er fram kemur á Vísi.is. Rannsókn á sex þeirra stendur enn yfir.

Stofnunin fór af stað með átaksverkefni um útivist mjólkurkúa vorið 2009 eftir að hafa fengið ábendingar um að átján bú hleyptu kúnum ekki út á sumrin eins og lög gera ráð fyrir. - sv

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

SUÐVESTAN Vindur verður af suðvestri næstu dagana og verður hann talsvert stífur í dag en svo dregur smám saman úr vindi. Suðvestanáttinni fylgir úrkoma, aðallega um landið sunnan- og vestanvert, en norðaustanlands verður úrkomulítið.



Á MORGUN Strekkingur V-lands og með S-strönd, annars hægari.

LAUGARUDAGUR Strekkingur með ströndum sums staðar, annars hægari.

HEIMURINN

Alicante	15°
Basel	5°
Berlín	1°
Billund	1°
Frankfurt	2°
Friedrichshafen	-2°
Gautaborg	1°
Kaupmannahöfn	1°
Las Palmas	20°
London	6°
Mallorca	13°
New York	-1°
Orlando	25°
Ósló	-5°
París	4°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	-2°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
eterna
Van Gils
gardeur®
HUGO
HUGO BOSS
CANALI
PAL ZILERI
POLO RALPH LAUREN
FINUCCI
collezione
bugatti
MABRUN
LLOYD
BELLINI
collezione
OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17
Herra
lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun
af merkjavöru
40%-
60%
afsláttur
af öllum vörum
SÍMI 568 9512 SUÐURLANDSBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)

KJÖRKASSINN



Telur þú Ísland standa framarlega í umhverfismálum á heimsvísu?

Já 43%

Nei 57%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Fylgist þú með réttarhöldunum yfir nímenningunum sem sakaðir eru um árás á Alþingi?

Segðu skoðun þína á Visir.is.

Stjórnarþingmenn ítreka vilja til að breyta fiskveiðistjórnun í tilefni af gjaldþroti Eyrarodda:

Ólína segir kerfið vera að kyrkja byggðirnar

ALÞINGI „Það má ekki dragast lengur að koma á gagngerum breytingum á fiskveiðistjórn okkar, kerfið er að kyrkja byggðirnar," sagði Ólína Þorvarðardóttir, Samfylkingu, á Alþingi í gær.

Tilefnið var gjaldþrot Eyrarodda, stærsta fyrirtækisins við Flateyri við Önundarfjörð.

„Þetta er enn eitt áfallið fyrir fyrrum blómlegt sjávarpláss," sagði Ólína en Eyraroddi var settur á stofn til að gera út með leigukvóta eftir að eigandi fyrirtækis sem áður var burðarás í atvinnulífi staðarins seldi 90% aflaheimilda staðarins og fluttist á brott.

Ólína sagði að þarna birtust í hnotskurn afleiðingar kvótakerfisins, það væri lokað nýliðum og kvótalaus fyrirtæki eins og Eyraroddi visnuðu upp. „Hér hefðu frjálsar handfæraveiðar hjálpað upp á sakirnar og þar er ég að tala um alfrjálsar handfæraveiðar smábáta," sagði Ólína. Flateyri væri nálægt gjöfulum fiskimiðum sem íbúar fengju ekki að bjarga sér sjálfir og nýta.

Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra og Lilja Rafney Magnúsdóttir, VG, tóku undir með Ólínu. Jón sagði að Flateyri hefði eitt byggðarlaga fengið hámarksúthlutun byggðarkvóta. Önnur fyrirtæki en Eyraroddi gætu nýtt sér það.

Lilja sagði að íbúar Flateyrar hefðu byggt upp fiskvinnslufyrirtækin og sjávarútveginn. Þeir ættu fullan rétt á að hafa atvinnu áfram og búa við öryggi. - pg

FLATEYRI Yfir fjörutíu manns hafa misst vinnuna við gjaldþrot Eyrarodda, stærsta fyrirtækisins á staðnum.

Rætt um Gæsluna á Alþingi:

Könnun á hagkvæmni flutnings ekki hafin

ALÞINGI Könnun á hagkvæmni þess að flytja Landhelgisgæsluna til Suðurnesja er ekki hafin þótt niðurstöður eigi að liggja fyrir hinn 1. febrúar, staðhæfði Ragnheiður Elín Árnadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, á Alþingi í gær.

Ríkisstjórnin fól Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra verkefnið á fundi í Reykjanesbæ í nóvember. Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar, skoraði á ráðherrann, að ljúka verkinu fyrir 1. nóvember svo að málið gæti fengið framgang. „Það þarf ekki að taka langan tíma," sagði Björgvin. - pg

Rannsóknarnefnd kirkjunnar:

Formaður segir starf á áætlun

ÞJÓÐKIRKJAN Róbert R. Spanó, formaður rannsóknarnefndar sem rannsaka á viðbrögð og starfshætti þjóðkirkjunnar í kjölfar ásakana á hendur Ólafi Skúlasyni biskupi, segir starf nefndarinnar vera á áætlun.

RÓBERT SPANÓ

Nefndin hefur aflað gagna um málið. Tekin hafa verið viðtöl við þá aðila sem eiga í hlut og starfsmenn kirkjunnar og þá tekur við skýrslugerð og frágangur. Ekki er ljóst hvenær vinnu nefndarinnar lýkur.

Nefndin er skipuð þeim Róbert R. Spanó, Berglindi Guðmundsdóttur og Þorgeiri Inga Njálssyni. - sv

Telur of erfitt að segja upp ríkisstarfsmönnum

Breyta ætti lögum til að auðvelda uppsögn starfsmanna ríkisins að mati Ríkisendurskoðunar. Stjórnsýslulög veita næga vernd. Aðeins sautján ríkisstarfsmenn af 24 þúsund fengu áminningu á sex ára tímabili.

STJÓRNSÝSLA Full ástæða er til að breyta lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna til að auðvelda forstöðumönnum ríkisstofnana að segja upp starfsmönnum, að mati Ríkisendurskoðunar.

Í nýrri skýrslu stofnunarinnar kemur fram að það ferli sem þarf að eiga sér stað áður en til uppsagnar ríkisstarfsmanns kemur sé þunglamalegt og tímafrekt. Kerfið leiði til þess að starfsmenn sem hafi brotið af sér í starfi eða séu ekki hæfir til að gegna starfi sínu fái ríkari vernd en til sé ætlast.

Áður en ríkisstarfsmanni er sagt upp þarf að áminna hann fyrir brot í starfi og gefa honum kost á að bæta ráð sitt. Brjóti hann af sér með svipuðum hætti innan eðlilegra tímamarka, gjarnan 12 til 24 mánaða, er hægt að segja honum upp.

Á árunum 2004 til 2009 fengu aðeins sautján ríkisstarfsmenn áminningu, þar af þrír forstöðumenn. Á þeim tíma voru um 24 þúsund ríkisstarfsmenn við störf, samkvæmt því sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Að mati Ríkisendurskoðunar þarf að endurskoða ákvæði um skyldu forstöðumanna til að áminna starfsmenn og gefa þeim kost á að bæta ráð sitt áður en til uppsagnar kemur.

Þau rök sem færð hafa verið fyrir því að önnur lögmál gildi um uppsagnir ríkisstarfsmanna og starfsmanna á almennum vinnumarkaði eru þau að verja þurfi ríkisstarfsmennina fyrir pólitískum afskiptum.

Þessi rök telur Ríkisendurskoðun ekki eiga við lengur þar sem önnur lög verndi ríkisstarfsmennina, svo sem stjórnsýslulög. Þess sé krafist að ákvarðanir séu rökstuddar og málefnalegar, og með því hafi umboðsmaður Alþingis eftirlit. Þá bendir Ríkisendurskoðun á að rök um pólitísk afskipti eigi vart við um stóra hópa, svo sem heilbrigðisstarfsmenn og kennara.

Geir H. Haarde, þáverandi fjármálaráðherra, lagði fram frumvarp árið 2004 þar sem breyta átti lögum til að auðvelda uppsögn ríkisstarfsmanna. Frumvarpið mætti andstöðu stéttarfélaga ríkisstarfsmanna og dagaði uppi óafgreitt á þinginu.

Ríkisendurskoðun gagnrýnir að ekki séu nein ákvæði um gerð starfslokasamninga við ríkisstarfsmenn í lögum. Þrátt fyrir að svo sé hafa um sautján prósent forstöðumanna gert slíkan samning, til dæmis um að starfsmaður þurfi ekki að vinna uppsagnarfrestinn.

Ríkisendurskoðun hvetur til þess að heimilað verði að gera slíka samninga að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Það sé engum til hagsbóta að til dæmis starfsmaður sem ekki standi sig í starfi sé látinn vinna uppsagnarfrestinn.

brjann@frettabladid.is

STARFSMENN RÍKISINS Hægt er að flokka starfsmenn ríkisins í annars vegar embættismenn á borð við dómara, lögreglumenn og presta og hins vegar almenna starfsmenn, til dæmis kennara og starfsmenn heilbrigðisstofnana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Forstöðumenn hafa næg úrræði

HELGA JÓNSDÓTTIR

Forstöðumenn ríkisstofnana hafa þegar yfir nægum úrræðum að ráða til að gera stofnanir sínar skilvirkari, segir Helga Jónsdóttir, framkvæmdastjóri BSRB. Hún segir ekki ástæðu til að fella ákvæði um áminningar úr lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

„Við teljum að kerfið sé í lagi, því er bara ekki beitt," segir Helga. Hún vísar til þess að aðeins um helmingur forstöðumanna ríkisstofnana láti fara fram reglulegt mat á frammistöðu starfsmanna. Þar megi vinna úr málum án þess að til áminningar komi og auka skilvirkni stofnananna.

MÍMIR
pollagalli
Verð: 11.500 kr.
Stærðir: 86-116
100% PU nælon

Léttur og lipur flísfóðraður pollagalli fyrir börn.
Endurskin að framan og aftan.
Hægt er að smella hettunni af.

DUNLOP
fóðruð stígvél
Verð: 6.800 kr.
(Stærð: 22-28)
Verð: 7.800 kr.
(Stærð: 29-37)
PU efni

Fóðruð og heilsteypt stígvél með grófum sóla.
Létt og hlý. Þola -20°C.

KEEN
barna kuldaskór
Verð: 16.800 kr.
(Stærðir: 25- 38)

Góðir vatnsheldir barna kuldaskór með snjóvörn.
Leður neðst á skóm, gott grip í sóla og távörn.

Ertu búin að setja þér markmið í ræktinni?

Leyfðu Clarins að hjálpa þér.

Kynningarverð og gjöf til þín dagana 19.-26. janúar á HD Body lift (4.799 kr) og Moisture Rich Body lotion (4.639 kr). 30ml af HD Body lift fylgir ef önnur hvor varan er keypt.

Stæltari líkami og mýkri húð með sérvöldum jurtum náttúrunnar frá Clarins.



CLARINS

HAGKAUP
Ein fers betra vers

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hversu mikið þarf að hagræða í rekstri menntasviðs Reykjavíkurborgar á þessu ári?*

2 *Hvaða þýska lið hefur landsliðsmaðurinn Alexander Petersson nýlega samið við?*

3 *Í hvaða borg mun hljómsveitin Dikta leika í kvöld?*

SVÖR

1 540-570 milljónir 2 Rhein-Neckar Löwen 3 London.

Hu Jintao fær góðar móttökur hjá Barack Obama í Washington:

Reyna að styrkja sambandið

BANDARÍKIN, AP Hu Jintao, forseti Kína, snæddi kvöldverð með Barack Obama Bandaríkjaforseta í Hvíta húsinu á þriðjudagskvöld. Þeir ræddu síðan betur saman í gærmorgun og héldu blaðamannafund á eftir. Þar fengu tveir bandarískir fréttamenn og tveir kínverskir að bera fram eina spurningu hver. Loks snæddu þeir aftur kvöldverð í gær.

Obama sagði vonir standa til að heimsóknin yrði til þess að styrkja tengsl ríkjanna, en lagði jafnframt áherslu á mikilvægi mannréttinda. Á ýmsu hefur gengið í samskiptum Kína og Bandaríkjanna þau tvö ár sem Obama hefur verið við völd. Margir Bandaríkjamenn kenna Kínverjum að hluta um atvinnuleysið sem Bandaríkin búa við núna. Þá hafa Kínverjar ekki tekið undir óskir Bandaríkjastjórnar um þátttöku í aðgerðum gegn hlýnun jarðar, né heldur hafa þeir orðið við óskum Bandaríkjamanna um að halda aftur af Norður-Kóreu.

Bandaríkin hafa fyrir sitt leyti farið í taugarnar á Kínverjum fyrir að hafa selt vopn til Taívans og tekið á móti Dalaí Lama í Hvíta húsinu. Nú á að styrkja sambandið, meðal annars með samstarfi í kjarnorkumálum. - gb

ÓSÁTT Fyrir utan Hvíta húsið í Washington beið hópur fólks með mótmælaborða og krafðist frelsunar Tíbets. NORDOCSPHOTOS/AFP

Árásarmaður fyrir rétt:

Ætlaði bara að vekja hræðslu

DANMÖRK Muhammed Geele, 29 ára gamall maður frá Sómalíu, segist ekki hafa ætlað að drepa danska skopmyndateiknarann Knut Westergaard þegar hann réðst inn á heimili hans vopnaður öxi og hníf á nýársdag 2010.

Hann segist aðeins hafa ætlað sér að hræða Westergaard. Hann segir að það hafi farið óstjórnlega í taugarnar á sér hvað Westergaard var ánægður, þrátt fyrir að skopmynd hans af Múhameð hafi kostað mannslíf. Þetta sagði Geele fyrir dómi í gær. - gb

ENNEMM / SÍA / NM45042

Tvö jákvæð störf í boði

Já er einstakt fyrirtæki á Íslandi. Já þjónustar bæði einstaklinga og fyrirtæki. Já veitir upplýsingar í þjónustunúmerunum 118, 1818 og 1811, félagið gefur út Símaskrána og rekur vefinn Já.is.

Að undanförnu hefur Já lagt mikla áherslu á tækniþróunarverkefni og leitar nú að tveimur nýjum starfsmönnum sem búa yfir: frumkvæði og framsýni, krafti, samskiptalipurð og hæfni til að vinna í hópi, heilindum, vinnusemi, skipulagshæfileikum og öguðum vinnubrögðum.

Forritari

STARFSLÝSING OG ÁBYRGÐ
Að viðhalda og þróa helstu kerfi Já:
- Já.is og tengdir vefir
- Já í símann
- Innri kerfi Já

Forritari hjá Já þarf að vera sjálfstæður og fljótur að tileinka sér nýja tækni. Að auki er nauðsynlegt að hafa góða þjónustulund.

MENNTUN OG ÞEKKING
Við leitum að starfsmanni með háskólamenntun, t.d. tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði.

Góð þekking á forritun er mikilvæg og tungumálakunnátta er kostur. Þekking á python, django, java, javascript, css og html er æskileg. Þekking á grafískri vinnslu mikill kostur.

Tæknimaður

STARFSLÝSING OG ÁBYRGÐ
Að viðhalda innri kerfum og þjónusta starfsmenn Já:
- Active directory
- Exchange
- Viðhald og uppfærslur á vélbúnaði og umsjón tækjaskrár

Hingað til hefur Já úthýst þessari þjónustu þannig að viðkomandi þarf að vera mjög sjálfstæður og skipulagður. Einnig er mikilvægt að hafa góða þjónustulund og vera tilbúinn að ferðast á milli þjónustuvera ef verkefni krefjast þess.

MENNTUN OG ÞEKKING
Við leitum að starfsmanni með háskólamenntun, t.d. kerfisfræði.

Góð þekking á Microsoft umhverfi er nauðsynleg. Vilji til að takast á við krefjandi verkefni, þekking á vélbúnaði og reynsla af uppsetningu og rekstri þeirra.

Umsóknir og nánari upplýsingar

Allar nánari upplýsingar um störfin veitir Hlöðver Þór Árnason í netfanginu hlodver@ja.is eða í síma 820 0004.

Umsóknir berist fyrir 5. febrúar nk. í netfangið umsokn@ja.is

118 ja.is Símaskráin

já -er svarið

VERJANDI OG SAKBORNINGAR Tryggvi Agnarsson hdl., verjandi í málinu, fremst á myndinni, ásamt tveimur sakborningum í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þingmanni var brugðið

Einar K. Guðfinnsson alþingismaður sagði í dómsal í gær að sér hefði verið brugðið við innrásina á Alþingi 2008. Utanríkisráðherra bar einnig vitni.

DÓMSMÁL „Þarna var þingið rofið og auðvitað var þetta mjög óvenjulegur atburður," sagði Einar K. Guðfinnsson alþingismaður þegar hann bar vitni við aðalmeðferð í máli ákæruvaldsins gegn nímenningunum sem ákærðir hafa verið fyrir innrás á Alþingi 8. desember 2008. Einar sagðist ekki hafa fyllst ótta við innrásina en „... auðvitað var mér brugðið," bætti hann við.

Össur Skarphéðinsson bar einnig vitni í gær. Hann rifjaði upp þegar hann, sem formaður Stúdentaráðs, mótmælti ásamt fleiri stúdentum á þingpöllum á árum áður. Þar hafi lögregla mætt en enginn verið handtekinn. Annað atvik rifjaði hann upp þegar allt í einu brast á með miklum ófriði við þingsetningu. Þá hafi verið komnir menn í hermannabúningum með gervibyssur. „Ég tel að mínar vestfirsku taugar hafi brostið meira þá en í þeim atburðum sem nú um ræðir," sagði ráðherra.

Allmargir lögreglumenn báru vitni í héraðsdómi í gær. Þeir áttu það sammerkt að hafa verið að störfum við eða inni í Alþingishúsinu þegar fólkið fór þar inn. Þeir lýstu aðkomu sinni að málinu og afskiptum sínum af sakborningum ef einhver voru. Meðal þeirra sem báru vitni voru lögreglukona og lögreglumaður sem bæði sögðust hafa verið bitin af sama sakborningi. Þá kom fram að sérsveitarmaður hefði gripið í hár þessa sama sakbornings til að varna því að hann biti lögreglukonuna einnig í hálsinn.

Lögreglumennirnir voru einnig spurðir út í handtökur annarra sakborninga, svo og stjórnun og skipulag lögreglu á vettvangi.

jss@frettabladid.is

Úr dómsalnum

Bitið
„Hver beit Stellu?"
spurði Pétur Guðgeirsson dómari einn lögreglumannanna sem bar vitni.

Stutt bit
„Hann beit mig í nokkrar sekúndur."
Stella Mjöll Aðalsteinsdóttir, lögreglukona.

Enn um bitið
„Stóð hann bara við hliðina á þér og beit þig?"
spurði Brynjar Níelsson Stellu.

Í ham
„Hann var bara í mjög miklum ham og hann beit frá sér."
Svava Snæberg Hrafnkelsdóttir, lögreglukona.

Þrisvar sinnum
„Ég er búinn að svara þessari spurningu þrisvar,"
svaraði Jens Ólafsson lögreglumaður ítrekaðri spurningu Ragnars Aðalsteinssonar.

Sjö sinnum
„Nú er ég búinn að segja þetta svona sjö sinnum,"
svaraði Jens sömu spurningu Ragnars örskömmu síðar.

Í félagi
„Ef einhver þeirra [sakborninga] hefðu sagst vera í Barðstrendingafélaginu, hvaða áhrif hefði það haft?"
spurði Ragnar Aðalsteinsson lögreglumann vegna eftirgrennslan lögreglu á því hvort nímenningarnir tilheyrðu einhverjum félagasamtökum.

Aðstoð
„Ég tel að dómari eigi ekki að aðstoða vitni við að svara ekki með þessum hætti."
Ragnar Aðalsteinsson eftir að Pétur Guðgeirsson hafði stoppað hann af í spurningum.

Meira og verra
„Við höfum heyrt meiri hávaða og verri hluti bæði af galleríinu [áhorfendapöllum] og úr ræðustól."
Össur Skarphéðinsson um aðstæður á Alþingi 8. desember 2008

markhonnun.is

netto

Ódýrt fyrir heimilið!



ÞORRAVEISLA

GOÐI

25% afsláttur

SÚRSAÐIR HRÚTSPUNGAR	GRÍSASULTA NÝ/SÚR	SÚRAR BRINGUR	LUNDABAGGAR	SVIÐASULTA NÝ	SVIÐASULTA SÚR
2.211 kr/kg	1.124 kr/kg	1.086 kr/kg	1.499 kr/kg	1.987 kr/kg	2.092 kr/kg
áður 2.948 kr/kg	áður 1.498 kr/kg	áður 1.448 kr/kg	áður 1.998 kr/kg	áður 2.649 kr/kg	áður 2.789 kr/kg

Þegar preyja skal Þorra

ROAST BEEF

37% afsláttur

1.889 kr/kg
áður 2.998 kr/kg

GOÐI

HANGIFRAMPARTUR
SAGAÐUR

25% afsláttur

899 kr/kg
áður 1.198 kr/kg

KEA

KJÚKLINGUR
FERSKUR

649 kr/kg
Tilboðsverð!

ÞORRAMATUR
700 G FATA

1.498 kr/ds.
Tilboðsverð!

KJÖTSEL

CHEERIOS HONEY
375 G

249 kr/pk.
áður 499 kr/pk.

CHEERIOS
375 G

298 kr/pk.
áður 429 kr/pk.

KJÚKLINGAVÆNGIR
HOT EÐA BBQ
500 G

42% afsláttur

398 kr/pk.
áður 689 kr/pk.

LIME
Í LAUSU

40% afsláttur

261 kr/kg
áður 435 kr/kg

ENGIFERRÓT
Í LAUSU

50% afsláttur

298 kr/kg
áður 596 kr/kg

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda **20. – 23. jan.**
eða meðan birgðir endast

HERMENN AÐ LEIKA SÉR Indverskir hermenn sýndu listir sínar á degi hersins í Nýju-Delhi, þegar 63 ára afmæli þjóðarhersins var fagnað. NORDICPHOTOS/AFP

Ráðandi hlutur í IH og B&L fljótlega fluttur inn í félag Íslandsbanka:

Eru að klára uppstokkun

VIÐSKIPTI Líklegt þykir að stór hluti bílaumboða B&L og Ingvars Helgasonar verði á næstu tveimur vikum fluttur yfir í Miðengi, eignarhaldsfélag í eigu Íslandsbanka.

Innan Miðengis eru eignarhlutir í fyrirtækjum sem gengið hafa í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu og Íslandsbanki hefur eignast hlut í.

KPMG hefur unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu B&L og Ingvars Helgasonar frá 2009 fyrir hönd kröfuhafa. Íslandsbanki á 65 prósent krafna á bílaumboðin, SP Fjármögnun og Lýsing sín hvor 15 prósentin og Arion banki um fimm prósent. Kröfuhafar hafa ekki gengið að veðum en líkur eru á að það verði niðurstaða vinnunnar sem nú stendur yfir.

Miðengi á Jarðboranir og Steypustöðina að fullu auk smærri hluta í sextán öðrum fyrirtækjum. Miðengi hefur áður selt frá sér Skeljung og hlut í þremur öðrum eignum.

Íslandsbanki kom að rekstri bílaumboða B&L og Ingvars Helgasonar árið 2009 og gerði um mitt síðasta ár sátt við Samkeppnisstofnun þess efnis að umboðin yrðu seld innan tilskilins tíma. - jab

BÍLL ÚR SAL UMBOÐSINS Eignarhaldsfélag Íslandsbanka fær senn til sín hluti í B&L og Ingvari Helgasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ákærður fyrir kynferðisbrot:

Dónakarl sýndi sig við glugga

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann fyrir kynferðisbrot.

Maðurinn er ákærður fyrir að hafa sunnudaginn 16. maí 2010 sært blygðunarsemi konu og manns er hann stóð fyrir innan óbyrgðan glugga á heimili sínu í Reykjavík, í fráhnepptri skyrtu einni fata, og sýndi af sér kynferðislega tilburði.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. - jss

Lesist

Er það kannski þú sem var einn þeirra mörgu sem keyptir Íslenskt enskt Lingapon námskeið eins og ég sjálfur gerði í kjölfar hreinnar áróðurs herferðar lærðu ensku á fjörtíuklukkustundum á árinu 1977 það sem ég flaskaði á var það að eftir að ég var búin að leita og finna skýringu á enska orðinu þá var ég búin að gleyma línunni þar sem ég hafði verið að lesa þannig að ég gafst upp á námskeiðinu í stað þess að leggja nögl þumalfingurs hægri eða vinstri handar eftir því hvort hægri eða vinstri blaðsíða er lesin.

Ég hef ótal oft auglýst eftir námskeiðinu og minnst 50 til 60 sinnum hefur mér verið boðið Englis Corse námskeiðið sem samnastendur af tveim venjulegum bókum og einnig þunnri bók og framan á henni stendur orðaskýringar á íslensku annars voru báðar aðalbækurnar eingöngu á ensku. En náskeiðið sem mig vantar sjálfum heitir íslenskt enskt Lingaphone námskeið. Bókin er stærri en venjuleg bók og framan á bókinni stendur íslenskt enskt Lingaphone námskeið.

Ég greiði glaður 50.000 kr fyrir námskeiðið.
Björgvin Ómar Ólafsson s. 865-7013

Greiðslur úr IHM sjóði SÍK

SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda
auglýsir eftir umsóknum um greiðslur úr IHM sjóði félagsins.
Rétt til umsókna úr sjóðnum eiga sjálfstæðir kvikmyndaframleiðendur sem framleitt hafa kvikmyndir sem sýndar hafa verið í sjónvarpi á árinu 2009.
Umsóknir berist fyrir 3. febrúar til:
SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda.
Hverfisgötu 54 P.O. Box 5367, 125 Reykjavík
eða með tölvupósti á *sik@producers.is*
Nánari upplýsingar, reglur og umsóknareyðublöð eru á vefsíðu
SÍK – www.producers.is

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda
Association of Icelandic Film Producers

Nemendur úr Verzló með hæstu einkunn

Af nemendum fimm framhaldsskóla voru nemendur úr Verzlunarskólanum með hæstu meðaleinkunn í HÍ. Þetta kemur fram í könnun sem var gerð fyrir menntamálaráðuneytið. Nemendur Hraðbrautar voru með lægstu meðaleinkunn.

MENNTAMÁL Þeir nemendur Háskóla Íslands (HÍ) sem koma úr Verzlunarskólanum mældust með hæstu meðaleinkunn í úttekt HÍ á nemendum fimm framhaldsskóla síðustu þrjú ár. Skólaárið 2009 til 2010 var meðaleinkunn þeirra 4.115 nemenda úr Verzlunarskólanum 7,04. Nemendur frá Menntaskólanum Hraðbraut, sem voru 692 talsins, mældust með lægstu meðaleinkunnina, 6,35.

ÓLAFUR HAUKUR JOHNSON

Hinir framhaldsskólarnir í úttektinni voru Borgarholtsskóli, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Fjölbrautaskólinn við Ármúla.

Könnunin var gerð vegna fyrirspurnar menntamálaráðuneytisins í tengslum við úttekt Ríkisendurskoðunar og menntamálanefndar Alþingis á fjármálum Menntaskólans Hraðbrautar.

Meðaleinkunnir nemenda innan deilda sýna að nemendur úr Verzlunarskólanum voru oftast með hæstu meðaleinkunn, eða í 11 deildum af 25. Nemendur Hraðbrautar voru oftast með lægstu meðaleinkunn, eða í 8 deildum. Þeir voru þó með hæstu meðaleinkunn í 7 deildum. Nemendur úr Fjölbrautaskólanum við Ármúla voru með lægstu einkunn í 7 deildum og hæstu í tveimur.

Ólafur Haukur Johnson, skólastjóri og eigandi Menntaskólans Hraðbrautar, segir tölurnar lítt marktækar.

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS Nemendur Verzló hafa mælst með hæstu meðaleinkunn í könnun HÍ síðustu þrjú skólaár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Meðaleinkunnir nemenda í HÍ eftir framhaldsskólum

Skóli	2007-08	2008-09	2009-10
Borgarholtsskóli	6,56	6,18	6,75
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	6,30	6,67	6,77
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	6,44	6,55	6,66
Menntaskólinn Hraðbraut	*6,10*	*6,15*	*6,35*
Verzlunarskóli Íslands	6,74	7,05	7,04
Meðaleinkunn samtals	**6,55**	**6,76**	**6,71**

■ Hæsta gildi ■ Lægsta gildi

„Úrtakið er lítið. Margir nemendur okkar fóru í námsgreinar þar sem kröfur um háar einkunnir eru minni. Það er til að mynda óvenju hátt hlutfall í læknisfræði, þar sem einkunnirnar eru lægri en til dæmis í félagsfræði," segir Ólafur.

Einungis 3 prósent nemenda Hraðbrautar völdu Félags- og mannvísindadeild, en þar mældust þeir með hæstu meðaleinkunn, 6,99. 5 prósent þeirra völdu læknisfræði og voru þar með næsthæstu meðaleinkunn, 8,21. 6 prósent fóru í hjúkrunarfræði og voru þeir nemendur Hraðbrautar einnig með næsthæstu meðaleinkunn í deildinni, 7,03.

sunna@frettabladid.is

Chevrolet á enn betra verði!

Vegna nýrra laga um vörugjöld sem tóku gildi um áramótin eru umhverfisvænir bílar á betra verði. **Allir bílar frá Chevrolet hafa lækkað í verði.**

Ár slaufunnar

CHEVROLET
Gæði í 100 ár

Chevrolet Cruze, 4 dyra

Cruze LS 1800 cc. - beinskiptur	**Kr. 2.990 þús.**
Cruze LS 1800 cc. - sjálfskiptur	Kr. 3.390 þús.
Cruze LT 2000 cc. Dísel - beinskiptur	Kr. 3.590 þús.

Bíll á mynd: Cruze LT með 18" álfelgum.

www.benni.is

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3300
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

CHEVROLET

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Janúar ÚTSALA

Loftljós
Verð 24.900 kr.
Tilboð 14.000 kr.

Borðlampi
Verð 5.990 kr.
Tilboð 2.500 kr.

Tak loftljós
Verð 19.900 kr.
Tilboð 10.000 kr.

Gólflampi
Verð 29.900 kr.
Tilboð 15.000 kr.

Borðlampi
Verð 7.590 kr.
Tilboð 4.000 kr.

Roseline gólflampi
Verð 79.900 kr.
Tilboð 40.000 kr.

Amore loftljós
Verð 25.900 kr.
Tilboð 14.000 kr.

Loftljós
Verð 47.900 kr.
Tilboð 30.000 kr.

Alba loftljós
Verð 15.900 kr.
Tilboð 6.500 kr.

Gólflampi
Verð 18.900 kr.
Tilboð 12.000 kr.

Fjöldi sýnishorna á ótrúlega góðu verði!

Loftljós
Verð 18.900 kr.
Tilboð 10.000 kr.

Borðlampi
Verð 16.900 kr.
Tilboð 10.000 kr.

Borðlampi
Verð 8.990 kr.
Tilboð 4.000 kr.

Teris loftljós
Verð 69.900 kr.
Tilboð 45.000 kr.



Útiljós
Verð 10.900 kr.
Tilboð 6.000 kr.

Lesljós
Verð 14.900 kr.
Tilboð 8.000 kr.

PFAFF

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
VÍSIR.IS
Meiri Vísir.

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

25% afsláttur í janúar
FJÖLNOTAPAPPÍR

5x500 blöð A4 ~~3.995~~kr
með 25% afslætti 2.996kr
Verð er gefið upp með vsk. en án aksturs. Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.
Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.
Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

Búðarhálsvirkjun
Útboðsgögn
BUD-65, nr. 20024
Landsvirkjun

Eftirlitsþjónusta
Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í eftirlitsþjónustu með byggingu Búðarhálsvirkjunar samkvæmt útboðsgögnum BUD-65, nr. 20024.

Verkefnið skiptist í fimm meginþætti:

(i) eftirlit með gerð Sporðöldustíflu og tilheyrandi mannvirkja.

(ii) eftirlit með jarðgangagerð undir Búðarháls, gerð inntaksskurðar og inntaksmannvirkja.

(iii) eftirlit með byggingu stöðvarhúss Búðarhálsvirkjunar.

(iv) eftirlit með uppsetningu vél- og rafbúnaðar, eftirlit með uppsetningu á lokum og þrýstivatnspípum.

(v) hjúkrunarþjónusta í samræmi við ákvæði í samningi um stórframkvæmdir á milli Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands frá því 22. júní 2007.

Vinna við eftirlit hefst í apríl 2011 og lýkur í desember 2013.

Útboðsgögn BUD-65 verða afhent í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, frá og með fimmtudeginum 20. janúar 2011 gegn óafturkræfu gjaldi kr. 5.000.-fyrir hvert eintak.

Tilboðum skal skila í móttöku Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, þriðjudaginn 22. mars 2011 fyrir klukkan 14:00 þar sem nöfn bjóðenda verða lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

neytendur
hagur heimilanna

Hægt að innrita stakan smáhlut sem farangur

Séu farþegar í Leifsstöð með óleyfilega hluti í handfarangri við öryggisskoðun er gefinn kostur á því að fara til baka í innritun til að senda þá staka með vélinni, gefist tími til. Um 120 manns vinna við öryggisgæslu á Keflavíkurflugvelli.

INNRITUN Í LEIFSSTÖÐ Farþegum er gefinn kostur á því að setja varning sem stöðvaður er við öryggisskoðun í töskur sínar eftir innritun. MYND/RÓBERT

„Reglurnar hafa breyst alveg ótrúlega mikið á þeim tuttugu árum sem ég hef unnið á flugvellinum. Þær voru aðeins örlítið brot af því sem þær eru í dag," segir Lúðvík Rúnarsson, aðalvarðstjóri flugverndargæslu á Keflavíkurflugvelli. Um 120 manns vinna nú við öryggisgæslu í Leifsstöð og segir Lúðvík starfsreglur breytast að einhverju leyti á ári hverju.

Eftir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum 11. september 2001 voru settar strangar reglur hvað varðar leyfilegt magn vökva í handfarangri. Lúðvík segir það vera það helsta sem farþegar flaski á þegar kemur að handfarangri í vélunum.

„Við leggjum þó aldrei hald á neitt, nema varningurinn sé ólöglegur, og þá er kallað til lögreglu," segir Lúðvík.

Kveikjarar, naglaklippur, skæri og vasahnífar eru meðal þeirra hluta sem eru bannaðir í handfarangri og losa farþegar sig gjarnan við þá í glæran kassa sem stendur við öryggishliðið. Innihaldi kassans er fargað nokkrum sinnum á ári.

„Þetta er orðið miklu minna vandamál en áður," segir Lúðvík. „Fólk er orðið mun meðvitaðra og skilningsríkara eftir því sem það venst þessum hertu reglum."

Ef farþegar ætla um borð með meira en 100 millilítra af vökva, að undanskildum lyfjum, barnamat eða matvælum vegna sérstaks mataræðis, bjóða öryggisverðir farþegum að farga vökvanum eða fara með hann til baka í innritun. Það sama gildir um óleyfilega smáhluti. Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir að mál hafi komið upp þar sem farþegar innriti stakan hlut með vélinni og sé það vel mögulegt.

„Algengast er að fólk nýti sér þetta ef hluturinn er ómissandi, og er hann þá settur í poka eða kassa og fluttur stakur um borð í vélina," segir Guðjón. sunna@frettabladid.is

Handfarangur

Handfarangur er farangur sem farþega er heimilt að taka með sér um borð í flugvélar.

Frá og með 6. maí 2007 takmarkast leyfileg stærð handtösku við 56x45x25 sentimetra.

Athugið að flugrekandinn getur takmarkað þessa stærð enn frekar, þyki ástæða til.

Hvað er skilgreint sem leyfilegur vökvi?

Hver eining umbúða má að hámarki rúma 100 millilítra af vökva.
Magn er ákveðið samkvæmt reglugerð frá Evrópusambandinu. Reiknað út frá mögulegu magni sem þarf til þess að blanda fljótandi sprengiefni til þess að búa til sprengju.

Hvað er vökvi?
Allur vökvi, gel, krem, smyrsl, úðaefni og fleira. Hvort sem er í flöskum, þrýstibrúsum, túpum eða öðrum umbúðum.

- Allar umbúðirnar verða að rúmast í gegnsæjum 1 lítra plastpoka sem hægt er að loka með plastrennilás. Hverjum farþega er heimilt að fara með einn poka um borð.
- Með umbúðum er átt við flöskur, túpur, hylki og annað sem getur innihaldið vökva.
- Athugið að gosflöskur, fernur og dósir eru flestar stærri en 100 millilítrar og eru því ekki leyfðar.

Farþegar mega hafa meðferðis aðrar nauðsynjar til persónulegra nota meðan á flugi stendur ef öryggisverðir telja ekki ógn stafa af þeim:

- Lyf merkt notanda í magni sem dugir á meðan flugferð stendur
- Barnamatur (brjóstamjólk, krukkumatur og annað)
- Matvæli vegna sérstaks mataræðis.

Chevrolet á enn betra verði!
CHEVROLET
Vegna nýrra laga um vörugjöld sem tóku gildi um áramótin eru umhverfisvænir bílar á betra verði. **Allir bílar frá Chevrolet hafa lækkað í verði.**

Bíll á mynd: Spark LT með álfelgum.
Ár slaufunnar
CHEVROLET
Gæði í 100 ár
Chevrolet Spark, 5 dyra - 5 sæta
L - beinskiptur **Kr. 1.695 þús.**
LS - beinskiptur Kr. 1.895 þús.
www.benni.is
Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3300
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Electrolux

EWF-146310W Þvottavél
Mest selda þvottavélin okkar.
Ótúlega lág bilanatíðni. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni.

- **1400 sn.** stillanlegur vinduhraði
- Tekur allt að **6 kg.** af taui
- **Hraðval**
- Hægt að stilla gangsetningu allt að 20 klst. fram í tímann
- **Stórt 30 cm hurðarop**
- Öflugt handþottakerfi
- Tímaskjár
- Einföld og þægileg í notkun
- A+/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- Verð áður kr **124.900**

ÞÚ SPARAR 35.000
Verð nú **89.900**

Electrolux

ESF-65050W/X Uppþvottavél
Hljóðlát uppþvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni sem skynjar óhreinindi í vatni og aðlagar tíma, vatnþörf og hitastig eftir aðstæðum

- Aðeins **47 dB(A)**
- **5 þvottakerfi** þ.á.m. hraðkerfi, pottakerfi og sparnaðarkerfi
- **3xA einkunn** orku/þvott/þurrkun
- Mjög vönduð innrétting
- Án toppplötu
- Fæst í hvítu eða stáli
- Skjár sem sýnir tíma
- Verð áður kr **139.900**

ÞÚ SPARAR 40.000
Verð nú **99.900**

exquisit

GT-111 Frystikista
98 lítra frystikista í A+ orkuflokki

- HxBxD: 86x54x54 cm
- Verð áður kr. 59.900

Einnig fáanlegar
133 L kr. 59.900
205 L kr. 64.900

ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú **44.900**

ZANUSSI

ZRB-940PW Kæli- og frystiskápur

- Kælir 285 lítrar og frystir 92 lítrar
- Orkuflokkur A+
- HxBxD: 200x59,5x60 cm
- Verð áður kr **139.900**

ÞÚ SPARAR 40.000
Verð nú **99.900**

exquisit

KGC-270/45 Kæli- og frystiskápur

- 171 lítra kælir og 41 lítra frystir
- Orkuflokkur A
- HxBxD: 143x55x58 cm
- Verð áður kr **74.900**

ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú **54.900**

exquisit

KGC-220/70 Kæli- og frystiskápur

- 148 lítra kælir og 68 lítra frystir
- Orkuflokkur A+
- HxBxD: 153x55x58 cm
- Verð áður kr **89.900**

ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú **69.900**

SPARAÐU SVIMANDI UPPHÆÐIR

ÚTSALA

Í FULLUM GANGI!

12 gerðir af eldhús- og baðvogum með 50% afslætti.

50%

AFSLÁTTUR AF VOGUM

TRISTAR

SZ-1909NO Ryksuga 2400W

- Frír fylgihlutapakki
- HEPA sía
- Kraftmikill 2400W mótor
- Verð áður kr **19.990**

ÞÚ SPARAR 50%
Verð nú **9.900**

ÞÚ SPARAR 10.000
Verð nú **39.900**

Electrolux

Z-8820 Ryksuga
Toppmódel frá Electrolux og sú besta sem þeir hafa smíðað hingað til. Hefur raðað til sín verðlaunum og viðurkenningum. Óviðjafnanlega hljóðlát og kraftmikil

- **2200W mótor** og 420W sogafl við stút
- **HEPA13 þvoanlegur öragnafilter**
- S-Bag örtrefjapoki sem rúmar meira og síar betur
- 12 metra vinnuradíus
- AeroPro læsanlegt léttskaft úr áli
- Gúmmíhjól sem ekki skaða trégólf
- Vandaðir fylgihlutir
- Verð áður kr **49.900**

Best í test!
Ofurhljóðlát

Rafha ehf

Opið
virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

Sumarið kemur!

Bókaðu strax!
Þú færð **10.000 kr.** afslátt á mann á völdum dagsetningum ef þú bókar fyrir **28. janúar.**

Sala sumarleyfisferðanna 2011 er hafin!

Heimsferðir hefja nú sölu á sumarleyfisferðunum 2011. Í boði eru frábærir áfangastaðir, fjölbreyttir gistivalkostir, fyrsta flokks þjónusta og ótrúlega hagstæð verð.

Bókaðu strax og tryggðu þér 10.000 kr. afslátt á mann. Hámark 40.000 kr. afsláttur á bókun.

Bodrum í Tyrklandi

frá kr. **124.900** – með „öllu inniföldu“

Bodrum sló rækilega í gegn í fyrra!

Frábært verð

Frá 124.900 kr. – með „öllu inniföldu“
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2 - 11 ára á hótel Eken ★★★+ í 10 nætur með “öllu inniföldu”, 21. maí.

Frá 139.900 kr. – með „öllu inniföldu“
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2 - 11 ára í herbergi á Blue Bay ★★★ í 10 nætur með “öllu inniföldu”, 21. júní.

Costa del Sol

frá kr. **69.900** – flugsæti á mann

Úrval glæsilegra gistivalkosta í boði!

Frábært verð

Frá 98.440 kr.
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2 - 11 ára í íbúð á Apartamentos MS Alay´s ★★★ í 9 nætur. 15. maí.

Frá 110.900 kr. – með „öllu inniföldu“
Netverð a mann með 10.000 kr. afslætti. m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2 - 11 ára í herbergi á Roc Flamingo ★★★ í 9 nætur með “öllu inniföldu”. 15. maí.

ENNEMM / SÍA • NM45089 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Alicante

frá kr. 59.900 – flugsæti á mann

Frábært verð
Frá 59.900 kr.
Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, á nokkrum dagsetningum.

Glæsilegt úrval borgarferða í vor

- Prag
- Budapest
- Sevilla

Frábærar sérferðir

GYÖR í Ungverjalandi
21. – 25. apríl 2011
Páskaferð - beint flug til Budapest.

Verð á mann:
Kr. 129.900 á mann í tvíbýli
Kr. 139.900 á mann í einbýli

Töfrandi Andalúsía
Sevilla - Córdoba - Torremolinos
15. maí – 24. maí

Netverð á mann
kr. 179.900 á mann í tvíbýli
kr. 222.900 á mann í einbýli

Glæsisiglingar

Glæsisigling frá Karíbahafi til Evrópu
með Costa Atlantica
22. mars – 14. apríl 2011
Orlando – Miami – Bahamaeyjar – Dóminíska lýðveldið – Tortola – Antigua – Tenerife – Madeira – Malaga – Corfu – Dubrovnik

Verð frá kr. 363.600 á mann í tvíbýli í klefa án glugga.

Töfrar Miðjarðarhafsins
glæsisigling með Costa Concordia
11. – 20. júní 2011

Verð frá kr. 284.800 á mann í tvíbýli í klefa án glugga.

Golf í vor

Allt að verða uppselt – örfá sæti laus!

- Costa Ballena
- Novo Sancti Petri
- Arcos Gardens
- Montecastillo

www.heimsferdir.is

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

skoðun

greinar@frettabladid.is

Karlar skrifa um jafnréttismál á þorra.

Öðlingar komnir á kreik

Baráttan um jafnrétti kynjanna hefur að mestu hvílt á konum. Þeir eru ekki margir karlarnir sem hafa valið að leggja þessum málstað lið en svo sannarlega er hverjum og einum fagnað. Það sama hefur gilt um umræðuna um kynjajafnrétti. Á þeim vettvangi hafa konur aðllega átt orðið.

Vera kann að hér sé einhvers konar vítahringur á ferð, þ.e. að vegna þess að nánast eingöngu konur eru sýnilegar í jafnréttisbaráttu finnist körlum sem þessi barátta komi þeim ekki við eða jafnvel að þeir séu ekki velkomnir í raðir baráttukvennanna.

SKOÐUN
Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Á sama hátt kann að vera að einhverjum karlmönnum finnist ekki vera eftirspurn eftir röddum þeirra í umræðunni um jafnrétti kynjanna vegna þess að sú umræða fer fyrst og fremst fram meðal kvenna, og er þá átt við hinn málefnalega þátt umræðunnar, þann hluta sem snýst um inntakið.

Einkennilega stór hópur karlmanna hefur svo tekið sér fyrir hendur að reyna að tala niður jafnréttisumræðuna (eða væri kannski nær að segja hér baula niður?) og ekki bara umræðuna sjálfa heldur einnig þær konur persónulega sem hafa beitt sér í jafnréttisumræðunni. Í þessu samhengi eru iðulega notuð stór orð og á tíðum dólgsleg einnig. Ekki er óhugsandi að þessi viðbrögð hafi fælingarmátt á þann hátt að karlmenn veigri sér við að taka þátt í jafnréttisumræðu, á sama hátt og viðbrögðin hafa áreiðanlega fælt margar konur frá því að láta til sín taka á þessum vettvangi.

Það er því fagnaðarefni þegar tekst að virkja karlmenn í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna; samfélagi þar sem jafnræði og virðing ríkir með öllu fólki óháð kyni þess, samfélagi þar sem sjónarmið og kraftar bæði karla og kvenna fá notið sín til fulls, samfélagi sem er áreiðanlega gjöfulla fyrir konur, karla og ekki síst börn.

Átakið Öðlingurinn 2011 hefst á morgun, á bóndadeginum, og stendur fram á konudaginn, 20. febrúar. Í Öðlingsátakinu í ár eru karlar virkjaðir til að skrifa um jafnréttismál þannig að hvern einasta dag á þorra mun karl skrifa grein sem birtist undir merkjum Öðlingsátaksins á Vísisvefnum. Reglulega munu greinar úr Öðlingsátakinu einnig birtast hér í Fréttablaðinu.

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, höfundur bókarinnar Á mannamáli, þar sem fjallað er um kynbundið ofbeldi, er upphafskona Öðlingsátaksins. Hún sagðist í samtali við blaðið í gær hafa valið að nota orðið sem vopn í Öðlingsátaki ársins. „Vegna þess að því meira sem við ræðum málin, þeim mun meira ráðumst við á þessa þögn sem hefur ríkt lengi í kringum ýmsa anga jafnréttisbaráttunnar," segir Þórdís. Hún segist hafa viljað kanna hvort karlar væru tilbúnir að stökkva um borð ef byggð yrði fyrir þá brú yfir í jafnréttisumræðuna. Sú hefur orðið raunin og mun afraksturinn birtast í einni grein á dag næsta mánuðinn þar sem karlmenn fjalla um jafnréttismál frá mörgum sjónarhornum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Flott

Stundum koma fréttir þægilega á óvart. Það á aldeilis við um nýja skýrslu Viðskiptaráðs um ábyrgð þess á bankahruninu og stemningunni í samfélaginu misserin á undan. Í stuttu máli gengst Viðskiptaráð við ábyrgð á sínum parti bullsins og skammast sín. Farið er í saumana á nokkrum ásökunum á hendur ráðinu, mistök viðurkennd og bót og betrun heitið. Ekki verður annað séð en að einlægni búi að baki. Það eru því horfur á að Viðskiptaráð, undir formennsku Tómasar Más Sigurðssonar, geti öðlast tiltrú úti í samfélaginu.

Fámennið

Þótt Ísland kunni að vera „stórasta" land í heimi er það fámennt. Í það minnsta vasast sömu mennirnir í öllu. Það má til dæmis sjá á lögmannavali Landsbankamannanna tveggja sem hnepptir voru í varðhald vegna meintrar markaðsmisnotkunar. Forstöðumaðurinn fann sér lögmann í skilanefnd Kaupþings og bankastjórinn leitaði til fyrrverandi stjórnarmanns í Glitni. Ámóta myndi líklega ekki gerast annars staðar í heiminum.

Leti

Alþingismenn leggja stundum ágætar fyrirspurnir fyrir ráðherra. Svörin geta verið fróðleg og jafnvel gagnleg. Svarleysi getur líka verið fréttnæmt. Vigdís Hauksdóttir Framsóknarflokki er að líkindum spurulasti þingmaðurinn. Nú bíður utanríkisráðherra (enn einu sinni) að svara spurningum Vigdísar. Að þessu sinni um umfang íslensku utanríkisþjónustunnar og tengd mál. Meðal þess sem Vigdís vill vita er í hve stóru húsnæði erlend sendiráð á Íslandi starfa. Einnig vill hún vita hvað Ísland hefur stjórnmálasamband við mörg ríki og í hvaða löndum Ísland starfrækir sendiráð. Ef Vigdís nennti gæti hún flett þessu upp sjálf. Það tekur þrjár mínútur.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR

Framtíðarsýn í þjónustu við fatlaða

Fatlaðir

Björk Vilhelmsdóttir
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar

Borgarstjórn býður þeim borgarbúum sem búa við fötlun velkomna í þjónustu borgarinnar nú eftir að ríkið hefur fært félagslega þjónustu yfir til sveitarfélaga. Nú í vikunni samþykkti borgarstjórn framtíðarsýn í þjónustu við fatlaða þar sem samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er leiðarljós borgarinnar. Í því felst viðurkenning á sjálfstæðu lífi á eigin forsendum, jöfn tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu, réttur til aðstoðar við að lifa innhaldsríku lífi og viðurkenning á fjölbreytileika mannlífsins og mannréttindum allra.

> Í vikunni samþykkti borgarstjórn framtíðarsýn í þjónustu við fatlaða.

Borgarstjórn lítur svo á að hér sé stigið stórt skref í mannréttindum. Fólk er ekki flokkað í fatlaða og ófatlaða íbúa sem er bent á sitthvorn staðinn þegar þeir þurfa á persónulegri aðstoð að halda, hér í Reykjavík leita allir til þjónustumiðstöðvar í sínu hverfi. Við vonum svo sannarlega að notendur þjónustunnar finni einungis fyrir því með jákvæðum hætti að borgin beri nú ábyrgð. Við getum a.m.k. hætt þeirri þekktu aðferð að varpa málum einstaklinga á milli ríkis og borgar þar sem ábyrgðarskiptingin var aldrei skýr. Við berum ábyrgðina og viljum standa undir henni.

Framtíðarsýnin er sett fram í fimm meginpunktum:

- Margbreytilegum þörfum borgarbúa verði mætt með sveigjanlegri og einstaklingsmiðaðri þjónustu sem veitt er af ábyrgð, virðingu og fagmennsku.
- Aðgengi að þjónustu verði tryggt í nærumhverfi borgarbúa.
- Jafnræði í þjónustu verði tryggt.
- Víðtækt samráð verði haft við notendur, hagsmunasamtök, starfsfólk og háskólasamfélagið um þróun þjónustunnar.
- Borgarbúar sem þurfa aðstoð í daglegu lífi hafi val um hvernig aðstoðinni við þá er háttað. Unnið verði að þróun notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar.

Við í borgarstjórn fögnum því að vera skrefinu nær því að vera eitt samfélag fyrir alla.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Þegar forsetinn flýr

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
Prófessor

Við sátum við glugga á annarri hæð hótels við aðalgötuna í Túnisborg og horfðum á iðandi mannhafið á gangstéttinni fyrir neðan. Gatan heitir eftir landsföðurnum, Habib Bourgiba, fyrsta forseta landsins að fengnu sjálfstæði 1957. Þetta var kveðjukvöldverður í boði Seðlabanka Túnis, og það hafði losnað aðeins um málbeinið á gestgjafanum, kannski var hann, arabinn, orðinn aðeins hreifur af veizlufönguum. Hann bandaði hendinni í átt að mannfjöldanum og sagði upp úr þurru: Sjáið nú þetta. Annar hver maður í þvögunni er leyniþjónustumaður.

Þessi óvænta yfirlýsing gestgjafans væri varla í frásögur færandi nema fyrir það, að Túnis er trúlega frjálsasta landið við endilanga strandlengju Norður-Afríku frá Marokkó í vestri til Egyptalands í austri. Strandlengjan, já: hún er eins og nótnaborð á flygli. Píanóleikarinn situr í Miðjarðarhafinu og veit suður, og þá er Afríka öll í laginu eins og flygill. Öðrum þræði þess vegna þykir mér Afríka vera fegurst meginlandanna, sköpulagið að minnsta kosti. En sumt fólkið, sem hefur tekið að sér landstjórnina þarna suður frá, er annar handleggur. Fæstir áttu von á, að forseti Túnis yrði fyrstur hæstráðenda á þessum slóðum til að flýja land með skottið milli lappanna. Það mættu þeir gera fleiri. Slíkt er þó aldrei hægt að vita fyrir fram.

Kvenfrelsi og menntun

Löndin fimm á norðurströnd álfunnar miklu – Marokkó, Alsír, Túnis, Líbía og Egyptaland – hafa þrátt fyrir allt tekið stakkaskiptum síðustu hálfa öld. Auðskilinn mælikvarði á frelsi í þessum löndum og annars staðar er fjöldi fæddra barna á hverja konu. Árið 1960 fæddi hver kona í þessum löndum sjö börn að jafnaði. Hér heima þurfum við að fara lengra en 150 ár aftur í tímann til að finna hæstu skráðu fæðingartöluna í riti Hagstofunnar, Hagskinnu, tæp sex börn á hverja konu 1858. Fæðingartölurnar í Norður-Afríku eru nú komnar niður í tvö börn á hverja konu í Túnis líkt og í Evrópu og þrjú börn í Egyptalandi. Bourgiba var ekki sýnt um efnahagsmál og ekki heldur um lýðræði og mannréttindi, fjarri því, en hann var nothæfur kvenfrelsisfrömuður, það má hann eiga.

Staða kvenna í Norður-Afríku hefur gerbreytzt til batnaðar. Tólfta hver stúlka átti kost á að sækja framhaldsskóla í Túnis 1971 og þótti gott að því leyti, að skólasóknarhlutfallið þar var þá tvisvar sinnum hærra en í grannlöndunum Alsír í vestri og Líbíu í austri. En nú sækja níu af hverjum tíu stúlkum framhaldsskóla í Túnis á móti helmingi í Marokkó og þrem af hverjum fjórum í Egyptalandi. Þetta er bylting. Ætli konur séu ekki alls staðar eins inn við beinið? Viðtalskannanir mannfræðinga benda til, að þær vilji að jafnaði helzt eignast tvö til þrjú börn, hvort heldur í Belgíu eða Búrúndí, sumar fleiri börn eins og gengur, aðrar færri. Vandinn er sá, að víða fá þær ekki að ráða þessu sjálfar fyrir ofríki karla. Þeim löndum, sem svo háttar til um, fer þó sem betur fer fækkandi. Frelsið sækir að úr öllum áttum.

Lög án landamæra

Ég hef eytt tveim mánuðum ævi minnar í Túnis. Landið býr að fornri menningu: þarna er t.d. Karþagó, sem öldungurinn Kató lagði til, að yrði lögð í eyði. En stjórnmálalífið í landinu er enn á lágu menningarstigi svo sem ráða má m.a. af því, að landsfaðirinn Bourgiba sat á forsetastóli í 30 ár, þar til honum var steypt af stóli 1987. Þá tók Ben Ali forsætisráðherra við embættinu og sat sem fastast í 23 ár, eða þar til hann missti kjarkinn um daginn og flúði. Tilefnið var friðsamleg mótmælaganga gegn alræmdri spillingu í fjölskyldu forsetans og venzlaliði. Landflótti forsetans jafngildir í reyndinni viðurkenningu hans á vandanum, því að ella hefði hann væntanlega getað horfzt í augu við fólkið sitt og staðið fyrir máli sínu. Það þorir hann ekki fyrir sitt litla líf.

Heimurinn hefur breytzt. Lög ná nú yfir landamæri. Nú er auðveldara en áður að draga sakamenn og þá um leið brottflúna ráðamenn fyrir alþjóðlegan dómstól vegna mannréttindabrota og efnahagsbrota. Þessi nýskipan sendir stjórnmálaleiðtogum skýr skilaboð. Lögbrot hefna sín. Ætla má, að stjórnarherrarnir í nágrenni Túnis hugsi nú ráð sitt. Í Líbíu hefur Múammar Gaddafí forseti ráðið lögum og lofum samfleytt frá 1969. Sonur Gaddafís sótti fyrir nokkrum árum námskeið hjá vini mínum einum, prófessor í London School of Economics, og sat með sólgleraugu og sennilega alvæpni á fremsta bekk í fyrirlestrasalnum ásamt fylgdarliði sínu. Gaddafí hefur í krafti illa fengins olíuauðs setið manna lengst á ókonunglegum valdastóli eftir að Ómar Bongó, forseti Gabons, annar olíufursti, hrökk upp af í hitteðfyrra. Í Gabon er næstum ekkert eins og það á að vera. Það hef ég séð með eigin augum.

Norðurslóðir í deiglunni

Norðurslóðir

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra

Loftslagsbreytingar hafa fært næsta umhverfi okkar, norðrið, nær hringiðu heimsmálanna. Hlýnun jarðar veldur því að ísþekja Norður-Íshafsins fer hraðminnkandi og nú stefnir í að áður torsótt haf- og strandsvæði opnist fyrir siglingum og auðlindanýtingu. Þessum breytingum fylgja tækifæri en líka hættur sem íslensk stjórnvöld þurfa að bregðast við jafnt heima fyrir og í samstarfi við önnur ríki.

Alþjóðapólitísk ábyrgð og vægi Íslands og annarra norðurskautsríkja mun fara vaxandi og stjórnvöld þurfa að skilgreina og tryggja hagsmuni Íslands í ljósi þeirra breytinga sem eru óhjákvæmilegar. Á sama tíma verðum við að beita okkur af einurð fyrir alþjóðlegum aðgerðum gegn loftslagsbreytingum en þær hafa óvíða alvarlegri afleiðingar en á viðkvæma náttúru og samfélög á norðurslóðum.

Stefna í málefnum norðurslóða

Málefni norðurslóða eru eitt af kjarnamálum í utanríkisstefnu ríkisstjórnarinnar og nú liggur fyrir Alþingi þingsályktunartillaga mín um norðurslóðastefnu Íslands. Þar eru sett fram skýr stefnumið er miða að því að tryggja hagsmuni Íslendinga á sviði auðlindanýtingar, siglinga, umhverfismála og sjálfbærrar þróunar.

Eitt af grundvallaratriðum norðurslóðastefnu Íslands er að tryggja að Ísland hafi bein áhrif á þróun og alþjóðlega ákvarðanatöku í málefnum svæðisins. Ísland á bæði land og hafsvæði innan norðurheimskautsbaugs og engum dylst að Íslendingar reiða sig á viðkvæm náttúrugæði norðurslóða s.s. við fiskveiðar, ferðaþjónustu og orkuvinnslu. Ábyrgur málflutningur í alþjóðasamskiptum auk lagalegra, vistfræðilegra og efnahagslegra raka gegnir hér lykilhlutverki. Jafnframt er í stefnunni lagt til að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir víðtækri skilgreiningu á norðurslóðum sem byggi ekki aðeins á landfræðilegri afmörkun heldur tryggi að undir norðurslóðir falli einnig lönd og svæði sem tengjast því nánum böndum gegnum efnahagsleg, samfélagsleg, pólitísk og öryggistengd vensl.

Norðurskautsráðið er mikilvægasti vettvangur alþjóðlegrar samvinnu og stefnumótunar um hagsmunamál norðurskautsríkjanna átta; Bandaríkjanna, Danmerkur f.h. Grænlands, Finnlands, Íslands, Kanada, Noregs, Rússlands og Svíþjóðar. Tillagan kveður skýrt á um að efla beri ráðið til að takast á við yfirstandandi breytingar og vaxandi áhuga alþjóðasamfélagsins á málefnum norðurslóða. Það er sérstakt ánægjuefni að aðildarríki Norðurskautsráðsins skyldu ljúka viðræðum um fyrsta bindandi alþjóðasamninginn um leit og

> Alþjóðapólitísk ábyrgð og vægi Íslands og annarra norðurskautsríkja mun fara vaxandi.

björgun á norðurslóðum í Reykjavík fyrir skemmstu. Hann er mikilvægt fordæmi fyrir frekari samningagerð s.s. um mengunarvarnir og vöktun á norðurhöfum.

Málefni hafsins eru eðli málsins samkvæmt samþætt hagsmunum Íslands á norðurslóðum. Íslendingar þurfa að standa vörð um Hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna og vinna að því að hann verði lagður til grundvallar við úrlausn allra álitamála er tengjast nýtingu hafsins. Íslendingar voru leiðandi við gerð Hafréttarsamningsins og mikilvægt er að tryggja áframhaldandi samningagerð og samvinnu við önnur ríki um málefni er varða hagsmuni Íslands. Þetta varðar öryggishagsmuni, rannsóknir og viðbúnað til eftirlits og mengunarvarna. Sömuleiðis verða Íslendingar að beita sér gegn hervæðingu svæðisins. Norðurslóðir mega aldrei aftur verða vettvangur vígbúnaðarkapphlaups eða stórveldaspennu. Nú er tækifæri að gera svæðið að fyrirmynd um alþjóðlega samvinnu um sameiginlega hagsmuni, frið og öryggi.

Það er mikilvægt að efnahagsþróun á norðurslóðum stuðli að lífvænlegri samfélögum og hagsæld fyrir alla íbúa svæðisins, líka Ísland. Stefna okkar þarf að tryggja að íslenskir aðilar, sem búa yfir þekkingu, tækni og reynslu sem falla að aðstæðum norðurslóða, geti nýtt sér þau tækifæri sem kunna að skapast í kjölfar vaxandi efnahagsumsvifa tengdum auðlindanýtingu, ferðaþjónustu, siglingum og rannsóknum.

Vísindarannsóknir og fræðsla um málefni norðurheimsskautsvæðisins eru forsenda ábyrgrar þátttöku Íslendinga í umræðu og ákvarðanatöku um framtíðarþróun þess.

Staðreyndir um norðurslóðir

- Talið er að um 13% af ófundnum olíulindum og 30% af gaslindum sé að finna á norðurskautssvæðinu.
- Með opnun nýrra skipaleiða vegna bráðnunar íss á norðurslóðum er áætlað að siglingaleiðin milli Evrópu og Asíu styttist um 40%.
- Ísland er ásamt Bandaríkjunum, Danmörku, Finnlandi, Kanada, Noregi, Rússlandi og Svíþjóð aðildarríki að Norðurskautsráðinu sem stofnað var 1996 í Ottawa í Kanada.

Því þarf að efla þátttöku íslenskra fræðimanna í alþjóðlegu samstarfi um vísindarannsóknir og fræðslu og leggja rækt við innlent vísindastarf. Fjárfesting í rannsóknum á öllum þáttum norðurslóða getur ekki annað en styrkt stöðu okkar gagnvart öðrum þjóðum svæðisins, og byggt undir málstað okkar.

Síðast en ekki síst þurfum við að efna til öflugs samráðs og skoðanaskipta innanlands um stefnumótun í þessum mikilvæga málaflokki. Sú stefna stjórnvalda sem nú hefur verið lögð fram, er fyrsta skrefið.

Ágengar framandi lífverur eru umhverfisvandamál

Náttúruvernd

Fjórtán félagar í Vistfræðifélagi Íslands skrifa

Vistfræðifélag Íslands vill koma eftirfarandi á framfæri vegna ummæla talsmanna garðyrkju og skógræktar um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um náttúruvernd, sem birst hafa í Fréttablaðinu undanfarna daga:

Þótt alltaf megi finna skiptar skoðanir meðal vísindamanna, má fullyrða að meðal vistfræðinga hérlendis sem erlendis er það viðhorf ríkjandi að útbreiðsla ágengra framandi lífvera geti haft mjög róttækar líffræðilegar afleiðingar. Þessi skilningur er alls ekki bundinn við þröngan hóp vísindamanna heldur er hann almennt viðurkenndur í samskiptum ríkja á alþjóðavettvangi. Þar ríkir sátt og samstaða um þá alvarlegu ógn sem steðjar að náttúrulegum vistkerfum vegna ágengra framandi lífvera. Er hún til komin af slæmri reynslu þjóða heims og endurspeglast meðal annars í fjölda alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að og hafa það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum manna á náttúru jarðar. Má nefna Samninginn um líffræðilega fjölbreytni, Bernarsamninginn, Ramsarsamninginn, hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna og alþjóðasamning um plöntuvernd.

Ágengar framandi tegundir eru taldar meðal helstu ógna náttúrulegra vistkerfa. Kemur þetta skýrt fram í Þúsaldarskýrslu Sameinuðu þjóðanna (Millennium Ecosystem Assessment), ályktun nefndar Alþjóðanáttúruverndarráðsins (IUCN) um tegundir í útrýmingarhættu og með greiningum á válistum mismunandi landa. Þá valda ágengar framandi lífverur gríðarlegu fjárhagslegu tjóni um allan heim en áætlað hefur verið að það nemi meira en 5% af vergri heimsframleiðslu. Til samanburðar lögðu ríki OECD að jafnaði 6,2% af vergri landsframleiðslu til menntamála (öll skólastig) árið 2007. Þá bendir allt til þess að vandamál í tengslum við ágengar framandi tegundir eigi eftir að aukast á heimsvísu á næstu árum. Til að spyrna gegn þessari þróun hafa margar þjóðir sett sérstök lög eða lagagreinar um framandi tegundir og reynt að takmarka innflutning þeirra. Er þetta gert af illri nauðsyn, ekki til að leggja stein í götu hagsmunaaðila.

Í vísindasamfélaginu er almenn sátt um það hvaða tegundir teljist framandi. Staðfestingu á því má m.a. sjá í efnislega samhljóðandi skilgreiningum á framandi lífverum í líffræðilegum orðabókum, alþjóðlegum samningum og samvinnuverkefnum, ritrýndum vísindagreinum, fræðibókum um ágengar framandi lífverur og löggjöf fjölda landa. Í þessu sambandi er bent á úttekt Falk-Petersen o.fl. sem birtist í tímaritinu „Biological Invasions“ árið 2006 og samantekt á alþjóðlegum samningum og lögum sem sjá má á heimasíðu NOBANIS verkefnisins um framandi og ágengar tegundir í Norður- og Mið-Evrópu, www.nobanis.org. Ísland er þátttakandi í því verkefni.

Samkvæmt skilgreiningu er lífvera framandi ef menn hafa flutt hana viljandi eða óviljandi út fyrir sitt náttúrulega útbreiðslusvæði, þ.e. út fyrir það svæði sem lífveran gæti numið á náttúrulegan hátt án tilstilli manna, óháð því hvenær það gerðist. Reynslan hefur sýnt að um 10% framandi tegunda sem ná fótfestu í náttúrulegu umhverfi verða ágengar, þ.e. .a.s. rýra líffræðilega fjölbreytni, valda efnahagslegu eða umhverfislegu tjóni eða verða skaðlegar heilsufari manna. Það er hins vegar tvennt sem gerir ágengar tegundir sérlega erfiðar viðfangs. Í fyrsta lagi getur reynst mjög erfitt að sjá fyrir hvaða tegundir verði ágengar þar sem tegundir haga sér oft allt öðruvísi á nýjum stað en þær gera í sínum náttúrulegu heimkynnum. Hegðun tegundar á öðrum svæðum þar sem hún telst framandi veitir þó vísbendingu um hvort hún verði ágeng. Í öðru lagi getur reynst mjög erfitt og kostnaðarsamt að losna við ágenga tegund ef beðið er með aðgerðir gegn henni þar til hún er orðin útbreidd og ekki fer milli mála að hún valdi tjóni. Fjölmörg vel rannsökuð dæmi eru um mjög alvarlegar og óafturkræfar neikvæðar afleiðingar ágengra tegunda. Þetta eru ástæður þeirrar varkárni sem boðuð er gagnvart framandi tegundum í alþjóðasamningum og regluverki.

Við endurskoðun íslenskra laga um náttúruvernd verður að teljast eðlilegt að samræma skilgreiningar við þá alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að og taka mið af reynslu annarra þjóða varðandi framandi lífverur. Þess skal þó getið að í þeim drögum sem nú eru til skoðunar er alls ekki tekið fyrir allan innflutning framandi tegunda. Verði drögin að lögum verða útbúnir listar yfir tegundir sem ekki þarf að fá leyfi fyrir innflutningi eða dreifingu á. Þar sem þörf er á áhættumati verður innflutningur eða dreifing væntanlega leyfð ef litlar líkur eru taldar á að viðkomandi tegund verði ágeng. Þær fyrirbyggjandi aðgerðir sem finna má í núverandi drögum að frumvarpi um breytingu á lögum um náttúruvernd munu að áliti Vistfræðifélagsins draga verulega úr þeirri áhættu sem fylgir innflutningi og dreifingu framandi lífvera, íslenskri náttúru og skattborgurum í hag.

Stjórn Vistfræðifélags Íslands:
Ingibjörg Svala Jónsdóttir
Gísli Már Gíslason
Guðrún Lára Pálmadóttir
Lísa Anne Libungan
Tómas Grétar Gunnarsson

Starfshópur Vistfræðifélagsins um ágengar tegundir:
Menja von Schmalensee
Kristín Svavarsdóttir
Ása L. Aradóttir
Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Hafdís Hanna Ægisdóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir
Rannveig Magnúsdóttir
Róbert A. Stefánsson
Þóra Ellen Þórhallsdóttir

KJARNAFÆÐI

Norðlenskur - úrvals blandaður SÚRMATUR

MATUR ÚR EYJAFIRÐI
LOCAL FOOD

Súrmatur frá Kjarnafæði
-hinn íslenzki þorramatur

tímamót

timamot@frettabladid.is

64 **ÞÓRHALLUR SIGURÐSSON, LADDI,** skemmtikraftur er 64 ára í dag.
„Ég er margklofinn, en það er ekkert á það háu stigi að það hái mér neitt. Þetta er bara af hinu góða og það er gott að geta nýtt sér það.“

†

Móðir okkar og amma
Fanney Hjaltadóttir
frá Hólmavík, Smáraflöt 6,

verður jarðsungin frá Garðakirkju, Garðabæ föstudaginn 21. janúar kl. 15.00.

Ásthildur Benediktsdóttir
Benedikt Benediktsson

Guðmundur Benediktsson
Diane Benediktsson
Courtney Mary Benediktsson
Brittany Nicole Benediktsson

Fanney Anna Benediktsson
Hjalti Ingimundur Þórðarson
Þorsteinn Hjaltason

Helga Bahr
Sara Níelsdóttir
Arna Þorsteinsdóttir

Sigurlaug Hjaltadóttir

Böðvar Sveinsson
Hjalti Böðvarsson

Guðmundur Þórðarson

Kristín Magna Guðmundsdóttir

Fanney Guðmundsdóttir
Þórður Guðmundsson
Bjarni Guðmundsson

Linda Viðarsdóttir
Kristín Emilía Bjarnadóttir

†

Okkar ástkæri
Haukur Már Sigurðsson
Krosseyrarvegi 1, Hafnarfirði,

lést miðvikudaginn 12. janúar 2011. Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju, Hafnarfirði, föstudaginn 21. janúar kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnafélag Íslands.

Ágústa Hera Birgisdóttir
Hjördís Hera Hauksdóttir

Stefán Breiðfjörð Gunnlaugsson

Sigurður Birgir Magnússon
Ólafur Sigurðsson
Björn Bragi Sigurðsson
Freyja Margrét Sigurðardóttir
Erla Gísladóttir
og aðrir aðstandendur

Hjördís Hentze
Winnie Bertholdsen
Ingibjörg Gunnarsdóttir
Helgi Jón Harðarson

†

Elsku pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi
Ralph Thomas Hannam

lést laugardaginn 15. janúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni þriðjudaginn 25. janúar kl. 15.00.

Vilhjálmur Leifur Tómasson
Sólveig Hannam
Júlía Hannam
Elísabet Hannam
barnabörn og barnabarnabörn

Árni Ólafur Lárusson
Ragnar Þ. Ragnarsson
Örn Helgason

†

Hugheilar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur hlýhug, samúð og ómetanlegan stuðning við andlát og útför ástkærs sonar míns,
Sigurbjörns Kristjáns Hákonarsonar

Guðbjörg Sigurðardóttir og fjölskyldur

FJÖLMIÐLAVAKTIN: FAGNAR 30 ÁRA STARFSAFMÆLI

Verðmæti skapast í fjölmiðlum

„Upphaf fjölmiðlavaktarinnar má rekja rúm þrjátíu ár aftur í tímann. Þá voru fréttir úr dagblöðum klipptar út og límdar í hefti eftir málefnum. Fyrirtæki og stofnanir sem höfðu hag af því að vakta ákveðin málefni á borð við sjávarútvegsmál, kjaramál og annað slíkt gátu fengið senda bæklinga með útklipptum fréttum um þessi mál,“ segir Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri CreditInfo Fjölmiðlavaktarinnar. Starfið fór af stað að erlendri fyrirmynd og spilaði tækninýjungin ljósritunarvél stóran þátt í starfseminni.

„Síðan eru liðin mörg ár. Fjölmiðlavakt er í dag skilgreind sem fjölmiðlaþjónusta sem felur í sér að þjónusta og skapa afurð eftir að fréttin verður til,“ segir Rakel og bendir á að efnið sem Fjölmiðlavaktin haldi utan um sé æði víðfemt. Allt frá fréttum úr blöðum, útvarpi og sjónvarpi til umræðu sem fram fer á vefnum. „Úr þessu búum við til afurðir. Ein þeirra er gagnasafnið okkar þar sem hægt er að leita heimilda og er orðið mjög umfangsmikið. Einnig söfnum við upplýsingum um sérstök málefni og bjóðum einnig fyrirtækjum upp á þá þjónustu að vakta alla umræðu um það sjálft eða samkeppnisaðila þess,“ útskýrir Rakel en Fjölmiðlavaktin sér einnig um að greina efni, það er greina umræðu um ákveðin málefni, hverjir séu að ræða um þau og hvort umræðan sé jákvæð eða neikvæð.

Fjölmiðlaþjónusta CreditInfo er hluti af mun stærri heild. Þar starfa um 22 manns á vöktum sem hefjast klukkan fimm á morgnana og standa fram á kvöld, sjö daga vikunnar. „Við störfum kannski svolítið eins og fjölmiðill enda þurfum við að fylgjast stöðugt með,“ segir Rakel og bætir við að stór hluti af starfi Fjölmiðlavaktarinnar snúist um þýðingar enda fari mikið af efni úr íslenskum miðlum til útlanda.

Í tilefni af þrjátíu ára afmæli Fjölmiðlavaktarinnar verður boðið til móttöku í Tjarnarbíói síðdegis í dag þar sem Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra verður meðal gesta og flytur ávarp. „Með þessu viljum við benda á mikilvægi fjölmiðla og hvað fjölmiðlaumræða skapar mikil verðmæti á hverjum degi,“ segir Rakel og bendir á að fréttir séu ein besta söguheimildin. Fjölmiðlavaktin hefur yfir viðamiklum gagnagrunni að ráða en þar er að finna fréttir, myndir, myndskeið og auk þess mikið magn textahandrita úr öllum útvarps- og sjónvarpsfréttum. „Þessi gögn gætu vel nýst til rannsókna um hvernig íslenskt talmál hefur þróast,“ segir Rakel en í dag fá þrjár stofnanir, afhentan aðgang að textahandritasafni Fjölmiðlavaktarinnar. Þetta eru stofnun Árna Magnússonar, málvísindadeild HÍ og stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.

„Síðan munum við opinbera hvaða fjölmiðlaefni við teljum bera af síðustu áratugina,“ segir Rakel en vill ekki ljóstra fleiru upp um það að sinni en vonast til að sjá sem flest fjölmiðlafólk í Tjarnarbíói í dag kukkan 16.30.

solveig@frettabladid.is

VELJA BESTU FRÉTTIRNAR Rakel og félagar hennar í Fjölmiðlavaktinni hafa valið þær umfjallanir fjölmiðla sem borið hafa af síðustu áratugi. Hverjar þær eru verður tilkynnt við athöfn í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

†

Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi,
Hafsteinn Sigtryggsson
Mosfelli, Ólafsvík,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Vesturlands Akranesi, þriðjudaginn 11. janúar, verður jarðsunginn frá Ólafsvíkurkirkju laugardaginn 22. janúar kl. 14.00.

Sveinbjörn Sigtryggsson
Bjarný Sigtryggsdóttir
og aðrir aðstandendur.

Ríkarð Magnússon

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Jóhanna Björnsdóttir
Stóragerði 29, Reykjavík,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 16. janúar.

Jónas Jónasson
Björn Jónasson
Arnfríður Jónasdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Bára Sigfúsdóttir

†

Ástkær sonur minn, bróðir okkar, mágur og frændi,
Þorvaldur G. Blöndal
húsasmíðameistari Hraunbæ 14, Reykjavík,

varð bráðkvaddur á heimili sínu aðfaranótt 12. janúar. Útför Þorvaldar fer fram frá Neskirkju við Hagatorg, föstudaginn 21. janúar kl. 11.00.

Guðbjörg Þ. Blöndal
Guðrún Blöndal
Birna Blöndal
Ingunn Ó. Blöndal
Ólafur B. Blöndal
og systkinabörn

Gylfi Magnússon

Örn Stefánsson

Yndislegur sonur okkar, bróðir, barnabarn og frændi
Fannar Ingi Kárason
Vatnsholti 10, Reykjavík,

lést á bráðamóttöku Barnaspítalans 13. janúar eftir skyndileg alvarleg veikindi. Útför verður frá Háteigskirkju föstudaginn 21. janúar kl. 13.00.

Kári Halldórsson
Anna Valgerður Káradóttir
Halldór Halldórsson
Gunnar Ingi Gunnarsson
Skarphéðinn, Ingólfur, Kjartan, Ketill.

Inga Hrund Gunnarsdóttir

Ragnheiður Héðinsdóttir
Vigdís Hallgrímsdóttir

Þessi föngulegi herramaður sýnir hér föt úr haust- og vetrarlínu karla 2011-2012 frá Moschino, þar sem innblásturinn er sýnilega sóttur í heim íþróttanna. Línan var kynnt til sögunnar á sérstakri tískuviku karla í Mílanó nú fyrir skemmstu.

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

NIMIZER NÝKOMINN AFTUR !



teg. 4500 - í D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 6.990,-og fæst í hvítu, húðlitu og svörtu.

Smoothing 4500

Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Eirberg

Rafknúnir hægindastólar
sem auðvelda þér að setjast og standa upp

Fjölbreytt úrval

Opið virka daga kl. 9 -18
og á **laugardögum** kl. 11 -16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is

STÓRÚTSALA
40-70% afsláttur!

TUZZI
KRINGLUNNI
S: 5688777

Lára Stefánsdóttir, dansari og skólastjóri Listdansskóla Íslands, blandar saman gömlu og nýju.

Hlý föt fyrir dansara

Þótt flestir Íslendingar þurfi að huga að hlýjum klæðnaði yfir vetrarmánuðina er það dönsurum sérstaklega mikilvægt til að forða því að líkaminn stífni upp eins og Lára Stefánsdóttir, dansari og skólastjóri Listdansskóla Íslands, veit.

„Ég þarf að klæðast mjög hlýjum fötum til að fá hita í kroppinn og finnst mikilvægt að vera í góðum ekta efnum eins og ull, sem andar en er samt hlý," segir Lára.

Uppáhaldsflík Láru er mokkakápan sem hún klæðist en hún getur snúið henni við og þannig ýmist haft hana alveg hvíta eða látið skinnið snúa fram. „Mér finnst fötin þurfa að að vera þægileg og óþvingandi þannig að maður sé frjáls. Minn klæðnaður tekur líka mið af því að ég þarf að geta kennt í þeim og hreyft mig, auk þess sem hann þarf líka að vera fínn til að nota dagsdaglega í vinnunni. Því á ég mikið af leggings sem ég get æft í en henta líka hversdags. Annars finnst mér skemmtilegast að blanda saman nýju og gömlu."

Lára hefur í nægu að snúast en auk þess að stýra Listdansskólanum er hún þessa dagana að æfa í Svanasöngnum sem sýndur verður 4. febrúar í Íslensku óperunni. Ljóðatónlist Franz Schuberts er þar flutt af tónlistarmönnum í samstarfi við dansara en Kennet Oberly, sem sviðsett hefur mörg sérstök verk, sviðsetur Svanasönginn fyrir dansara.

juliam@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

ÚTSALA
Gerið gæða- og verðsamanburð

20-70%
AFSLÁTTUR
Af völdum vörum

10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.
(Gildir ekki með öðrum tilboðum)

Svefnsófi
með tungu hægri/vinstri og geymslu Svefnflötur 140x200
Tveir litir, verð **199.000**
Nú 99.500

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

TÍSKA

Tískuvikan í Berlín stendur nú sem hæst og að vanda kennir þar ýmissa grasa. Á meðfylgjandi mynd má sjá sýnishorn frá umfangsmikilli undirfatasýningu sem var einn af þeim fjölmörgu spennandi viðburðum sem boðið var upp á í ár.

ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

VORUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR

Allar nýjar vörur

30% afsláttur

Allt að

70% afsláttur af útsölu-vörum

MIÐ

Smart verslun fyrir konur - Firði Hafnarfirði

Sími 534 0073

FJÖRÐUR

www.fjordur.is

ALLSHERJAR *landkynning*

Fyrirtækið 66°Norður stóð fyrir umfangsmikilli sýningu á haust- og vetrarlínu sinni 2011 í New York á dögunum. Fjöldi blaðamanna mætti og eru jákvæðar umsagnir um fatalínuna farnar að birtast víða.

„Viðtökurnar fóru fram úr björtustu vonum, við erum enn í skýjunum yfir þessu öllu saman," segir Helga Viðarsdóttir, markaðsstjóri 66°Norður, sem efndi á dögunum til tískusýningar í New York þar sem haust- og vetrarlína fyrirtækisins árið 2011 var sýnd. Fullt var út úr dyrum meðan á tískusýningunni stóð og varð að vísa mörgum frá.

Þetta er í fyrsta sinn sem 66°Norður stendur fyrir tískusýningu af þessu tagi utan landsteinanna. „Við tjölduðum þarna öllu til, sýndum línuna eins og hún leggur sig, allt frá kuldaúlpum niður í ullarklæðnað," segir Helga og bendir á að undanfarið hafi verið birtast jákvæðar umsagnir um fatalínuna í fjölmiðlum og á tískubloggsíðum ytra.

„Einn tók svo skemmtilega til orða að nú væri loks hægt að taka á móti vetrinum vel búinn og flottur til fara, í hátískufatnaði frá 66°Norður," segir Helga, en fjöldi blaðamanna lét sjá sig á sýningunni þar á meðal frá The Huffington Post og tímaritinu W, sem og stjörnur á borð við Josh Strickland, úr raunveruleikaþættinum Holly´s World og stórir endursöluaðilar.

Fleira íslenskt var þó á sýningunni en klæðnaður. Boðið var upp á drykki frá Reyka Vodka og mat frá Lava, veitingastað Bláa lónsins og íslenska tónlist. „Þetta var ekki aðeins verið tískusýning heldur allsherjar landkynning," bendir Helga á og segir stefnt að því að endurtaka leikinn að ári. *roald@frettabladid.is*

5.000 KR. DAGAR Í FLASH

Kjólar
~~áður 16990~~
NÚ 5000

Skokkar
~~áður 14990~~
NÚ 5000

Allar gallabuxur
~~áður 9990~~
NÚ 5000

Gallapils
~~áður 8990~~
NÚ 5000

Toppar ~~áður 9990~~
NÚ 5000

Buxur ~~áður 9990~~
NÚ 5000

Ath takmarkað magn

Kápur
litlar stærðir
~~áður 19990~~
NÚ 5000

FLASH

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Frábær vara á góðu verði

Heilstæðar kremlínur fyrir þig

- Q10 fyrir húð sem er að byrja að eldast
- Lift- fyrir eldri húð
- Margar nýjungar í boði

Útsölustaðir:
Apótekið, Árbæjarapótek, Lyfjaval, Lyfjaver, Lyfja, Rima Apótek, Reykjavíkur ap., HNLFÍ,

Tíska er siður, venja, breytileg eftir breytilegum smekk, ríkjandi um skemmri eða lengri tíma, einkum í klæðaburði og snyrtingu.

Íslenska orðabókin.

Frábær þrenna:

Fótsnyrting með lökkun Verð: 5.500 kr.

Litun og plokkun Verð: 3.500 kr.

Brasilískt vax Verð: 3.500 kr.

Victoria Salon & Spa Laugavegi 178 Sími: 611-5500

Iker Romero, leikmaður spænska landsliðsins, var ófeiminn við að breyta um lit á hárinu. Hér er hann með ljósa rönd í kambinum. MYND/NORDICPHOTOS GETTY

Staffan Olsson sveiflaði síðu hárinu á vellinum í árarаðir. Enn sveiflar hann makkanum þegar hann les yfir hausamótunum á sænska liðinu, sem hann þjálfar í dag. NORDICPHOTOS/GETTY

Hártískan í handboltanum

Hártíska íþróttaheimsins er jafn skrautleg og annars staðar. Fréttablaðið tíndi til nokkra valinkunna handboltakappa sem hafa skartað hárgreiðslu sem tekið er eftir.

Meirihluti þjóðarinnar situr sem límdur við sjónvarpsskjáinn þessa dagana yfir Heimsmeistarakeppninni í handbolta. Ekki eru þó allir að horfa af einlægum íþróttaáhuga eða hvað? Fréttablaðið grunar ákveðinn hóp um að horfa frekar á útlit leikmanna en getu þeirra í íþróttinni og tók saman nokkra kappa sem greinilega hugsa um hárið á sér. *heida@frettabladid.is*

Róbert Gunnarsson er óhræddur við að prófa eitthvað nýtt og hefur oft skartað skemmtilegri hárgreiðslu. NORDICPHOTOS/GETTY

Logi Geirsson birtist áhorfendum á skjánum sem álitsgjafi eftir leiki. Hann hefur jafnan þótt bera ljósa lokkana vel og greiðslan haggast ekki.

Leikmenn íslenska liðsins eru nánast allir snöggklipptir á mótinu nema Björgvin Páll Gústavsson.

Stefan Kretzschmar, fyrrverandi leikmaður þýskalands, hefur gegnum tíðina ýmist skartað síðum dökkum lubba eða verið með það knallstutt og aflitað.

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá París

Fötin skapa manninn

Stjórnmálamenn hafa mismunandi skoðanir og stefnur en í Frakklandi er munurinn á þeim minni en ætla mætti ef litið er á klæðaburð þeirra og flíkurnar oft frá tískuhúsum sem hægt er að telja á fingrum annarrar handar. Þetta á sérstakleg við um karlmennina en konur, sem oft eru í drögtum, virðast þó leyfa sér meiri fjölbreytileika og hafa meira val.

Dauðlegur almúginn þekkir oft hvorki haus né sporð á þessum tískuhúsum stjórnmálamannanna sem geta státað af því að hafa forseta, kónga og önnur fyrirmenni í viðskiptavinahópi sínum. Því fyrirmennin standa ekki endilega í biðröðum hjá Dior, Prada, eða Saint Laurent líkt og kínverskir ferðamenn. Stjórnmálamenn sækja í glæsileika og þagmælsku eins og hjá Francesco Smalto þar sem hver pöntun fær dulkóða svo starfsfólkið viti ekki fyrir hvern er verið að sauma. Kannski ekki svo skrýtið þegar efnin sem notuð eru í jakkafötin geta kostað allt að 4.000 evrur metrinn eins og hjá Marc de Luca sem lengi hefur klætt stjórnmálamenn. Ítalska fjölskyldufyrirtækið Marinella má einnig nefna sem framleiðir bindi fyrir ekki ómerkari menn en Jóhann Karl Spánarkonung, Zapatero, Obama, Sarkozy og fleiri. Litir og munstur eru mismunandi enda þúsund framleidd á viku. Sjálfsagt er hægt að finna fleiri en einn stíl hjá stjórnmálamönnum eftir aldri en í Frakklandi eru fáar búðir sem geta státað af annarri eins velgegni og Arnys, í Sèvres-götu í 6. hverfi Parísar. Í kappræðum fyrir forsetakosningarnar 1988 gat Arnys státað af því að hafa saumað jakkaföt beggja frambjóðerndanna, Mitterrands og Chiracs!

Stundum fá föt meira vægi en þeim er ætlað á opinberum vettvangi og ekki alltaf gott að taka áhættu eins og Jack Lang, fyrrverandi menningarmálaráðherra, fékk að kynnast en hann er þekktur á Íslandi fyrir að hafa hlustað á Sykurmolana með Vigdísi Finnbogadóttur og Mitterand í Duus-húsi. Það vakti hörð viðbrögð þegar hann mætti á franska þjóðþingið í jakka með kínakraga, sem var þó engin pólitísk yfirlýsing heldur hönnun vinar hans Thierry Mugler. Árið 2003 í miðri hitabylgju þegar fimmtán þúsund eldri borgarar létust var heilbrigðisráðherrann, Jean-François Mattei, tekinn tali í sumarhúsi sínu á Rívíerunni í Lacoste-bol, sem þótti illa viðeigandi. Hann sagði af sér nokkru síðar þó ekki sé vitað hvort það skrifist á Lacoste. Rolex-úrið sem Sarkozy var með í sjónvarpsviðtali fyrir nokkru þótti einnig tákn um hroka og gleymist seint og þótti ekki endilega góð auglýsing fyrir söluna hjá Rolex.

bergb75@free.fr

Flík úr smiðju Francesco Smalto.

ÞORRINN

Þorri er fjórði mánuður vetrar í gamla norræna tímatalinu. Þorri hefst í þrettándu viku vetrar (18.-24. janúar miðað við gregoríanska tímatalið) og alltaf á föstudegi.

Bæði hefðbundið og nýstárlegt

Tvenns konar hlaðborð með yfir þrjátíu réttum eru á þorrahelgarveislum Hafnarinnar við Geirsgötu.

Hefðbundinn þorramatur er á öðru en á hinu nýtískulegri réttir á borð við kryddbakaða bleikju með piparrótarkremi og svartfuglsþynnur með djúpsteiktum Brie. Aðalréttur er svo borinn fyrir hvern og einn, eldsteikt lambafille, kryddlegið í brennivíni með kúmeni.

Feðgarnir Brynjar Eymundsson og Logi sonur hans hafa kokkað þetta saman og telja þorramatseðilinn henta „jafnt byrjendum sem lengra komnum“ og taka við sérpöntunum fyrir virka daga. Nánari upplýsingar eru á www.hofnin.is

Inga María með bjórvöndinn góða sem hún útfærði sjálf eftir að hugmyndin hafði skotið upp kollinum. Hún segir flestar vínbúðir búa yfir innpökkunarborði og auðvelt sé að líma flöskurnar saman með límbandi og pakka inn í fallegan vönd sem síðan gleður mannsins hjarta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kjúklingavængir með ástarkveðju

Á morgun er bóndadagur, sem markar upphaf þorra. Þá skulu karlmenn hoppa í kringum bæ sinn á nærhaldinu einu klæða en konur hlúa að bændum sínum með ástarhug, þorramat og gustuk.

„Ég sat einhverju sinni á hárgreiðslustofu og heyrði að konan í næsta stól vildi frekar gefa sínum heittelskaða bjórvönd heldur en blómvönd á bóndadaginn. Mér þótti hugmyndin svo góð að ég dreif mig í vínbúð þar sem ég valdi nokkrar bjórflöskur handa eiginmanninum. Af því að þetta átti að vera vöndur pakkaði ég þeim fallega inn í sellófan og slaufur svo úr varð fegursti bjórvöndur, sem var svo settur í blómavasa og beið hans á stofuborðinu þegar hann kom heim,“ segir Inga María Leifsdóttir, kynningarstjóri Íslensku óperunnar, en henni bregst ekki bogalistin þegar kemur að óvæntum glaðningi.

„Bjórvöndinn hef ég gert nokkrum sinnum aftur á bóndadag og ávallt við góðar undirtektir, en ég gæti þess jafnan að velja spennandi flöskubjóra sem gaman væri að smakka fyrir okkur hjónin og nú sjö girnilegar ölflöskur, fjórar íslenskar og þrjár belgískar. Þetta verður því eins og lítil bjórsmökkun í sellófani,“ segir Inga María, full tilhlökkunar.

„Bóndadagurinn er í uppáhaldi og ég reyni alltaf að gera eitthvað huggulegt. Stundum ber ég fram þorramat, sem hann er meira fyrir en ég, en í anda dagsins vel ég það skásta úr þorrabakkanum á veisluborðið, en læt mig ekki hafa það að borða súran pung og bringukoll,“ segir Inga María, sem giftist eiginmanni sínum, Kristbirni Helgasyni, fyrir sjö árum.

„Bóndadagurinn er kærkomin upplyfting í skammdeginu til að gera sér dagamun í mat, drykk og rómantískum stundum saman og fyrir íslenskar konur að vera góðar við maka sína,“ segir Inga María og leggur áherslu á að hvorki þurfi að vera dýrt né flókið að gleðja karlmenn.

„Á bóndadaginn í fyrra keypti ég kjúklingavængi og gos sem beið hans heima á eldhúsborði um miðjan dag, bara svona lítil, óvænt hvunndagsgjöf sem hann gæddi sér á einn og alveg í skýjunum. Það er nefnilega ástarhugur og þessi óvænta fyrirhöfn, að þekkja maka sinn og muna hvað hann kann að meta, sem hittir menn í hjartastað,“ segir Inga María sem þótt sniðug sé sjálf í óvæntum uppákomum segir eiginmann sinn slá sig út hvað slíkan dagamun varðar.

„Hann kemur mér sífellt á óvart með skemmtilegum gjöfum og upplifunum, og nýlega sendi hann mér SMS þar sem hann benti mér á að kíkja í fremra hólf handtösku minnar en þar leyndist fallegur miði sem útlistaði mjög nákvæmlega ævintýri kvöldsins. Ég held að öllum þyki innst inni gaman að láta koma sér á óvart, því það kitlar og gefur lífinu lit.“

thordis@frettabladid.is

Tölvur og tæki.

Sérblað • Fimmtudagur 20. janúar 2011

packard bell

PACKARD BELL TK36 FARTÖLVA
Glæsileg Packard Bell fartölva með 15.6" HD LED skjá og öllum helstu tækninýjungum á ótrúlegu tilboðsverði

- Intel Celeron 900 2.2GHz 1MB
- 2GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

Á tilboði í Tölvutek kr. 69.900

PACKARD BELL TK85 FARTÖLVA
Öflug leikjafartölva á áður óséðu verði með alla nýjustu tæknina, örþunn og fislétt aðeins 2.6kg

- Intel Dual Core P6100 2.0GHz 3MB
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED DiamondView 1366x768
- 512MB ATI HD5470 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

Á tilboði í Tölvutek kr. 119.900

PACKARD BELL TM85 FARTÖLVA
Ein öflugasta fartölvan í dag með ofur Intel Core i5 örgjörva og 1GB GeForce GT420M DX11 leikjaskjákort

- Intel Core i5-430M 2.53GHz Turbo
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.6" HD LED SLIM Diamond 1366x768
- 1GB GeForce GT 420M DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

Á tilboði í Tölvutek kr. 154.900

PACKARD BELL LM85 FARTÖLVA
Ein öflugasta 17.3" leikjafartölvan frá Packardbell með Intel Core i5 örgjörva og ofur öflugu leikjaskjákorti

- Intel Core i5-430M 2.53GHz Turbo
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17.3" HD LED SLIM Diamond 1600x900
- 1GB ATI HD5650 DX11 leikjaskjákort
- 300Mbps WiFi n þráðlaust net
- 1.3MP HD 1280x1024 vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

Á tilboði í Tölvutek kr. 169.900

TÖLVUTEK

Alltaf er nóg að gera í verslunum Tölvuteks.

Öll stærstu merkin fáanleg

Tölvutek státar af einu mesta úrvali landsins af fartölvum, að sögn Hafþórs Helgasonar framkvæmdastjóra. Tölvutek er með verslanir í Borgartúni í Reykjavík og Undirhlíð á Akureyri.

Hafþór Helgason, framkvæmdastjóri Tölvuteks.

Tölvutek býður upp á öll stærstu merkin í fartölvum eins og Packard Bell, Acer, Toshiba, HP, Sony, Asus, Lenovo og Apple. Verðið er allt frá 49.900 krónum. Einnig er Tölvutek með úrval af spjaldtölvum frá Point of View og Apple en það eru skemmtilegar vélar með alveg nýtt notagildi og á verði frá 34.900 krónum.

„Mest seldu fartölvurnar hjá okkur þriðja árið í röð eru Packard Bell. Þær eru leiðandi í tækninýjungum og möguleikum en Packard Bell fartölvur eru í hæsta gæðaflokki og hafa alltaf verið betur búnar en aðrar," upplýsir Hafþór Helgason, framkvæmdastjóri Tölvutek, og fjallar nánar um nýjustu fartölvurnar frá Packard Bell sem hann segir léttari, þynnri og með lengri rafhlöðuendingu en eldri vélar.

„Allir ættu að geta fundið fartölvu við sitt hæfi frá Packard Bell," byrjar Hafþór. „Við erum með 10", 11,6", 13", 15,6" og 17,3" tölvur í mismunandi útgáfum, lúxusfartölvur sem eru enn léttari úr svokölluðu Arctic-áli með álhnöppum og upplýstu músarborði, öflugar leikjafartölvur, áreiðanlegar skólatölvur með rafhlöðuendingu í allt að 10 tíma og loks eru sumar þeirra í mismunandi litum, svartar, hvítar, rauðar, bleikar og silfurlitar."

Nú í vikunni segir Hafþór meðal annars öfluga leikjafartölvu að lenda, á áður óséðu verði. Það er ný 15,6" fartölva sem vegur aðeins 2,6 kg. Hún er með sérlega þunnum 15,6 tommu SLIM HD LED skjá, öflugum tveggja kjarna Intel örgjörva, fjögurra gígabæta minni, 500 gígabæta diski og öflugu leikjaskjákorti. „Svo er hún á einstöku verði, aðeins 119.900 krónur," segir Hafþór og bætir við: „Flestar nýjustu fartölvurnar frá Packard Bell eru með öflugu DirectX 11 skjákorti sem er eftirsótt í alla nýjustu leikina, ásamt nýjustu og hröðustu örgjörvum frá Intel og AMD en nýju örgjörvarnir eru í senn kaldari, hraðari og meira orkusparandi."

Tölvutek er umboðs- og þjónustuaðili Packard Bell á Íslandi og flestir varahlutir eru til á lager. Hafþór segir að frá byrjun hafi samstarfið við Packard Bell verið í alla staði frábært og fyrirtækin séu sammála um það markmið að veita áfram framúrskarandi þjónustu. „Packard Bell er mjög framsækið fyrirtæki og oftast fyrst á markaðinn með tækninýjungar í fartölvum enda eru tölvurnar frá því aðeins búnar því nýjasta og besta hverju sinni."

Hafþór segir fistölvur vera sífellt vinsælli kost enda séu þær einstaklega hagkvæmar, léttar, fyrirferðarlitlar og með orkusparandi vélbúnaði til að fá hámarks rafhlöðuendingu. „Fistölvur eru orðnar meira spennandi en áður og í ár munum við fá fistölvur með öflugri vélbúnaði en áður án þess að það hafi teljandi áhrif á rafhlöðuendinguna. Tölvutek býður upp á mjög gott úrval fistölva frá Packard Bell, Asus, Lenovo, Acer, og HP en hægt er að fá fistölvur frá 1 kg til 1,5 kg í öllum regnbogans litum."

Afritun gagna nauðsynleg

Langflest gögn eru mikilvæg, hvort sem það er fyrir skóla, vinnu, fjölskylduna eða skemmtun, og því þarf að taka afrit af þeim.

LaCie er fyrirtæki sem hefur verið leiðandi í framleiðslu og hönnun á harðdiskflökkurum og minnislyklum. Að sögn Hafþórs Helgasonar, framkvæmdastjóra Tölvuteks, sameinar LaCie fallega hönnun, gæði og nýjustu tækni sem gerir vörurnar þaðan einstakar, enda hlotið öll virtustu verðlaun á sínu sviði fyrir hönnun, notandagildi og gæði síðustu tíu ár.

Nýjar vörur frá LaCie í verslunum Tölvutek eru m.a. „IamaKey" sem er hraður tveggja rása USB-minnislykill sem fæst í 4 GB, 8 GB og 16 GB útfærslum. Iamakey er í laginu eins og húslykill og er sérstök áferð á honum umlukin Gold SIP tækni sem sér um að halda frá honum rispum og raka. Með honum fylgir hugbúnaður til að dulkóða ákveðnar skrár eða möppur. Lykillinn smellpassar á lyklakippu og er þægilegur og einfaldur í notkun.

Iama-Key er hraður tveggja rása USB minnislykill í silfur, bláum og rauðum lit með 500GB geymsluplássi og í silfurlit með 1TB geymsluplássi.

Aukið öryggi og dulkóðun fæst með nýja „Rugged Safe."

Vinsælasti smáflakkarinn frá LaCie er „Rikiki Go" (rikiki þýðir pínulítill á frönsku) sem er einn allra minnsti flakkarinn á markaðnum í dag en hann er með innbyggðri USB snúru og er til Aukið öryggi og dulkóðun fæst með nýja „Rugged Safe." sem hannað er fyrir Tölvutek. Hann er með fingrafaralesara og gefur persónubundna gagnastýringu. Rugged Safe er gífurlega sterkbyggður og öruggur 1TB flakkari með USB 2.0 og FireWire 800 tengjum. Sérstaklega höggvarið álhús ver flakkarann og AES 128 bit dulkóðun verndar gögnin. Einnig fylgir Backup Assistant öryggis- og afritunarhugbúnaður til að auðvelda gagnaafritun.

Tölvutek er umboðsaðili LaCie á Íslandi en einnig eru til í verslunum Tölvuteks fjöldi annarra skemmtilegra tækninýjunga frá LaCie.

Nauðsynlegt er að velja sér vél við hæfi að sögn Jórunnar Bjarkar, verslunarstjóra BT. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sölumenn hjálpa til við valið á réttu vélinni

Verslanir BT eru í Skeifunni 11 í Reykjavík og í verslunarmiðstöðinni Glerártorgi á Akureyri.

Breið lína af Samsung-fartölvum er í boði í verslunum BT.

„Við bjóðum upp á mjög gott úrval af fartölvum og að sjálfsögðu hinum ýmsu fylgihlutum í verslunum okkar," segir Jórunn Björk Magnúsdóttir, verslunarstjóri BT í Skeifunni. „Hjá okkur má meðal annars finna fartölvur frá Acer, Asus, HP, Packard Bell, og síðast en ekki síst Samsung."

„Fartölvurnar frá Samsung eru að koma mjög sterkar inn hjá okkur og viðskiptavinir okkar hafa í auknum mæli snúið sér að þessu virta vörumerki, enda er Samsung þekkt fyrir gæðavörur og að sjálfsögðu mjög breiða vörulínu."

Jórunn segir að nú bjóðist í verslunum BT breið lína af Samsung-fartölvum við allra hæfi, og kosta til dæmis ódýrustu Samsung-tölvurnar aðeins 79.999 krónur.

Mjög mikilvægt er, þegar hugað er að kaupum á fartölvu, að gera sér grein fyrir til hvers nota eigi vélina. Er þetta vél sem nota á í skóla, eða eru kannski gerðar meiri kröfur til vélarinnar, til dæmis í myndvinnslu eða til að spila tölvuleiki, svo eitthvað sé nefnt. Sölumenn í verslunum BT hjálpa viðskiptavinum að finna réttu vélina hverju sinni.

Spurð hvað sé mikilvægast að hafa í huga við kaup á fartölvu, segir Jórunn, að nauðsynlegt sé að velja vél við hæfi, eins og áður sagði, og ekki síður að velja tölvu eða vörumerki, sem tryggir góða endingu, gæði og þjónustu. „Margir af okkar viðskiptavinum notfæra sér einnig þann valkost að kaupa aukatryggingu með nýju fartölvunni sinni, en með því bætist eitt ár við ábyrgðartímann, auk þess sem tölvan er þá tryggð fyrir óhöppum og slysum sem auðvitað geta alltaf komið fyrir."

„Þess má einnig geta," segir Jórunn, „að margir kjósa að koma til okkar í BT í Skeifunni til að kaupa fartölvur og annan tækjabúnað vegna þess að við bjóðum upp á mjög rúman afgreiðslutíma, en við höfum opið til klukkan 22 alla daga vikunnar, þannig að öll fjölskyldan getur komið til okkar í góðu tómi til að velja sér rétta búnaðinn. Við bjóðum einnig mjög gott úrval af öllum aukabúnaði sem tilheyrir tölvum, eins og t.d. fartölvutöskur, flakkara, prentara, lyklaborð, mýs, minnislykla og margt margt fleira."

Samsung Galaxy Tab spjaldtölva

Hinar svokölluðu spjaldtölvur njóta í dag ört vaxandi vinsælda. Samsung hefur hellt sér út á þann markað af fullum krafti og Samsung Galaxy Tab er góður vitnisburður um það. Samsung Galaxy Tab hefur allt sem slík græja þarf að hafa og rúmlega það. Hún er einstaklega nett með 7" snertiskjá, þráðlausri tengingu, myndavél, 3G og er auk þess sími. Samsung Galaxy Tab keyrir á Android 2.2 stýrikerfi, er með 1 Ghz örgjörva og 16 GB minni. Með þessa græju í höndunum þarftu heldur ekki að hafa áhyggjur af að villast þar sem hún inniheldur Google Maps leiðsögukerfi. Frábær spjaldtölva á aðeins 149.999 kr. Sjón er sögu ríkari í verslunum BT.

Samsung R530-JA06SE
„Flott tölva fyrir netið, skjölin, skólann og myndirnar"

- Skjár: 15,6" LED HD
- Örgjafi: Intel Celeron Dual Core T3300
- Skjárstýring: Intel GM45
- Harður diskur: 250 GB Sata
- Vinnsluminni: 2GB DDR3

Verð: 79.999 -

Samsung RV510-A02SE
„Skóli, netið, vinna, gleði – þessi er til í tuskið!"

- Skjár: 15,6" LED HD
- Örgjafi: Intel Pentium T3500
- Skjástýring: Intel GMA X4500 á móðurborði
- Harður diskur: 320 GB Sata
- Vinnsluminni: 2GB DDR3

Verð: 99.999 -

Samsung R540-SO6SE
„Vinnuþjarkur – stór, öflug og kraftmikil"

- Skjár: 15,6" LED HD
- Örgjafi: Intel Core i3 370M
- Skjákort: ATI Radeon HD545
- Harður diskur: 500 GB Sata
- Vinnsluminni: 4GB DDR3

Verð: 139.999 -

Samsung SF510-S01
„Glæsileg og kröftug – með útlitið í lagi!"

- Skjár: 15,6" LED HD
- Örgjafi: Intel Core i3 370M
- Skjákort: Nvidia Geforce 310M
- Harður diskur: 500 GB Sata
- Vinnsluminni: 4GB DDR3

Verð: 169.999 –

BT

Skemmtilegi vinnufélaginn

Lenovo ThinkPad Edge

Glæsileg fartölva fyrir einstaklinga og smærri fyrirtæki. Vökvaþolið lyklaborð og fallvörn.

Örgjörvi: AMD Turion II Neo X2 Dual Core K625 64bit
Skjár: 13"
Þyngd: 1,74 kg

Verð: 129.900 kr.

Flott á netið

Lenovo IdeaPad U160

Fislétt og skemmtileg fartölva fyrir heimilið með nýjustu Intel Core tækni.

Örgjörvi: Intel Core i3-330UM Dual Core
Flýtiminni: 3MB
Skjár: 11,6" LED HD
Þyngd: 1,4 kg

Verð: 114.900 kr.

Frábær fyrir skólann

Lenovo IdeaPad Z560

Kraftmikil margmiðlunartölva fyrir skólafólk. Öflug vél með nýjustu Intel Core tækni.

Örgjörvi: Intel Core i3-350M Dual Core 2,26GHz
Þyngd: 2,6 kg

Verð: 139.900 kr.

Algjör vinnuhestur

Lenovo ThinkPad T410

Sameinar nýjustu tækni, gæði og einstaka hönnun. Vökvaþolið lyklaborð og fallvörn.

Örgjörvi: Intel Core i3 370M (2,40GHz) með 2 kjörnum
Skjár: 14,1" TFT LED breiðtjaldsskjár m. innbyggðri myndavél
Þyngd: frá 2,27 kg

Verð frá 194.900 kr.

Allar vélar eru með 3 ára ábyrgð.

NÝHERJI

Nýherji hf. Borgartúni 37 www.netverslun.is BETRI LAUSNIR

Vinnuhestar sem þola síbreytilega tískustrauma

Lenovo-merkið er þekkt fyrir svartar fartölvur enda svartur tímalaus litur.

Gísli Þorsteinsson hjá Nýherja segir endingu fartölva frá Lenovo afar góða.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við hjá Nýherja erum með mjög breiða línu af Lenovo-fartölvum við allra hæfi. Það má eiginlega segja að viðskiptavinir velji fyrst skjástærð og þyngd en skoði síðan þær gerðir sem koma til greina. Ef valið snýst um létta 13" vél þá eigum við vélar frá 129.900 kr. en margir hafa áttað sig á því hve þægilegt er að vera með netta vél, til dæmis í skóla," segir Gísli Þorsteinsson hjá Nýherja. Hann segir að smærri vélarnar hafi komið mörgum á óvart, einkum hversu öflugar þær séu miðað við stærð.

Lenovo-framleiðandinn er meðal annars þekktur fyrir svarta litinn á ThinkPad-vélum sínum og segir Gísli að oft sé sagt í gamni að ThinkPad sé með margar útfærslur af svörtu. „Nú hefur hins vegar ThinkPad Edge línan verið fáanleg í rauðu. Svart er engu að síður tímalaus litur sem þolir síbreytilega tískustrauma og eru ThinkPad-vélarnar oft notaðar í 5-7 ár. Reyndar er endingin í Lenovo ThinkPad vélunum afar góð, þetta eru miklir vinnuhestar. Við höfum til dæmis fengið í endursölu sex ára gamlar ThinkPad-vélar sem lifa góðu lífi."

Aðspurður segir Gísli þarfir fólks mismiklar, til dæmis dugi tölvur með 2GB vinnsluminni, 250 GB disk og Windows 7 flestum sem eru í skóla. „Vægi örgjörva er ekki eins mikið og áður því nær allar skólavélar eru nógu öflugar og því ekki þörf á að huga sérstaklega að þeim þætti, nema ef fólk hyggst nota tölvurnar til þess að spila leiki."

Þá segir Gísli að gríðarlegur áhugi sé á hvers kyns miðlun á netinu, hvort sem það sé í gegnum Facebook eða Youtube og það hafi kallað á nýja notendamöguleika fyrir fólk. „Má þar nefna vaxandi áhuga á gerð myndbanda fyrir netið og innbyggðar vefmyndavélar til dæmis fyrir samskipti í gegnum Skype."

Meiri hraði og orkusparnaður

VOTTUN FYRIR ORKUSPARANDI TÖLVUR

Tölvuframleiðandinn Lenovo hefur hlotið Svansmerkið, norræna umhverfisvottun, fyrir orkusparandi tölvur.

Svanurinn gerir neytendum kleift að velja umhverfisvænni vörur og þjónustu sem hefur minni skaðleg heilsuáhrif. Strangar kröfur Svansins tryggja að búið er að lágmarka neikvæð umhverfis- og heilsuáhrif tengd ferli vörunnar, allt frá hráefnis- og orkunotkun, notkun hættulegra efna, flutninga, meðhöndlun úrgangs o.fl., segir á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Svansvottaðar tölvur, eins og frá Lenovo, eru orkusparandi, auk þess sem búið er að lágmarka notkun hættulegra efna, svo sem þungmálma og eldvarnarefna. Öll plastefnin í tækin þurfa að vera klórfrí. Lögð er áhersla á að notkunarþægindi, uppfærslumöguleikar og endurvinnanleiki tækjanna sé eins og best verður á kosið, segir á vefnum. Umbúðir Lenovo-tölva eru einnig úr endurunnum efnum.

AÐEINS SJÖ SEKÚNDUR AÐ RÆSA WINDOWS

Lenovo, sem er einn stærsti framleiðandi tölvubúnaðar í heiminum, sló í gegn á CES-tæknimessunni (Consumer Electronics Show) í Las Vegas í janúar, en þar kynnti fyrirtækið ýmsar nýjungar og spennandi hugmyndir um þróun tölvubúnaðar á þessu ári. Meðal þess sem er væntanlegt á markað í vor eru nýir örgjörvar frá Intel (Core i) sem auka afköst tölvubúnaðar verulega og verða í öllum vörulínum Lenovo. Tölvuframleiðandinn hefur einnig unnið með Microsoft að þróun Windows 7-stillinga sem gerir það að verkum að Lenovo ThinkPad tölva er aðeins sjö sekúndur að ræsa Windows.

Meðal áhugaverðra lausna eru tvær gerðir spjaldtölva sem koma á markað síðar á árinu og svo uppfærsla á öllum gerðum ThinkPad-véla sem Nýherji mun kynna á næstu mánuðum.

Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.

Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.

AFGREIÐSLUTÍMI
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Töfrasproti sem skiptir um sjónvarpsstöð

Hugmyndaflugi uppfinningamanna virðast engin takmörk sett. Eftir örlítinn rúnt um hið víða internet fundust eftirfarandi græjur sem fá tæknilúða líklega til að hoppa hæð sína í loft upp af kæti.

ScentScape er ný græja frá fyrirtækinu Scent Sciences. Hana er hægt að tengja við leikjatölvur og gefur hún frá sér lykt sem tengist því sem gerist í leiknum. Ef leikurinn berst inn í skóg gefur tækið frá sér ilm af greni, en sjávarlykt ef tölvuleikurinn gerist í sjó. Frá þessu er greint á vefsíðu Daily Mail.

Á vefsíðunni www.boysstuff er að finna ýmis furðutæki. Til dæmis er þar hægt að festa kaup á SAS-njósnarapenna. Í pennanum er örsmá myndatökuvél. Hverjum slík vél kæmi að notum, fyrir utan njósnara hennar hátignar, er ekki gott að segja, en skemmtilegur er hann. Penninn getur tekið upp allt að 15 klukkustundir af efni. Inni í pennanum er USB-tengi og því auðvelt að hlaða efni inn á tölvu.

Á sömu vefsíðu má kaupa nýstárlegan kodda með innbyggðum hátölurum og tengi fyrir iPod, MP3, geislaspilara og fleira. Með þessari nýju lausn losna menn við hin óþægilegu heyrnatól sem oft geta verið þreytandi en fá í stað þess mjúka höfuðhvílu með uppáhaldstónlistinni sinni. Ekki þarf rafhlöður í púðann en hátalararnir virka í raun eins og heyrnartól.

Þó að Transformer-myndin sé nokkurra ára gömul má minnast á græjur sem komu fram á svipuðum tíma. Þær kallast The Real Gear Transformers series en þar er að finna farsíma, myndavélar, leikjatölvur og minnislykla sem geta breyst í vélmenni á borð við þau sem sjást í myndinni Transformers. Þessar græjur fundust á vefsíðunni technabob.com.

Vefsíðan coolquirks.com er bráðskemmtileg en þar er bent á ýmsar græjur. Til dæmis „Air Hogs Hawk Eye“ sem er fjarstýrð þyrla með innbyggðri myndavél. Einnig er á síðunni bent á „The Magic Wand Remote Control“ sem er töfrasproti með tæknibrellu. Hægt er að kenna sprotanum allt að þrettán skipanir og þannig hægt að hækka og lækka hljóðið í sjónvarpinu, skipta um stöð og slökkva. Eigandi sprotans verður mikilvægasti maður heimilisins og líklega sá svalasti.

Ólafur Arason, tæknifræðingur og eigandi Tæknibæjar, með Netbook-fartölvu sem notið hefur mikilla vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Aukin áhersla á Netbook-fartölvur hjá Tæknibæ

Tæknibær fagnar 25 ára afmæli á árinu og býður af því tilefni upp á aukið úrval sértilboða. Fyrirtækið hefur að undanförnu breikkað vöru-sviðið gríðarlega eins og sjá má á vefsíðunum www.tb.is og www.computer.is.

Stefnt er að því að styrkja stoðirnar enn frekar sem vel þekkt smásölu- og netverslunarfyrirtæki á markaðinum að sögn Ólafs Arasonar, stofnanda og framkvæmdastjóra Tæknibæjar. „Það munum við gera með auknu úrvali af tölvutengdum tækjum, heildarlausnum og bættri þjónustu við alla landsmenn," segir Ólafur.

NETBOOK

Netbook (Networking Notebook) fartölvurnar eru meðal þess sem Tæknibær leggur áherslu á en þær hafa aukið vinsældir sínar jafnt og þétt. „Þær komu í raun á markaðinn árið 2007 þótt þær eigi sér aðdraganda alveg frá 1990. Nú er þeim ætlað að skáka venjulegum fartölvum, meðal annars sökum léttleika og hagstæðs verðs, en þyngdin er ekki nema um 1 kg og verðið tugum þúsunda lægra en á sambærilegum hefðbundnum fartölvum," segir Ólafur.

Í byrjun voru Netbook-fartölvurnar með 5" til 12" skjám, en nú eru þær framleiddar með 10" og 12" skjám. Síðari hluta árs 2008 fóru Netbook-fartölvurnar að saxa á markaðshlutdeild hefðbundinna fartölva og hefur sú hlutdeild vaxið jafnt og þétt síðan, enda er hún nægilega öflug til að fullnægja stórum hluta nútíma PC-notenda. Sem dæmi má nefna fór salan úr 400 þúsund árið 2007 í 11,4 milljónir 2008 og á árinu 2009 seldust meira en 35 milljónir eintaka.

„Áætlanir gera ráð fyrir að salan á Netbook-fartölvum nái 140 milljónum eintaka á árinu 2013. Vísbendingar eru um að hlutdeild Netbook fartölva á fartölvumarkaðnum hafi náð 20% þegar á árinu 2009. Í upphafi komu þær með Linux og Windows XP en nú er Windows 7 Starter-stýrikerfið orðið ráðandi í þeim. Flóðgáttir opnuðust fyrir framleiðslu Netbook með tilkomu Intel Atom örgjörvans og hitavandamál sem hrjáðu þessa stærð af fartölvum var þar með nánast úr sögunni," segir Ólafur.

Intel Atom örgjörvinn hefur þróast síðan og núna í vikunni fékk Tæknibær í fyrsta sinn Netbook fartölvur frá Asus með nýja Intel Atom Dual Core N550 1,50 GHz örgjörvanum. Hér að ofan má sjá helstu eiginleika tölvunnar. Verðið er aðeins 79.900 krónur.

Í STUTTU MÁLI

Framleiðandi og tegund: ASUS 1015PEM-MU17-BK
Harður diskur: 250 GB, 5.400 sn./mín
Kortalesari: 3-in-1 sem styður MMC/ SD/ SDHC
Minni: 1 GB DDR3 SODIMM stækkanleg í 2 GB
Myndavél: Innbyggð 0,3 MP vefmyndavél
Netbúnaður: 10/100 netkort og 802.11b/g/n þráðlaust netkort
Rafhlaða: 6 hólfa 48W/h Li-Ion, 10 klst. hleðslutími
Skjákort: Intel UMA
Skjástærð: 10,1 tomma
Stýrikerfi: Windows 7 Starter 32ja bita
Örgjörvi: Intel Atom Dual Core N550, 1,5 GHz

Teiknibørð frá Genius

Genius-teiknibørðin njóta sífellt aukinna vinsælda, enda hagkvæm og áreiðanleg, en eru auk þess jafnvíg fyrir PC og Mac. Boðið er upp á sex mismunandi gerðir teiknibørða fyrir allt frá byrjendum til atvinnumanna. Á þessari vefslóð má skoða allar gerðirnar: http://www.computer.is/flokkar/237/

Stafræn teiknibørð eru mikilvæg tölvutengd tæki í tækjabúnaði grafískra hönnuða og listamanna. Þau örva m.a. sköpunargáfuna og auka afköst. Teiknibørð gegna ýmsum tilgangi fyrir ólíka notendur og hafa eiginleika með það að markmiði að létta fyrir og gera notkun tölvunnar þægilegri og ánægjulegri.

Genius-teiknibørðin eru jafnvíg fyrir PC- og Mac-tölvur.

HVAÐA TILGANGI ÞJÓNAR TEIKNIBORÐ?

Teiknibørð er tæki sem leyfir notanda að setja upplýsingar inn á tölvuna í formi teikninga eða skrifta á pappírsblað. Þau koma í stað músar og er hugsað til að notandi geti verið í nánari snertingu við hönnun, teikningar eða málun í tölvuumhverfi. Meginhlutarnir í teiknibørði eru teikniplatan (e. pad) og penninn.

HVERNIG Á AÐ BYRJA?

Eftir að notandi hefur tengt teikniplötuna við USB-tengi í tölvunni og sett upp reklahugbúnaðinn er hægt að byrja að teikna rétt eins og að teikna á pappír. Teikniforrit fylgja Genius-teiknibørðunum en auk þess má nota forrit eins og Microsoft Paint, Photoshop eða atvinnumannaforrit eins og AutoCAD svo dæmi séu tekin. Fullkomnar hjálparaðgerðir sem fylgja teikniforritunum nýtast afar vel í háþróaðri myndvinnslu.

TOSHIBA

HÁGÆÐA FARTÖLVUR Á FRÁBÆRU TILBOÐI

Fyrir þá sem eru að leita að öflugri og traustri fartölvu er Toshiba málið.
Hágæða fartölvur sem byggðar eru til að endast og á verði við allra hæfi.

Toshiba Satellite C660-14X

- 2.3GHz Intel Pentium Dual-Core T4500 örgjörvi
- 2GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- Vefmyndavél
- Intel GMA 4500M skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

4 TÍMA RAFHLÖÐUENDING

79.990

FULLT VERÐ KR. 109.990

Toshiba Satellite L650-11J

- 1.86GHz Intel Pentium Dual-Core P6000 örgjörvi
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED skjár
- 512MB AMD Radeon HD5145 skjákort
- VGA myndavél í skjá
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

99.990

FULLT VERÐ KR. 119.990

Toshiba Satellite L670D-13X

- 2.3GHz Mobile AMD V Series V140 örgjörvi
- 3GB DDR3 1066MHz minni
- 320GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 17.3" WXGA LED skjár
- VGA myndavél í skjá
- AMD Radeon HD4250 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

99.990

FULLT VERÐ KR. 119.990

Toshiba Satellite L670D-13T

- 2.2Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile P340 örgjörvi
- 4GB DDR3 1066MHz minni
- 500GB SATA diskur
- DVD og CD-RW skrifari
- 17.3" WXGA LED skjár
- VGA myndavél í skjá
- 512MB AMD Radeon HD5145 skjákort
- Windows 7 Home Premium 64-BIT

119.990

FULLT VERÐ KR. 149.990

TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17	GLERÁRGÖTU 30	MIÐVANGI 2-4	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	REYKJAVÍKURVEGI 66
SÍMI 414 1700	SÍMI 414 1730	SÍMI 414 1735	SÍMI 414 1740	SÍMI 414 1745	SÍMI 414 1750

Sigtryggur Baldursson tónlistarmaður hefur umsjón með listaverkefni í Molanum, ungmennahúsi Kópavogs, sem miðar að því að kenna ungmennum þar í bæ að búa til tónlist, taka upp myndbönd og hljóð og hanna leikmynd og búninga og fleira. Nánari upplýsingar í síma 570-1646.

Frumflytur nýjar og gamlar söngperlur

Stórsöngvarinn Kristinn Sigmundsson segist aldrei á einsöngstónleikum hafa flutt jafnmikið af nýju efni og á væntanlegum tónleikum sínum í Salnum í Kópavogi um næstkomandi helgi. Þar kemur hann fram ásamt píanóleikaranum góðkunna Jónasi Ingimundarsyni sem á nokkur lög, auk tónskáldanna Mozarts, Beethovens, Johns Spade og fleiri.

„Þetta verður sannkölluð söngvaveisla, úrval laga eftir bæði erlend og innlend tónskáld; sumt hefur aldrei verið flutt áður hérlendis og annað er alveg nýtt. Ég hef sjálfsagt sungið jafn mikið af nýju efni á svona einsöngstónleikum," segir Kristin Sigmundsson óperusöngvari sem heldur tvenna tónleika ásamt Jónasi Ingimundarssyni píanóleikara í Salnum í Kópavogi um helgina.

Á tónleikunum verða frumflutt lög eftir Jónas, auk þess sem útgáfu bókar með lögum hans verður fagnað. „Þetta eru tíu lög, flest í frumflutningi, falleg og lítil við texta hinna og þessara skálda, sem Jónas hefur verið að semja í gegnum tíðina," segir Kristinn og fer fögrum orðum um tónskáldið. „Jónas er klár, skemmtilegur og þægilegur í samvinnu enda höfum við unnið saman á flestum ljóðatónleikum sem ég hef sungið á síðustu ár. Við erum eiginlega orðnir hálfgerðir síamstvíburar."

„Við erum eiginlega orðnir hálfgerðir síamstvíburar," segir Kristinn Sigmundsson um samstarf þeirra Jónasar Ingimundarsonar. Þeir félagar halda tvenna tónleika í Salnum í Kópavogi um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fleira er á efnisskránni, þar á meðal lög eftir John Spade við ljóð Þorsteins frá Hamri, ein konsertaría og tvær óperuaríur eftir Mozart, úr Don Giovanni og Brúðkaupi Fígarós, og lög eftir Beethoven við ítalska texta, sem er að sögn Kristins nokkuð óvenjulegt útspil af hálfu tónskáldsins, sem samdi yfirleitt á móðurmáli sínu, þýsku.

Kristinn getur þess að þeir félagar hafi svo til eingöngu komið fram hérlendis í Salnum síðan hann var vígður fyrir tólf árum. Honum finnst alltaf jafn gaman að syngja á Íslandi og segir töluverðan mun á því og að koma fram erlendis. „Óperuhúsin úti í Bandaríkjunum og Evrópu, þar sem ég hef mestmegnis unnið síðustu fimmtán ár, taka allt að fimm þúsund manns í sæti og eru mun stærri en þau íslensku, þannig að hér er alltaf heimilislegt og mjög þægilegt að syngja, svona næstum eins og fyrir vini sína heima í stofu."

Lítið fer fyrir hins vegar fyrir heimilislegu andrúmslofti í næsta stórverkefni sem Kristinn tekur sér fyrir hendur úti í heimi, en það er hlutverk í óperunni Tristan og Ísold eftir Wagner við óperuna í Berlín í mars. „Þetta er stór sýning, fimm klukkustundir í flutningi og heilmikil örlagasaga þessara ungu elskenda, en ég fer með hlutverk konungsins sem Tristan, trúnaðarvinur og hægri hönd hans, stingur undan," útskýrir Kristinn og segir hlutverkið eins og klæðskerasniðið fyrir sig. „Reyndar gildir um Wagner að yfirleitt er eins og hann hafi samið bassahlutverkin sérstaklega með mig í huga. Ég þarf ekki að hafa mikið fyrir þessu, bara syng. Hann var ekki eins góður við tenórana."

Fyrst eru það tónleikarnir í Salnum í Kópavogi, en þeir fyrri verða að sögn Kristins á laugardag klukkan 20 og hinir á sunnudag klukkan 17. Allar nánari upplýsingar um tónleikana má finna á vefsíðunni salurinn.is.

roald@frettabladid.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 102798

Ljóðstafur

Jóns úr Vör

Verðlaun í ljóðasamkeppninni Ljóðstafur Jóns úr Vör verða veitt í tíunda sinn föstudaginn 21. janúar, kl. 20.00 í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs.

Að þessu sinni bárust um 350 ljóð í keppnina og fær sigurvegarinn peningaverðlaun og verðlaunagripinn, ***Ljóðstaf Jóns úr Vör***, til varðveislu í eitt ár.

Dómnefnd skipa Sigurður Pálsson rithöfundur, Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur og Gerður Kristný rithöfundur, sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Dagskrá:
- Ávarp formanns lista- og menningarráðs.
- Sýnd verður stutt heimildarmynd um Jón úr Vör.
- Afhending *Ljóðstafsins* fyrir árið 2011.
- Ljóðalestur handhafa *Ljóðstafsins* 2002–2011.
- Léttar veitingar að dagskrá lokinni.

Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.
Lista- og menningarráð Kópavogs

ÞJÓNUSTA

Garðyrkja

TRJÁKLIPPINGAR
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s 848 9600

TRJÁKLIPPINGAR
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

Bókhald

Þarftu að koma bókhaldinu og opinberum skilum í lag. Við vinnum með þér. Hafðu samband í síma 5177833 Ráðþing

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málarar
Alhliða málingarþjónusta, getum bætt við okkur verkefnum, tilboð eða tímavinna. S. 697 8356.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pínófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsaviðhald

HAMRABORG ehf
Þakpappaþjónusta
Almennar húsaviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

Glerjun og gluggaviðgerðir
Lása og hurðaviðgerðir ásamt öðrum smíðaverkefnum. Glugga og hurðaþjónustan, S. 895 5511 smidi.is

ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.

Tökum að okkur parketslípun
um allt land. 15 ára reynsla í parketlögnum, parketslípun,sólpallasmíði og sólpallaslípun. Einnig gegnheil eik til sölu. Sjáið myndir á www.parketplankar.is Uppl í s. 772 8100

Nudd

Nudd. Nudd. Nudd. Exclusive Whole Body Massage. S.6922126, Alena

BEST MASSAGE!!!WITH TWO OR FOUR HANDS!!! 693 75 97

NUDD 2 fyrir 1 TILBOÐ S. 823 8280
Líkamsskrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, fótaðagerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín og næringarráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 823 8280. Gjafabréf. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

New whole body massage. S. 864 8449, Isabella.

Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Spádómar

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spámiðlun - árulestur - heilun. Laugardaga í miðbænum. Hólmfríður. 867 3647. www.spamidill.is

Þjónustuauglýsingar

Alla fimmtudaga

Símaspá og ræð einnig drauma. Ekkert mínútugjald. Tímapantanir í S. 891 8727, Stella.

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla
VISA 566 7311 EURO

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Hanna S. 555 2927 visa/euro
Andleg leiðsögn
Draumar
Tarot
Opið alla virka daga

Rafvirkjun

RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is

Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Viltu bæta lífsstílinn og lækka matarkostnaðinn á sama tíma. Kynntu þér Herbalife. Gerður 6183282, gerdurbj@simnet.is

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Nudd

TANTRA MASSAGE
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Þjónusta

Reykstopp með árangri s:694 5494
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

Fæðubótarefni

Herbalife, fyrir alla. www.dagamunur.is Sendið SMS 8918902 eða asta@dagamunur.is

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Til sölu

Beitu síld og beitu makríll til sölu. Upplýsingar í síma 892 0367.

ditto.is

TILBOÐ! 10-25% afsláttur í janúar
Mikið úrval af saltkristal lömpum og kertastjökum. ditto.is Smiðjuvegi 4, græn gata. Kópavogi. Sími 517-8060 www.ditto.is

Er með glænýjan Liberty Safe Fatboy byssuskáp til sölu. Litur: grár glans. Hæð: 1,537 m. Breidd: 1,067 m. Dýpt: 0,775 m. Þyngd: 880 pund. Hrikalega fallegur byssuskápur með takkalás og lýsingu. Ekta mubla í stofuna. Selst á kostnaðarverði sem er 550.000 kr. Engin skipti. Sjá nánar: http://www.libertysafe.com/safe_fatboy.php Upplýsingar í síma 895 1414.

Til sölu
Lítið notað Zanussi þriggja fasa iðnaðarhelluborð með 4 hellum. Hæð 88 cm., breidd 70cm., dýpt 59 cm. Upplýsingar gefur Kristján Gunnarsson í síma 898 9235. Framkvæmdastofa Akraneskaupstaðar

Ísskápar, frystiskápur, þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar, sjónvörp,borðtölva,stór ljósritunarvél, stólar, borð, varahlutir, hjólbarðar og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

City Runner

Rafvespurnar komnar!
Eingönug örfáar eftir af nýju sendingunni. Sama verð og síðast. Verð 139.900kr.

City Runner ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
VÍSIR.IS
Meiri Vísir.

Sími 512 5407

SAVAGE XL

Öflugir fjarstýrðir bílar í miklu úrvali.
Tomstundahúsið
Nethyl 2, Sími: 587 0600, www.tomstundahusid.is

Frábær hádegisverðatilboð
Italiano Pizzeria
Italiano Pizzeria • Hlíðasmári 15 fyrir ofan smáralind • Sími 55 12345

FJARÐARBÓLSTRUN ehf

Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta. Metum og gerum við. Margra ára reynsla.
Netfang: www.fjardarbolstrun.is
Sími: 864-4188

Námskeiðin að hefjast

Glernámskeið, leirmótunarnámskeið og ýmis skartgripanámskeið.
Mikið úrval af skartgripaefni, gott verð.
Allt til glervinnslu og leirvinnslu.
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411
www.glit.is

Útsalan í fullum gangi
20-50% afsláttur
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS

SMURSTÖÐIN EHF.
„Sá smurði gengur"
Smurþjónusta og smáviðgerðir
Dalvegi 16a • 201 Kópavogi • Sími 554 3430

PÚST Hjá Einari
Setjum **pústkerfi** í allar gerðir bíla
Ef við eigum það ekki til þá bara búum við það til!

Smiðjuvegur 50 rauð gata, Kóp. SÍMI: 564 0950

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS

TOYOTA ÞJÓNUSTA
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

Þú rúllar þessu auðveldlega upp

Það er einfaldara en þú heldur
að búa til gott sushi

Með nýju vörulínunni frá Saitaku verður sushi-gerðin leikur einn. Mikið úrval hráefna í hæsta gæðaflokki tryggir ljúffengt sushi eins og Japanir vilja hafa það. Einfaldar leiðbeiningar og uppskriftir er að finna á umbúðunum.

BÓNUS HAGKAUP

SAITAKU®
Einfalt að hætti Japana

ALEXANDER PETERSSON fór í gær í myndatöku vegna meiðsla á hné sem hann varð fyrir í Austurríkisleiknum en niðurstaðan úr henni kemur ekki í ljós fyrr í dag. Óheppnin heldur áfram að elta örvhentu skytturnar í íslenska landsliðinu því Ólafur Stefánsson meiddist líka á hné í opnunarleiknum en meiðslin reyndust lítilvæg og Alexander sjálfur var nokkuð bjartsýnn í gær á að geta klárað keppnina.

Katrín Jónsdóttir fer frá Val:

Búin að semja við Djurgården

FÓTBOLTI Íslands og bikarmeistarar Vals halda áfram að missa leikmenn því landsliðsfyrirliðinn Katrín Jónsdóttir hefur gert samning við sænska úrvalsdeildarliðið Djurgården.

Áður höfðu leikmaður ársins, Dóra María Lárusdóttir, og markvörðurinn María B. Ágústsdóttir yfirgefið Val. Katrín hefur leikið með Valsliðinu frá 2006 en var í sjö ár í Noregi þar sem hún spilaði með Kolbotn og Grimstad.

Katrín, sem er 33 ára gömul, mun líka halda áfram með íslenska landsliðinu en hún hefur spilað 102 landsleiki fyrir íslenska kvennalandsliðið. **- óój**

Þórir hefur slegið í gegn

Þórir Ólafsson lék sinn fyrsta landsleik fyrir áratug en er nú að fá sitt fyrsta alvöru tækifæri á stórmóti á HM í handbolta. Þessi 31 árs Selfyssingur hefur verið óheppinn með meiðsli á ferlinum en nýtir nú færin og tækifærið vel.

HANDBOLTI Íslenska landsliðið hefur fengið 53 mörk frá hægri vængnum í fjórum fyrstu leikjunum á HM í Svíþjóð en 18 þeirra hafa komið úr óvæntri átt. Þórir Ólafsson hefur heldur betur stimplað sig inn í hugi og hjörtu íslensku þjóðarinnar fyrstu fimm daga heimsmeistarakeppninnar því hann hefur öðrum fremur séð til þess að íslenska liðið hefur ekki fundið eins mikið fyrir því að missa landsliðsfyrirliðann Ólaf Stefánsson í meiðsli. Þórir hefur nýtt 90 prósent skota sinna á mótinu (18 mörk í 20 skotum) og hefur skorað 4,5 mörk að meðaltali í leik.

Fór til Þýskalands árið 2005

Þórir kemur frá Selfossi en lék þrjú tímabil með Haukum áður en hann fór í atvinnumennsku til Þýskalands árið 2005. Þórir hefur spilað öll árin sín í atvinnumennskunni með TuS N-Lübbecke og sýndi liðinu tryggð þegar það féll úr úrvalsdeildinni. Þórir hjálpaði liðinu síðan upp í deildina aftur og hefur verið fyrirliði liðsins síðustu tvö tímabil.

Þórir er að eiga sitt besta tímabil í þýsku deildinni í vetur en hann hefur skorað 4,9 mörk að meðaltali í leik en hann skoraði 3,9 mörk að meðaltali í fyrravetur.

Þegar kemur að landsliðinu þá eru margar ástæður fyrir því að Þórir hefur „aðeins" náð að spila 57 landsleiki á tíu árum og að hann sé bara á sínu öðru stórmóti. Ísland hefur tekið þátt í ellefu stórmótum síðan hann lék sinn fyrsta landsleik fyrir tíu árum.

Þorbjörn Jensson valdi Þóri í æfingahóp sinn fyrir HM í Frakklandi 2001. Þórir fékk að spila sinn fyrsta leik í lokaleik Íslands fyrir keppnina sem var á móti Bandaríkjamönnum á Selfossi. Þórir átti frábæra innkomu í seinni hálfleik og skoraði fimm mörk við gríðarlegan fögnuð áhorfenda. Hann var þó ekki valinn í HM-hópinn og átti ekki eftir að spila aftur fyrir landsliðið í 40 mánuði eða þangað til Guðmundur Guðmundsson valdi hann í hópinn fyrir æfingamót í Belgíu í maí 2004.

Þórir Ólafsson
31 árs hægri hornamaður
Fæddur: 28.11.1979
Hæð/Þyngd: 189 cm / 84 kg
Félag: TuS Nettelstedt-Lübbecke
Landsleikir/mörk: 57/130
Hver valdi hann fyrst: Þorbjörn Jensson, 2001
Stórmót númer: Annað (fyrsta HM)
Fyrsta stórmót: EM í Sviss 2006
Leikir/mörk á stórmótum: 9/19

18 MÖRK ÚR 20 SKOTUM Þórir Ólafsson er með langbestu skotnýtinguna af leikmönnum íslenska landsliðsins á HM í Svíþjóð. Hér skorar hann eitt marka sinn á móti Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrsta stórmótið var EM í Sviss

Viggó Sigurðsson valdi hann í hópinn fyrir heimsbikarinn 2004 þar sem hann skoraði 7 mörk í 4 leikjum en Þórir komst ekki í HM-hópinn í Túnis 2005. Þórir var hins vegar með í fyrsta leik eftir HM og fékk síðan sitt fyrsta tækifæri á stórmóti á EM í Sviss 2006. Hann fékk samt ekki mikið að spreyta sig hjá Viggó í Sviss.

Þórir datt síðan aftur út myndinni þegar Alfreð Gíslason tók við landsliðinu og hann var ekki valinn í landsliðið fyrr en Guðmundur Guðmundsson kallaði á hann fyrir undankeppni EM 2010. Hér spiluðu líka meiðsli inn í enn hann var mikið meiddur tímabilið 2007 til 2008, lenti í því fyrst að viðbeinsbrotna og meiddist síðan aftur á öxl undir lok tímabilsins.

Þórir kom hins vegar sterkur inn í undankeppni EM 2010. Ólafur Stefánsson hafði tekið sér frí frá landsliðinu og Þórir fékk því strax mikilvægt hlutverk. Hann skoraði 25 mörk í 8 leikjum í undankeppninni og var einn af markahæstu leikmönnum íslenska liðsins.

Þórir var því að sjálfsögðu valinn í hópinn fyrir EM í Austurríki og virtist öruggur með sitt sæti þegar áfallið dundi yfir nokkrum dögum fyrir mót. Þórir hafði þá verið á batavegi eftir meiðsli á vinstri kálfavöðva en meiðslin tóku sig upp á ný á æfingu með landsliðinu og svo fór að hann gat ekki verið með.

Þórir spilaði fyrstu landsleikina eftir EM og var með á móti Lettlandi í undankeppni EM í október. Hann meiddist hins vegar í þeim leik og gat ekki verið með á móti Austurríki nokkrum dögum síðar. Þórir var síðan ekki með í heimsbikarnum og fékk ekki mikið að spreyta sig í leikjunum á móti Þýskalandi eða í fyrsta leiknum á HM á móti Ungverjum. Það leit því ekki út fyrir það að hann fengi stórt hlutverk í Svíþjóð.

Þegar Ólafur Stefánsson meiddist opnuðust hins vegar dyrnar fyrir Þóri og hann nýtti tækifærið frábærlega. Þórir skoraði 5 mörk úr 6 skotum á móti Brasilíu, 7 mörk úr 7 skotum á móti Japan og loks 5 mörk úr 6 skotum á móti Austurríki, allt í seinni hálfleiknum. Frábær skottækni nýtist einnig í vítunum sem hann hefur nýtt hundrað prósent í keppninni.

Eftir öll vonbrigðin og meiðslavandræðin þá er með sanni hægt að segja að fáir hafa átt það jafnmikið inni að blómstra og einmitt Þórir Ólafsson sem vonandi heldur áfram að nýta færin sín jafn vel það sem eftir lifir af HM í Svíþjóð.

ooj@frettabladid.is

ÚRSLITN Í GÆR

HM í handbolta:

A-RIÐILL

Barein-Túnis	21-28
Þýskaland-Frakkland	23-30
Spánn-Egyptaland	31-18

STAÐAN

Frakkland	**4**	**4**	**0**	**0**	**131-78**	**8**
Spánn	4	4	0	0	111-82	8
Þýskaland	**4**	**2**	**0**	**2**	**115-99**	**4**
Túnis	4	1	0	3	88-101	2
Egyptaland	**4**	**1**	**0**	**3**	**89-112**	**2**
Barein	4	0	0	4	78-140	0

C-RIÐILL

Serbía-Króatía	24-24
Danmörk-Alsír	26-19
Ástralía-Rúmenía	14-29

STAÐAN

Danmörk	**4**	**4**	**0**	**0**	**147-88**	**8**
Króatía	4	3	1	0	119-75	7
Serbía	**4**	**2**	**1**	**1**	**111-101**	**5**
Rúmenía	4	1	0	3	94-95	2
Alsír	**4**	**1**	**0**	**3**	**73-91**	**2**
Ástralía	4	0	0	4	59-153	0

Frekari umfjöllun um leiki dagsins og mögu-leika liðanna má finna á Vísir.is

Eimskipsbikar kvenna

HK-Stjarnan	30-29
Elísa Ósk Viðarsdóttir 9, Brynja Magnúsdóttir 9 - Hanna Guðrúnn Stefánsdóttir 9, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 6.	
Valur2-Fram	12-46
Valur, Fylkir, HK og Fram verða í pottinum þegar dregið verið í undanúrslitin.	

BACARY SAGNA Skoraði frábært mark fyrir Arsenal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enski bikarinn í gærkvöldi:

Arsenal sló Leeds-liðið út

FÓTBOLTI Arsenal tryggði sér leik á móti Huddersfield Town í 4. umferð enska bikarsins með 3-1 sigri á Leeds á Elland Road í gær. Þetta var endurtekinn leikur eftir að liðin gerðu 1-1 jafntefli á Emirates fyrir ellefu dögum.

Samir Nasri og Bacary Sagna komu Arsenal í 2-0 eftir 35 mínútur en það tók Leeds aðeins tvær mínútur að minnka muninn þegar Bradley Johnson skoraði með glæsilegu langskoti.

Robin van Persie innsiglaði sigur Arsenal á 76. mínútu með skalla eftir fyrirgjöf frá Dananum Nicklas Bendtner. **- óój**

Allt að

60% afsláttur

BYKO

Útsala!

LÝKUR Á SUNNUDAG!

Brot af vörum á útsölunni:

Handverkfæri
20-60% afsláttur

30% afsláttur

6.993
Fullt verð: 9.990

Vnr. 50021036-46
Gönguskór
ALBATROS gönguskór, lágir, stærðir 36-46. Fást í BYKO Breidd og Kauptúni.

2.495
Fullt verð: 4.990

50% afsláttur

Vnr. 52220887
Ljós
ALEX kúpull, 30 cm, E27, 60W.

Ljós og perur
30-60% afsláttur

40% afsláttur

Vnr. 74804112
Rafhlöðu-borvél
PROWORK rafhlöðu-borvél, 14,5W.

2.393
Fullt verð: 3.990

30% afsláttur

4.893
Fullt verð: 6.990

Vnr. 89000182
Loftmálning
SADOLIN loftmálning, gljástig 3, hvítir litir, 10 l.

40% afsláttur

Vnr. 41119175
Kökudiskur
BAMBUS diskur, 3 hæðir.

3.234
Fullt verð: 5.390

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

EXPO - www.expo.is

LÝKUR Á SUNNUDAG LÝKUR Á SUNNUDAG LÝKUR Á SUNNUDAG LÝKUR Á SUNNUDAG

ARNÓR Hefur skorað 17 mörk í síðustu tveim leikjum við Noreg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ísland á HM í handbolta:

Hefur aldrei unnið fyrstu 5

HANDBOLTI Íslendingar geta náð einstökum árangri í sögu sinni á HM vinni þeir Norðmenn í kvöld. Það yrði þá í fyrsta sinn sem strákarnir okkar vinna fyrstu fimm leiki sína á heimsmeistaramóti.

Íslenska liðið jafnaði metið með sigri á Austurríki í fyrrakvöld en Ísland vann einnig fjóra fyrstu leiki sína á HM í Portúgal 2003 þegar liðið var einnig undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar. Íslenska liðið tapaði 29-34 fyrir Þýskalandi í fimmta leiknum fyrir sjö árum og endaði í 7. sæti.

Ísland tapaði ekki í fyrstu sex leikjum sínum á HM í Kumamoto 1997 en gerði þá jafntefli við Alsír í leik tvö. **- óój**

KRISTIAN KJELLING Skoraði 6 mörk á moti Íslandi á EM 2010. MYND/AFP

Kristian Kjelling hjá Noregi:

Spilar í dag

HM 2011 Norðmenn hafa verið án stórskyttunnar Kristians Kjelling í síðustu tveim leikjum og það hefur ekki leynt sér að þeir hafa saknað hans mikið. Hann hefur verið veikur en það mátti sjá í gær að hann er á batavegi og Norðmenn stefna á að tefla honum fram í leiknum.

Það eru ekki góð tíðindi fyrir Ísland enda er Kjelling mikil skytta sem erfitt getur verið að ráða við. Svo þarf Ísland líka að hafa góðar gætur á Kjetil Strand sem skaut liðið í kaf með 19 mörkum á EM í Sviss 2006. **– hbg**

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari segir Norðmenn vera afar hættulega andstæðinga:

Verðum að nýta okkur þeirra veikleika

HM 2011 Dagarnir eru langir hjá Guðmundi Guðmundssyni og þjálfarateyminu hans í Svíþjóð. Hann undirbjó lið sitt af kostgæfni í gær fyrir leikinn gegn Noreg í dag. Það var myndbandsfundur, æfing og svo annar fundur.

„Það verða þrír myndbandsfundir fyrir þennan leik og við erum aðallega að fara yfir okkar sóknarleik. Við þurfum að bæta hann. Hann er of hikandi og við erum að taka of mikla áhættu í sóknarleiknum. Við erum að gefa slakar sendingar sem okkur er refsað fyrir. Það er allt of dýrt að fá öll þessi hraðaupphlaup á okkur. Það býr meira í okkur en við sýndum gegn Austurríki og stefnan er að laga það fyrir Noregsleikinn," sagði Guðmundur en hann segir alltaf þurfa að gera ákveðnar áherslubreytingar fyrir hvern leik.

„Það sem við þurfum að varast hjá Norðmönnum er samvinna Borge Lund og Bjarte Myrhol í sókninni. Við þurfum að bregðast rétt við leikkerfunum þeirra og svo eru þeir með hættuleg hraðaupphlaup sem þeir munu klárlega reyna að keyra þétt í bakið á okkur þar sem við skiptum tveimur mönnum úr sókn í vörn," sagði Guðmundur sem ætti að eiga einhver svör enda þjálfar hann bæði Lund og Myrhol.

„Það eru veikleikar í þeirra varnarleik og við ætlum að nýta okkur þá. Við munum koma með tvo til þrjá nýja hluti í okkar sóknarleik. Norðmenn hafa reynst okkur erfiðir síðustu ár og því myndi ég segja að það væri helmingsmöguleiki á sigri." **- hbg**

SNORRI STEINN Hvetur hér félaga sína í íslensku vörninni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég reyni að gefa allt sem ég á

Alexander Petersson hefur verið besti maður Íslands á HM hingað til. Það gengur mikið á í hans lífi þessa dagana enda búinn að semja við nýtt félag. Hann býst ekki við að enda í stúkunni vegna félagaskiptanna.

HM 2011 Íþróttamaður ársins, Alexander Petersson, hefur farið algjörlega á kostum með íslenska landsliðinu á HM. Skorað frábær mörk, tekið af skarið, staðið vaktina í vörninni með eindæmum vel og stolið fjölda bolta.

„Ég er mjög ánægður með mína frammistöðu hérna. Ég reyni að gefa allt sem ég á. Það geri ég alltaf. Það hefur bara gengið vel."

Þetta hefur einnig verið tíðindamikið mót fyrir hann að því leyti að hann hefur gengið frá samningi við Rhein-Neckar Löwen, sem hann reyndar spilar ekki með fyrr en eftir eitt og hálft ár. Hann fer því ekki strax frá Berlin.

„Það er svolítið skrítið að semja við félag sem maður fer ekki til fyrr en eftir langan tíma. Það er samt mjög gott að vera öruggur með góðan samning næstu fjögur árin. Það veitir ákveðið öryggi sem er gott að hafa," sagði Alexander, sem hefur farið mikinn með Berlin í þýska handboltanum í vetur og telur sig hafa unnið fyrir góðum samningi hjá Löwen. Held að það séu flestir sammála honum um það.

„Ég er mjög ánægður með samninginn. Þetta er alvöru samningur og ég er búinn að vinna fyrir honum lengi. Ég get því ekki annað en brosað," sagði Alexander en forráðamenn Berlin sögðust ekki hafa getað keppt við peninga Jespers Nielsen, eiganda Löwen.

Það vakti nokkra athygli að Dagur Sigurðsson, þjálfari Berlin, vandaði Alexander ekki kveðjurnar í viðtali við Stöð 2 þegar fréttirnar bárust af nýja samningnum. Hann gaf jafnvel í skyn að Alexander myndi eyða næstu 18 mánuðum í stúkunni.

„Ég var líka í viðræðum við Berlin og þeir vissu vel af samningaviðræðunum við Löwen. Dagur vissi líka af þeim. Auðvitað finnst þeim leiðinlegt að missa mig en svona er þetta. Ég talaði við Dag eftir Austurríkisleikinn og hann sagðist hafa verið með gálgahúmor í viðtalinu. Það stæði því ekki til að setja mig í stúkuna næsta eina og hálfa árið," sagði Alexander og bætti við að það hefði nánast verið búið að ganga frá þessum samningi áður en hann kom til Svíþjóðar með landsliðinu.

Í dag er lokaleikur íslenska liðsins í riðlakeppninni og í raun má líta á þann leik sem leik í milliriðli. Bæði Ísland og Noregur eru komin áfram og það lið sem vinnur tekur með sér stigin úr leiknum í milliriðilinn.

„Við fengum alvöruleik gegn Austurríki og þetta verður örugglega líka hörkuleikur. Við erum í góðri stöðu og við getum vel lagt Norðmenn. Það væri vissulega mjög gott að fara með fjögur stig í milliriðilinn. Við erum enn að hugsa bara um einn leik í einu," sagði Alexander, sem er sáttur við leik liðsins hingað til og sérstaklega varnarleikinn.

„Það er erfitt að eiga við þessa vörn hjá okkur. Það er mikil vinnsla og við erum aðeins þreyttir sem stöndum mest í vörninni. Sverre og Diddi fá reyndar að hvíla í sókninni þannig að þeir geta ekki kvartað yfir þreytu," sagði Alexander léttur.

FÓRNAR ÖLLU Í VARNARLEIKINN Alexander Petersson hefur spilað frábærlega í vörn og sókn með íslenska handboltalandsliðinu á HM í Svíþjóð. Hér sést hann í baráttu við Austurríkismann í sigurleiknum í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Henry Birgir Gunnarsson og Valgarður Gíslason
fjalla um HM í Svíþjóð
henry@frettabladid.is - valgard.gislason@365.is

Baráttukveðjur frá VÍS!

Strákarnir okkar eru svo skemmtilega ólíkir og okkur þykir óskaplega vænt um þá alla. VÍS er stoltur styrktaraðili íslenska landsliðsins á HM í Svíþjóð.



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

HYUNDAI

NÝR HYUNDAI SPORTJEPPI:

ix35

ix35

Það er ekki á hverjum degi sem við kynnum jafn athyglisverðan bíl og ***ix35*** frá Hyundai, sem er í fararbroddi bílaframleiðenda í dag. Þess vegna er það okkur mikil ánægja að bjóða þér að koma og reynsluaka ***ix35*** og kynna þér ríkulegan búnað, vandaðan frágang og fallegt yfirbragð bílsins.

Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai í dag!

Verð **5.190.000 kr.**

Allar nánari upplýsingar á www.hyundai.is

SANTAFE

Þessi vinsæli jeppi er nú fáanlegur í nýrri og endurbættri útgáfu.
Verð 6.490.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NM42717

B&L og Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 • 110 Reykjavík
525 8000 • www.bl.is • www.ih.is

INGVAR HELGASON

> Edward Burns

„Í heimabæ mínum eru tvær fallegar stelpur, algjörar bombur. Þær vinna á kassa í stórmarkaði. Það verða ekki allar fallegar stelpur fyrirsætur eða leikkonur."

Edward Burns leikur ungan mann sem, ásamt fimm æskuvinum sínum, glímir við fullorðinslífið og allt það sem fylgir því að stofna fjölskyldu og axla ábyrgð í kvikmyndinni The Groomsmen sem er á Stöð 2 Bíó í dag kl. 16.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON BUGTAR SIG VIÐ FÓTSKÖR MEISTARANS

Benedikt Erlingsson og ástleysi hins opinbera

Benedikt Erlingsson, leikari og leikstjóri, er magnaður varðhundur. Hann er reglulegur gestur í morgunútvarpinu hjá RÚV og fær þar nokkuð frjálsar hendur. Í gærmorgun rassskellti hann stjórn RÚV svo undan sveið. Hann líkti stjórn RÚV, sem samanstendur af fulltrúum stjórnmálaflokkanna, við lata foreldra sem nenna ekki að standa upp úr stofusófanum til að fræða börn sín. Þau einfaldlega elska okkur áhorfendur ekki, svo notað sé orðalag hans sjálfs. Benedikt fjallaði í erindi sínu um danska ríkissjónvarpið og þá menningarlegu og sögulegu kennslustefnu sem þar er haldið á lofti í bland við skemmtun. Í grófum dráttum er markmið stofnunarinnar, eins og Benedikt lýsti henni, að uppfræða áhorfendur, sýna þeim hvaðan þeir koma, hvar þeir eru staddir í tilverunni og hvert þeir stefna. Þetta ku vera lýðræðislegt hlutverk stofnunarinnar enda á hún að vera leiðarvísir og hjálpa áhorfendum við að taka ákvarðanir í lífinu.

Benedikt, sem sjálfur hefur verið innanbúðarmaður í danskri þáttagerð, benti á að markmið danska sjónvarpsins kæmi skýrast fram í þarlendum sjónvarpsþáttum. Matador, sem naut mikilla vinsælda fyrir nokkrum árum, hefði öðrum þræði fjallað um árekstur sveitasamfélags og borgaranna; Krónikan, sem tók við sögukeflinu, fjallað um atburði nær okkur í tíma. Nútíðin fengi svo sinn skerf í Erninum, þar sem íslenskur lögreglumaður væri rammaður inn í alþjóðavæðinguna.

Ég er sammála Benedikt að fræðslustefnan virðist ekki höfð í hávegum hjá RÚV, í það minnsta ekki með sama hætti og hjá okkar fyrrverandi herraþjóð. Í staðinn höfum við fengið innlent efni á borð við Kallakaffi og Martein sem skilja ekkert eftir sig, og HM og Evróvisjón, sem eru hrein skemmtun fyrir hluta þjóðarinnar en skipta í grófum dráttum engu máli.

Við höfum lengi apað eftir herraþjóðinni okkar fyrrverandi en gleymt að uppfæra kópíuna. Nú er kominn tími til að móta nýja og ábyrga stefnu.

SJÓNVARPIÐ

15.40 Sjónleikur í átta þáttum (2:8)
16.25 Kiljan (e)
17.20 Magnus og Petski (2:12)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar (e)
18.25 Bombubyrgið (15:26)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.15 Strákarnir okkar (4:6) Í tilefni af 80 ára afmæli Ríkisútvarpsins verður í þessari þáttaröð leitað að besta handboltaliði Íslands frá upphafi.
21.05 Árekstur (2:5) Breskur myndaflokkur. Harður margra bíla árekstur verður á hraðbraut og breytir lífi allra sem í honum lenda.
21.50 Fum og fát (2:20) Í þessum belgísku hreyfimyndaþáttum ferðast Kúrekinn, Indíáninn og Hesturinn að miðju jarðar og lenda í ótrúlegustu ævintýrum.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Sporlaust (20:24) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
23.00 Dorrit litla (5:8) Breskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Charles Dickens um erfiða lífsbaráttu fólks í London um 1820. (e)
23.55 Lögin í söngvakeppninni (1:3) (e)
00.05 Kastljós (e)
00.35 Fréttir (e)
00.45 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 How to Eat Fried Worms
10.00 The Groomsmen
12.00 The Lost World: Jurassic Park
14.05 How to Eat Fried Worms
16.00 The Groomsmen
18.00 The Lost World: Jurassic Park
20.05 12 Men of Christmas
22.00 After School Special
00.00 Kings of South Beach
02.00 Rocky Balboa
04.00 After School Special
06.00 The Savages

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Sjálfstætt fólk
11.00 Gilmore Girls (21:21)
11.45 The Mentalist (3:23)
12.35 Nágrannar
13.00 Matarást með Rikku (6:10)
13.25 My Best Friend's Wedding
15.10 The O.C. 2 (17:24)
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.10 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (16:21)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Tvímælalaust (1:10)
20.00 Masterchef (3:13) Matreiðsluþáttur sem sló fyrst í gegn í Bretlandi. Þúsundir manna taka þátt í prufum víðs vegar um Bandaríkin og halda 30 áfram á næsta stig.
20.45 NCIS: Los Angeles (22:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles og fjalla um starfsmenn sysdeildarinnar í höfuðborginni Washington.
21.30 Human Target (12:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja og tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst.
22.15 Life on Mars (8:17) Bandarískur sakamálaþáttur sem fjalla um lögregluvarðstjórann Sam sem lendir í bílslysi í miðri morðrannsókn og vaknar upp sem lögreglumaður snemma á 8. áratugnum.
23.00 Spaugstofan
23.25 Hlemmavídeó (12:12)
23.50 Chase (3:18)
00.35 Numbers (12:16)
01.20 Mad Men (7:13)
02.10 Beowulf
04.00 NCIS: Los Angeles (22:24)
04.45 The Mentalist (3:23)
05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Spánn - Egyptaland
12.50 Leeds - Arsenal
14.35 Þýskaland - Frakkland Útsending frá leik Þýskalands og Frakklands í A-riðli.
16.00 Samantekt Þorsteinn J. og gestir hans fara yfir gang mála á HM í handbolta í Svíþjóð.
17.00 Upphitun Þorsteinn J. fær til sín handboltasérfræðinga og aðra góða gesti til að hita upp fyrir leiki dagsins á HM í handbolta.
18.00 Ísland - Noregur Bein útsending frá leik Íslands og Noregs í B-riðli. Þetta er síðasti leilkur Íslands í riðlakeppninni.
20.20 Austurríki - Ungverjaland Bein útsending frá leik Austurríkis og Ungverjalands í B-riðli.
22.00 Samantekt Þorsteinn J. og gestir hans fara yfir gang mála á HM í handbolta í Svíþjóð.
23.00 Main Event
23.55 European Poker Tour 6 - Pokers
00.45 Ísland - Noregur
02.10 Samantekt

SPORT 2 *enski boltinn*

16.30 Liverpool - Everton Útsending frá leik Liverpool og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
18.15 Stoke - Bolton Útsending frá leik Stoke City og Bolton Wanderers í ensku úrvalsdeildinni.
20.00 Premier League World 2010/11 Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
20.30 Football Legends Í þessum þætti verður fjallað um hinn feykilega skemmtilega portúgalska leikmann, Figo. Ferill Figo verður krufinn til mergjar og farið verður í gegnum hans helstu afrek á ferlinum.
20.55 Ensku mörkin 2010/11
21.30 Premier League Review 2010/11
22.25 Wigan - Fulham

SKJÁREINN

08.00 Dr. Phil (95:175)
08.45 Rachael Ray (171:175)
09.30 Pepsi MAX tónlist
15.40 7th Heaven (4:22)
16.25 Rachael Ray (172:175)
17.10 Dr. Phil (96:175)
17.55 Single Father (3:4)
18.55 Real Hustle (14:20) Áhugaverður þáttur þar sem þrír svikahrappar leiða saklaust fólk í gildru og sýna hversu auðvelt það er að plata fólk til að gefa persónulegar upplýsingar og aðgang að peningum þeirra.
19.20 America's Funniest Home Videos (41:46) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.
19.45 Whose Line Is It Anyway? (16:39)
20.10 The Office (21:26) Bandarísk gamansería um skrautlegt skrifstofulið.
20.35 30 Rock (7:22) Bandarísk gamanþáttaröð.
21.00 House (21:22) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða dr. Gregory House.
21.50 CSI: Miami (16:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami.
22.40 Jay Leno (183:260)
23.25 The L Word (5:8) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles.
00.15 Flashpoint (14:18)
01.00 Worlds Most Amazing Videos (8:13)
01.45 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

08.35 Bob Hope Classic (1:5)
11.35 Golfing World (2:70)
13.15 Sony Open in Hawaii (4:4)
16.15 PGA Tour - Highlights (2:45)
17.10 Golfing World (3:240)
18.00 Golfing World (4:240)
18.50 PGA Tour Yearbooks (9:10)
19.35 Inside the PGA Tour (3:42)
20.00 Bob Hope Classic (2:5)
23.00 Golfing World (4:240)
23.50 ESPN America
00.20 Golfing World (3:70)
06.00 ESPN America

EXTRA

19.50 The Doctors Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey.
20.35 Unhitched (3:6) Þessir frábæru grínþættir segja frá vinum á fertugsaldri sem öll eru nýlega einhleyp og að reyna að fóta sig í nýjum aðstæðum. Þau byrja upp á nýtt að leyta að hinum eina sanna lífsförunaut.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Gossip Girl (11:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna.
22.35 Hawthorne (8:10) Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity spítalanum í Virginíu. Jada Pinkett Smith leikur yfirhjúkrunarfræðing á spítalanum og helgar sig starfinu, þrátt fyrir annir í einkalífinu.
23.20 Medium (17:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois.
00.05 Nip/Tuck (15:19)
00.50 Tvímælalaust (1:10)
01.25 Unhitched (3:6)
01.50 The Doctors
02.30 Fréttir Stöðvar 2
03.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
19.00 Fróðleiksmolinn

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Engin sáttaleið, engir samningar.
21.00 Undir feldi Örlagaár í sjálfstæðissögu eyjunnar bláu.
21.30 Rokk og tjatjatja Tónlistarflóran á eyjunni bláu er engri lík.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.20
Tvímælalaust

Nýr vikulegur umræðuþáttur með þeim Sigurjóni Kjartanssyni og Jóni Gnarr þar sem rætt er á mannamáli, tæpitungulaust og án tvímæla um það sem helst er í fréttum, efst er á baugi og í brennidepli hverju sinni. Þjóðmálin, pólitíkin og stóru málin verða krufin til mergjar með það að leiðarljósi að rýna til gagns, komast að kjarna málsins, kafa dýpra og draga fram í kastljósið sögurnar á bak við fréttirnar.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Landið sem rís **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Höll minninganna **15.25** Skurðgrafan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.27** Sinfóníutónleikar **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Í dag er ég ríkur **23.20** Til allra átta **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

11.35 Doctor Who **12.25** Deal or No Deal **13.00** Deal or No Deal **13.35** Whose Line Is It Anyway? **14.05** Whose Line Is It Anyway? **14.30** Only Fools and Horses **15.00** Only Fools and Horses **15.30** Doctor Who **16.20** New Tricks **17.10** Deal or No Deal **17.50** Deal or No Deal **18.25** Only Fools and Horses **19.00** Only Fools and Horses **19.30** The Catherine Tate Show **20.00** Lead Balloon **20.30** Little Dorrit **21.20** Little Britain **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.15** Whose Line Is It Anyway? **22.40** New Tricks **23.35** EastEnders **00.05** The Catherine Tate Show

DR 1

11:00 DR Update - nyheder og vejr **11:10** Penge **11:30** By på Skrump **12:00** Dig og mig **12:30** Den lille forskel **13:00** Vores Liv **13:30** Undercover chef - Rentokil **14:00** DR Update - nyheder og vejr **14:05** Aftenshowet **15:00** Noddy **15:10** Rasmus Klump **15:15** Babar **15:30** Cirkeline i Fandango **16:00** Landsbyhospitalet **16:50** Det søde liv **17:00** Vores Liv **17:30** TV Avisen med Sport **18:05** Aftenshowet **19:00** Håndbold **19:45** TV Avisen **20:00** Håndbold **21:15** SOS **22:05** Springet **05:00** Lillefinger

NRK 1

12.00 NRK nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** Ut i nærturen **13.20** V-cup skiskyting **15.00** NRK nyheter **15.10** Det må jeg gjøre før jeg dør **15.50** Filmavisen 1960 **16.00** NRK nyheter **16.10** På tro og are **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ikke gjør dette hjemme **19.15** Anne & Ronny møter 8 med vilje **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Debatten **21.30** Sognepresten **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kautokeinoopprøret **23.05** Jordmødrene

SVT 1

10.15 Go'kväll **11.00** Rapport **11.05** Uppdrag Granskning **12.05** Engelska Antikrundan **13.20** Skidskytte. Världscupen Oberhof **15.00** Rapport **15.05** Aktion fjällräv **15.30** Skavlan **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Antikrundan **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** En idiot på resa **22.30** Uppdrag Granskning **23.30** Nurse Jackie **00.00** Debatt **00.45** Korrespondenterna

STRÁKARNIR OKKAR

„Ég verð að segja tveir, annars vegar er að það vélmennið, Alexander Petersson, og hins vegar Þórir Ólafsson. Hann er búinn að koma gríðarlega sterkur inn í þetta mót."

Ragnheiður Mjöll Baldursdóttir útvarpskona.

Sveppi og Auddi teknir á teppið

„Þetta var bara mjög notalegur fundur og það fór mjög vel á með okkur," segir Sverrir Þór Sverrisson sjónvarpsmaður. Sverrir og Auðunn Blöndal funduðu í gærmorgun með Umboðsmanni barna, Margréti Maríu Sigurðardóttur.

Eins og kom fram í fjölmiðlum í síðustu viku skrifaði Umboðsmaður barna bréf á vef sínum í lok desember þar sem hann greindi frá töluverðum fjölda kvartana vegna þáttar þeirra félaga þann 5. nóvember. Þar var leikskóli heimsóttur og sýnt þegar Auðunn Blöndal kúgaðist yfir barnableyjum og kynfærum og hægðum barns brá fyrir. Þá var sjónvarpsþátturinn Ameríski draumurinn einnig gagnrýndur en þar ferðuðust þeir félagar um Ameríku með Vilhelm Antoni Jónssoni og Agli Einarssyni. Einnig höfðu borist kvartanir yfir því að Sverrir Þór stjórnaði barnaþætti fyrir yngstu kynslóðina um helgar en væri þess á milli að gera hluti sem teljast ekkert sérstaklega barnvænir.

Sverrir segir að aðdáendur föstudagsþáttanna þeirra megi ekki búast við neinum gríðarlegum áherslubreytingum í kjölfar fundarins; það sé hins vegar gott fyrir þá að hafa þetta á bak við eyrað. „Það var fínt fyrir okkur að vera dregnir aðeins út úr þessari blöðru okkar, við höldum að við megum allt og að allt sé fyndið. Við erum auðvitað bara með sjónvarpsþátt og stundum er kvartað og stundum hlegið og stundum bæði," segir Sverrir. Hann sagðist hins vegar skilja áhyggjur sumra að hann væri að byggja með Villa í morgunsjónvarpinu en hlypi um á tillanum á föstudagskvöldum. „Ég skil þetta sjónarmið mjög vel. En hvað getur maður gert?" **- fgg**

ÁNÆGÐIR Sveppi og Auddi voru nokkuð ánægðir með fundinn sem þeir áttu með Umboðsmanni barna. Þeir ætla að taka tillit til ábendinga hans í framtíðinni.

TILBOÐ Á HÁRSNYRTIVÖRUM

25% afsláttur

MARIA NILA - I CARE

Frábærar hársnyrtivörur á góðu verði.

Sjámpó fyrir daglega notkun, sjampó sem gefur meiri fyllingu, sjampó fyrir liðað hár, flösusjampó, næring, djúpnæring, hársprey og hárfoða

Fæst í lyfjaverslunum um allt land

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Lér konungur (Stóra sviðið)
Fös 21.1. Kl. 20:00 8. sýn | Fös 11.2. Kl. 20:00
Fim 27.1. Kl. 20:00 | Lau 12.2. Kl. 20:00
Fös 28.1. Kl. 20:00 | Fim 17.2. Kl. 20:00

GERPLA

Gerpla (Stóra sviðið)
Fim 20.1. Kl. 20:00 | Sun 30.1. Kl. 20:00 Síð.sýn.
Mið 26.1. Kl. 20:00 Aukasýn.

Íslandsklukkan (Stóra sviðið)
Lau 22.1. Kl. 19:00 | Fös 4.2. Kl. 19:00 | Fös 18.2. Kl. 19:00
Sun 23.1. Kl. 19:00 | Lau 5.2. Kl. 19:00 | Lau 19.2. Kl. 19:00
Lau 29.1. Kl. 19:00 | Mið 9.2. Kl. 19:00



Ballið á Bessastöðum (Stóra sviðið)
Fim 3.2. Kl. 18:00 | Sun 13.2. Kl. 17:00 | Sun 27.2. Kl. 17:00
Sun 6.2. Kl. 14:00 | Sun 20.2. Kl. 14:00 | Sun 6.3. Kl. 14:00
Sun 6.2. Kl. 17:00 | Sun 20.2. Kl. 17:00 | Sun 6.3. Kl. 17:00
Sun 13.2. Kl. 14:00 | Sun 27.2. Kl. 14:00

Hænuungarnir (Kassinn)
Fim 20.1. Kl. 20:00 | Lau 22.1. Kl. 20:00 | Sun 23.1. Kl. 20:00 Síð.sýn.
Lau 22.1. Kl. 17:00 Aukasýn. | Sun 23.1. Kl. 17:00 Aukasýn.

Fíasól (Kúlan)
Sun 23.1. Kl. 13:00 | Sun 30.1. Kl. 13:00
Sun 23.1. Kl. 15:00 | Sun 30.1. Kl. 15:00 Allra síð.sýn.



Sindri silfurfiskur (Kúlan)
Sun 6.3. Kl. 13:00
Sun 6.3. Kl. 14:30

JÓN ÓLAFUR ÓSKARSSON: TREYJA ÞÓRIS HANGIR FYRIR OFAN SJÓNVARPIÐ

Allir í bænum klappa manni á bakið og hrósa stráknum

„Það hafa verið mikil veisluhöld hérna, við vorum fimmtán saman í gær [í fyrradag] að horfa á leikinn gegn Austurríki. Ættingjarnir eru alveg að fara yfir um," segir Jón Ólafur Óskarsson, faðir hornamannsins knáa Þóris Ólafssonar.

Þórir hefur farið mikinn á heimsmeistaramótinu í Svíþjóð með „strákunum okkar", fór á kostum gegn því austurríska í seinni hálfleik og lék við hvurn sinn fingur gegn Japönum. En þrátt fyrir að hann hafi verið viðloðandi landsliðið í tíu ár er þetta einungis annað stórmótið hjá leikmanninum Og það er varla hægt að óska sér betri byrjunar, Þórir er búinn að skora átján mörk, hefur nýtt öll skot sín nema tvö og er því með 90 prósenta skotnýtingu. „Það er nánast alveg sama hvert maður fer, það er gríðarlega mikill áhugi og það skiptir engu hvort maður fer út í búð eða sund, allir klappa manni á bakið og hrósa stráknum," segir Jón Ólafur.

Fjölskylda Þóris lá á bæn síðustu dagana fyrir HM því meiðslasaga hans fyrir stórmót íslenska landsliðsins hefur verið með hreinum ólíkindum. Hann var nánast öruggur um sæti í ólympíuliðinu fræga en viðbeinsbrotnaði skömmu fyrir mótið og neyddist til að draga sig út úr hópnum. Þegar kom að Evrópumótinu í Austurríki, þar sem Íslendingar unnu brons, var Þórir enn og aftur kallaður til starfa. En þá dundu ósköpin yfir. „Við förum alltaf saman í sund þegar hann er hérna heima og vorum eitthvað að kljást og þá rifnaði eitthvað í vöðvanum. Hann æfði reyndar eitthvað aðeins eftir það en varð að draga sig út úr liðinu," segir Jón Ólafur, sem var svo illa haldinn af samviskubiti að hann horfði ekki á leiki landsliðsins það skiptið, fór heldur í fjallgöngu þegar þeir voru sýndir. „Ég hafði hreinlega ekki þolinmæði fyrir því."

En nú hangir landsliðstreyja Þóris fyrir ofan sjónvarpið á heimilinu og hinar treyjurnar eru einnig til sýnis uppi á vegg. Og Jón Ólafur er farinn að gæla við ferð til Svíþjóðar. Hann ætlar að láta það ráðast af úrslitum leiksins við Norðmenn. „Ég er sko búinn að vera að skoða miða og þegar ég sé að þeir eru að fara eitthvað langt þá skelli ég mér, tek eitthvað af börnunum og kannski tengdasoninn með."

freyrgigja@frettabladid.is

LUKKUTREYJAN Jón Ólafur Óskarsson fyrir framan treyjuna góðu sem hangir fyrir ofan sjónvarpið. Jón Ólafur er pabbi Þóris Ólafssonar, sem hefur farið á kostum með íslenska landsliðinu. Með honum er Jason Dagur, sonur Þóris. MYND/GKS

Hittu sömu aðdáendur og 1984

„Þetta var frábært. Við hittum mikið af fólki sem hafði séð okkur ´84 þegar við fórum síðast og það var rosalega hamingjusamt að sjá okkur aftur," segir Jóhann Ásmundsson, bassaleikari Mezzoforte.

Hljómsveitin er nýkomin heim frá Japan þar sem hún spilaði á sex tónleikum í borgunum Tókýó og Osaka. Þetta voru fyrstu tónleikar Mezzoforte í Japan í 27 ár. Sveitin spilaði í klúbbi sem heitir Billboard Live fyrir framan 300-400 manns í hvert skipti og viðbrögðin voru mjög góð. Eftir hverja tónleika hitti Mezzoforte aðdáendur sína og gaf eiginhandaráritanir. „Maður var hálfhissa yfir móttökunum sem við fengum. Þetta var mjög skemmtileg ferð og ánægjuleg að mörgu leyti en þetta var erfitt varðandi tímamismuninn," segir Jóhann en níu klukkustundum munar á Íslandi og Japan. Ferðalagið þangað var langt og strangt, um sólarhringur, og þurftu þeir félagar að millilenda í Kaupmannahöfn og Helsinki á leið sinni til Tókýó.

Markaðurinn í Japan er gríðarlega stór og Jóhann vonast til að kveikja áhuga Japana á Mezzoforte enn frekar. „Með auknum áhuga gæti þetta verið mjög góð viðbót við allt annað sem við gerum," segir hann og útilokar ekki að koma þangað aftur eftir eitt til tvö ár. Engir tónleikar hafa verið bókaðir með Mezzoforte á næstunni. Þó stendur til að spila hér á landi seinna á árinu. Jóhann segir að stefnt sé að upptökum á nýrri plötu á þessu ári.

- fb

ELDHEITIR AÐDÁENDUR Japanskir aðdáendur Mezzoforte voru hæstánægðir með að sjá hljómsveitina aftur.

25% afsláttur af öllum vörum!

30%

30% afsláttur af FIO 66 sófasettunum!
Tilboðið gildir í tvær vikur eða til 3. febrúar!

Leður: Svart og hvítt
3ja: 200 x 82 cm / Stóll: 80 x 82 cm
Skemill: 90 x 55 cm

FIO-66
3+1+1: 472.000,- nú 330.400,- / 3ja: 225.000,- nú 157.500,- / Stóll: 123.500,- nú 86.450,- / Skemill: 74.800,- nú 52.360,-

KAK 1052 tungusófi: 557.000,- nú 417.750-

Leður: Svart, hvítt og brúnt
270 x 200 x 90 cm

KAK 625 tungusófi: 498.800,-
nú 374.100,-
Skemill: 85.500,- nú 64.125,-

Leður: Svart og hvítt / Sófi: 310 x 222 x 79 cm / Skemill: 100 x 65 cm

25%

DOMUS 05A tungusófi: 498.000,- nú 373.500,-

Áklæði: Sand, ljósbrúnt og dökkbrúnt / 310 x195 x 98 cm

FIO-08
3ja: 255.000,- nú 191.250,-
Stóll: 126.000,- nú 94.500,-
Leður: Svart, hvítt og brúnt

3ja: 203 x 82 cm
Stóll: 82 x 82 cm

AT-H 2189
19.800,- nú 14.850,-
Leður: Svart, hvítt og brúnt

25%

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

HEIMA HÚSIÐ
Ondvegi mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

NÝTT ÍSLENSKT

GOSVERKSMIÐJAN ★ KLETTUR

www.gosogvatn.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Mamma Gógó ekki tilnefnd

Þrátt fyrir að kvikmynd **Friðriks Þórs Friðrikssonar**, Mamma Gógó, hafi fengið góðar viðtökur í Bandaríkjunum að undanförnu er hún ekki meðal þeirra níu mynda sem eiga möguleika á tilnefningu til Óskarsverðlauna í flokki erlendra mynda. Þetta kom í ljós í gær þegar níu mynda listinn var kynntur. Á honum eru myndir frá Alsír, Danmörku, Grikklandi, Japan, Kanada, Mexíkó, Spáni, Suður-Afríku og Svíþjóð. Úr þeim hópi verða fimm myndir tilnefndar í lokaúrvalið. Á hinni virtu kvikmyndasíðu Hollywood Reporter var Mamma Gógó sögð ein besta myndin í Óskarskapphlaupinu í ár og aðalleikurunum Kristbjörgu Kjeld og Hilmi Snæ Guðnasyni hælt fyrir góða frammistöðu. Það hefur greinilega ekki dugað til.

Bjartur hættir við Larsson

Bókin Millennium, Stieg og ég eftir Evu Gabrielsson, fyrrverandi sambýliskonu rithöfundarins sáluga **Stiegs Larsson**, er komin út í heimalandi þeirra Svíþjóð og er væntanleg í Danmörku í mars. Í bókinni fjallar Gabrielsson um 32 ára samband sitt og Larssons og hinn vinsæla Millennium-þríleik. Einnig ræðir hún um stirð samskipti sín við fjölskyldu Larssons. Forlagið Bjartur, sem hefur gefið út bækur Larssons hér á landi, fékk afrit bókar Gabrielsson í hendurnar fyrir nokkru en hefur ákveðið að gefa hana ekki út. Ástæðan sem forlagið gefur upp er að flest það sem kemur þar fram hefur áður birst opinberlega og því þótti útgáfan ekki heppileg, þrátt fyrir vinsældir Stiegs .

- sh, fb

Mest lesið VISIR.IS

1. Ætlaði að syngja lag í forkeppni Eurovision
2. Bráðsmitandi pest með svæsnum uppköstum og...
3. Varasamt að senda SMS – datt ofan í gosbrunn
4. Staðgöngumóðir Jóels fékk 300 þúsund
5. Endurlífga útdauða tegund

TÖKUM HÖNDUM SAMAN OG STYÐJUM STRÁKANA OKKAR TIL SIGURS!

Hringdu núna í síma 907 1020 og þú styrkir HM liðið okkar um 2.000 kr.